

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2006

Dómareifanir

2. hefti 2006 (júlí – desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Oddný Mjöll Arnardóttir
Skúli Magnússon

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2006 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
Dreifing Háskólaútgáfan
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu
Prentun Gutenberg

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Á árinu 2006 kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp 1560 dóma. Í þessu hefti birtast reifanir úr völdum dómum dómstólsins frá seinni helmingi ársins. Eins og endranær eru valdir dómur sem hafa sérstakt fordæmisgildi fyrir túlkun sáttmálans eða fjalla um málefni sem kunna að hafa þýðingu fyrir túlkun eða framkvæmd íslenskra laga. Vinna við reifanir dóma í þessu hefti var í höndum laganemanna Hildigunnar Hafsteinsdóttur, Írisar Lindar Sæmundsdóttur og Maríu Rúnar Bjarnadóttur. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Mannréttindadómstóllinn tók rökstudda frávísunarákvörðun í einu kærumáli gegn íslenska ríkinu á síðasta ári en enginn dómur var kveðinn upp í máli gegn Íslandi á árinu. Þann 31. ágúst sl. vísaði dómstóllinn frá kæru Sigurðar Guðmundssonar gegn Íslandi og birtist þýðing ákvörðunarinnar hér í heild sinni. Kæran laut að því að Hæstiréttur hefði synjað beiðni kæranda um að erlendir sérfræðingar gæfu skýrslu við meðferð refsímáls fyrir réttinum og auk þess hefði lækna ráð verið vanhæft til þess að gefa umsögn í málinu. Með þessu hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar í refsímáli samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Umrætt mál vakti nokkra athygli þegar það var til meðferðar fyrir dómstólum hér á landi en þar var fjallað um hvort sannað teldist að svokallað „shaken baby syndrome“ hefði valdið dauða barns sem var í dag-gæslu hjá kæranda. Niðurstaða Mannréttindadómstólsins um frávísun er ítarlega rökstudd. Taldi dómstóllinn ekki sýnt fram á að Hæstiréttur hafi farið út fyrir það svigrúm til mats sem hann almennt nýtur samkvæmt landslögum við að ákveða hvort sönnunargögn komist að og hvaða þýðingu þau hafa. Þá taldi dómstóllinn ekki gagnrýni vert hvernig dómstólar leituðu álits lækna ráðs eða ástæðu til að draga í efa lögmæti þess hvernig ráðið er skipað samkvæmt lögum nr. 14/1942. Gaf meðferð refsímáls kæranda því ekki tilefni til gruns um að brotið hafi verið gegn 6. gr. sáttmálans.

Þessi niðurstaða er athyglisverð og leiðbeiningar til íslenskra dómstóla um hvaða atriða Mannréttindadómstóllinn lítur til þegar hann fjallar um rétt sakbornings til að leiða fram vitni sem þátt í réttlátri málsmeðferð samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Í þessu sambandi leggur dómstóllinn áherslu á það í ákvörðun sinni að það sé hlutverk innanlandsdómstóla að meta sönnunargögn sem fyrir þá eru lögð og einnig að hvaða marki sönnunargögn sem ákærðir menn vilja færa fram eigi við í málum þeirra. Með þessu áréttar Mannréttindadómstóllinn að hann er ekki áfrýjunardómstóll eða æðsta dómstig aðildarríkjanna. Í tveimur öðrum dómum sem reifaðir eru í heftinu er einnig fjallað um sönnunargögn og vitni í refsímálum sem þátt í réttlátri málsmeðferð, sbr. mál Eskelinen gegn Finnlandi og Kaste og Mathisen gegn Noregi, og hafa báðir dómarnir þýðingu við mat á því hvernig íslensk lög og framkvæmd um þessi efni uppfylla skilyrði 6. gr. sáttmálans.

Samkvæmt ársskýrslu Mannréttindadómstólsins fyrir árið 2006 bárust honum um 50500 kærur á árinu sem er 11% aukning frá árinu áður. Fjórtán kærur bárust gegn Íslandi. Til samanburðar má geta þess að árið 2005 bárust dómstólum sjö kærur gegn íslenska ríkinu, tíu kærur árið 2004 og sautján árið 2003. Hefur fjöldi íslenskra kærur-

mála verið á svipuðu bili undafarinn áratug en heildarfjöldi þeirra frá 1998 til 2006 var 73 mál. Auk framangreindrar kæru í máli Sigurðar Guðmundsonar var sex öðrum kærumálum vísað frá á síðasta ári með ákvörðun nefndar dómstólsins án sérstaks rökstuðnings en samkvæmt reglum dómstólsins eru slíkar ákvarðanir ekki birtar.

En málafjöldi Mannréttindadómstóls Evrópu eykst stöðugt. Þótt meira en 90% kærumála séu ekki metin tæk til efnismeðferðar þarfnast þau öll skoðunar og bið kær-enda eftir að fá niðurstöðu sinna mála lengist. Um síðustu áramót biðu tæplega 90 þúsund mál eftir afgreiðslu dómstólsins. Vonir voru bundnar við að 14. viðauki við sáttmálann, sem var samþykktur vorið 2004 myndi taka gildi á síðasta ári en markmið hans er að breyta verklagi dómstólsins og stytta málsmeðferðartímann. Þær vonir brugðust þar sem Rússland hefur, eitt 46 aðildarríkja að sáttmálanum, ekki enn fullgilt viðaukann. Þannig stendur eitt aðildarríki í vegi fyrir nauðsynlegum skipulagsbreytingum á starfsemi Mannréttindadómstólsins og er það óásættanlegt. Hitt er þó ljóst að breytingar samkvæmt 14. viðauka eru tæplega nægilegar til þess að leysa úr skipulagsvanda dómstólsins. Á vettvangi Evrópuráðsins er þegar byrjað að huga að fleiri leiðum til að ráða bót á þeim vanda. Þar er vafalaust mikilvægast að hvetja aðildarríki til að bregðast skjótt við áfellisdómum dómstólsins sem leiða í ljós kerfislæg vandamál í lagakerfum þeirra og leysi úr sambærilegum álitefnum heima fyrir í stað þess að þúsundir sambærilegra kæruefna frá sama ríki streymi til dómstólsins eins og reyndin er í dag. Þrátt fyrir allt, þá er það fyrst og fremst hlutverk innanlandsstofnana aðildarríkjanna, en ekki Mannréttindadómstóls Evrópu, að veita skilvirk úrræði og gera úrbætur vegna mannréttindabrota.

Björg Thorarensen




Efnisyfirlit

2. hefti 2006 (júlí - desember)

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi	9
Markovic o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 14. desember 2006 (sjá reifun undir 6.gr.) ..	9
 3. gr. Bann við pyndingum	 9
Ramirez Sanchez gegn Frakklandi. Dómur frá 4. júlí 2006	9
<i>Aðbúnaður fanga. Einangrun. Endurskoðun stjórnvaldsákvörðunar</i>	9
Jalloh gegn Þýskalandi. Dómur frá 11. júlí 2006	12
<i>Þvinguð lækni meðferð. Öflun sönnunargagna. Réttur til að fella ekki sök á sjálfan sig</i>	12
Wainwright gegn Bretlandi. Dómur frá 26. september 2006 (sjá reifun undir 8.gr.)	14
Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu. Dómur frá 12. október 2006	15
<i>Hælisleitendur. Varðhald. Brottvísun. Börn. Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna</i>	15
 5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	 18
Saadi gegn Bretlandi. Dómur frá 11. júlí 2006	18
<i>Hælisleitendur. Varðhald. Upplýsingar um ástæður handtöku</i>	18
Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu. (sjá reifun undir 3.gr.)	19
 6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	 20
Jalloh gegn Þýskalandi. Dómur frá 11. júlí 2006 (sjá reifun undir 3.gr.)	20
Stefanec gegn Tékklandi. Dómur frá 18. júlí 2006 (sjá reifun undir 10.gr.)	20
Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 8. ágúst 2006	20
<i>Sérfræðiálit. Vitni</i>	19
Sigurður Guðmundsson gegn Íslandi. Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 31. ágúst 2006	21
<i>Heimild til að leiða fram vitni. Sönnunargögn. Hæfi læknaáðs</i>	21
Matijasevic gegn Serbíu. Dómur frá 19. september 2006	32
<i>Yfirlýsing dómstóls um sekt. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð að lögum.</i>	32
Moser gegn Austurríki. Dómur frá 21. september 2006	33
<i>Börn. Forsjársvipting. Aðgangur að gögnum í dómsmáli. Opinber málsmeðferð</i>	33
Elo gegn Finnlandi. Dómur frá 26. september 2006	35
<i>Réttur til munnlegrar málsmeðferðar</i>	35
Marcello Viola gegn Ítalíu. Dómur frá 5. október 2006	36
<i>Réttur til að vera viðstaddur réttarhöld</i>	36
Hermi gegn Ítalíu. Dómur frá 18. október 2006	37
<i>Meðferð máls fyrir áfrýjunardómstól. Réttur til að vera viðstaddur réttarhöld</i>	37
Mamére gegn Frakklandi. Dómur frá 7. nóvember 2006	39
<i>Opinberir starfsmenn. Ærumeiðinga</i>	39
Kaste og Mathisen gegn Noregi . Dómur frá 9. nóvember 2006	41
<i>Réttur til að leiða fram vitni</i>	41

Jussila gegn Finnlandi. Dómur frá 23. nóvember 2006	42
<i>Skattamál. Refsivert brot. Réttur til munnlegrar málsmeðferðar</i>	42
Markovic o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 14. desember 2006	43
<i>Lögsaga. Alþjóðlegar stofnanir. Utanríkismál. Aðgangur að dómstólum</i>	43
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	46
Jaggi gegn Sviss. Dómur frá 13. júlí 2006	46
<i>Ákvörðun um faðerni. DNA-próf</i>	46
White gegn Svíþjóð. Dómur frá 19. september 2006	47
<i>Ærumeiðingar. Skylda til að vernda mannorð og æru. Fjölmíðlar</i>	47
Moser gegn Austurríki. Dómur frá 21. september 2006 (Sjá reifun undir 6.gr.)	48
Wainwright gegn Bretlandi. Dómur frá 26. september 2006	49
<i>Líkamsleit. Fangelsisreglur. Bótaskylda stjórnvalda</i>	49
H.K. gegn Finnlandi. Dómur frá 26. september 2006	51
<i>Börn. Forsjársvipting. Umgengnisréttur</i>	51
L.L. gegn Frakklandi. Dómur frá 10. október 2006	53
<i>Dómsmál um skilnað og forsjá. Notkun gagna með persónuupplýsingum.</i>	53
Üner gegn Hollandi. Dómur frá 10. október 2006 - Yfirdeild	54
<i>Útlendingar. Dvalarleyfi. Brottvísun. Endurkomubann</i>	54
Wallová og Walla gegn Tékklandi. Dómur frá 26. október 2006	56
<i>Börn. Svípting forsjár</i>	56
Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu. Dómur frá 12. október 2006 (sjá reifun undir 3.gr.)	57
Giacomelli gegn Ítalíu. Dómur frá 2. nóvember 2006	57
<i>Hættuleg verksmiðjustarfsemi. Friðhelgi heimilis</i>	57
Igors Dmitrijevs gegn Lettlandi. Dómur frá 30. nóvember 2006	59
<i>Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Kærufrestur. Fangar. Bréfaskipti. Raunhæf beiting kæruréttar</i>	59
Roda o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 21. nóvember 2006	61
<i>Börn. Svípting forsjár. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda</i>	61
9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	63
Moskvudeild Hjalpræðishersins gegn Rússlandi. Dómur frá 5. október 2006 (sjá reifun undir 11.gr.)	63
Igors 61Dmitrijevs gegn Lettlandi. Dómur frá 30. nóvember 2006 (sjá reifun undir 8.gr.)	63
10. gr. Tjáningarfrelsi	64
Stefanec gegn Tékklandi. Dómur frá 18. júlí 2006	64
<i>Stjórnvaldssektir. Aðgangur að dómstólum. Mótmæli. Skýrleiki lagaheimildar</i>	64
Monnat gegn Sviss. Dómur frá 21. september 2006	65
<i>Fjölmíðlar. Eftirlit með sjónvarpsrekstri</i>	65

Klein gegn Slóvakíu. Dómur frá 31. október 2006	66
<i>Blaðamenn. Ummæli um trúarleg málefni</i>	66
Leempoel o.fl. gegn Belgíu. Dómur frá 9. nóvember 2006	68
<i>Gögn í opinberri rannsókn. Birting persónulegra gagna</i>	68
Veraart gegn Hollandi. Dómur frá 30. nóvember 2006	69
<i>Lögmenn. Brot á siðareglum. Aganefnd lögmanna</i>	69
Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki (nr. 2). Dómur frá 14. desember 2006	71
<i>Fjölmiðlar. Bann við myndbirtingum</i>	71
Österreichischer Rundfunk gegn Austurríki. Dómur frá 7. desember 2006	73
<i>Kæruaðild. Opinber stofnun. Fjölmiðlar. Myndbirtingar</i>	73
11. gr. Funda- og félagafrelsi	75
Moskvudeild Hjálpræðishersins gegn Rússlandi. Dómur frá 5. október 2006	75
<i>Trúfélög. Skráning trúfélaga. Félagafrelsi</i>	75
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	77
Ramirez Sanchez gegn Frakklandi. Dómur frá 4. júlí 2006 (sjá reifun undir 3.gr.)	77
Wainwright gegn Bretlandi. Dómur frá 26. september 2006 (sjá reifun undir 8.gr.)	77
14. gr. Bann við mismunun	77
Paulík gegn Slóvakíu. Dómur frá 10. október 2006	77
<i>Faðernismál. Úrræði til að fá niðurstöðu um faðerni endurskoðaða</i>	77
Burden og Burden gegn Bretlandi. Dómur frá 12. desember 2006	79
<i>Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms</i>	79
34. gr. Kætur einstaklinga	81
Igors Dmitrijevs gegn Lettlandi. Dómur frá 30. nóvember 2006 (sjá reifun undir 8.gr.)	81
Österreichischer Rundfunk gegn Austurríki (sjá reifun undir 8.gr.)	81
35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt	81
Markovic o.fl. gegn Ítalíu. Dómur frá 14. desember 2006 (sjá reifun undir 6.gr.)	81
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	81
Edwards gegn Möltu. Dómur frá 24. október 2006	81
<i>Leigunám. Endurgjald. Ákvörðun bóta frestað.</i>	81
Burden og Burden gegn Bretlandi. Dómur frá 12. desember 2006 (sjá reifun undir 8.gr.)	82



1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

Markovic o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 14. desember 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 1398/03

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Lögsaga. Alþjóðlegar stofnanir. Utanríkismál. Aðgangur að dómstólum.

3. gr. Bann við pyndingum

Ramirez Sanchez gegn Frakklandi

Dómur frá 4. júlí 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 59450/00

3. gr. Bann við pyndingum

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Aðbúnaður fanga. Einangrun. Endurskoðun stjórnvaldsákvörðunar.

1. Málsatvik

Kærandi, Ilich Ramirez Sanchez, betur þekktur sem „sjakalinn“, er ríkisborgari Venesúela, fæddur 1949 og afplánar fangelsisrefsingu í Frakklandi. Hann var dæmdur í ævilangt fangelsi árið 1997 fyrir manndráp. Frá því í ágúst 1994 fram til októbermánaðar 2002, eða í rúm átta ár, var kæranda haldið í einangrun með vísan til þess að hann væri hættulegur fangi, þörf væri á að halda uppi lögum og reglum í fangelsinu og einnig væri hættu á að hann reyndi að flýja. Í hvert sinn sem einangrunarvist hans var framlengd á þessum tíma gekkst kærandi undir lækni- og sálfræðingum en frá því í júlí 2000 neituðu læknar að staðfesta að hann væri nægilega hraustur til að þola einangrun. Einangrun kæranda fól í sér að hann dvaldist í 6,84 fm klefa sem að hans sögn var í niðurníðslu og illa loftræstur. Hann hefði engin samskipti haft við fangaverði eða aðra fanga. Hann hefði aðeins fengið að yfirgefa klefann í tvær klukkustundir á dag og eina afþreyingu hans hefði verið að lesa tímarit og horfa á sjónvarp. Einu heimsóknirnar sem hann fékk hefðu verið frá lögmönnum hans auk þess sem prestur kom til hans mánaðarlega. Hin 17. október 2002 var kærandi fluttur í annað fangelsi þar sem hann var í almennri gæslu fram til 18. mars 2004. Í kjölfar sjónvarpsviðtals þar sem hann sagðist ekki iðrast vegna fórnarlamba hryðjuverka sem hann hafði framið, var hann aftur fluttur um fangelsi og settur í einangrun á ný. Frá 18. mars 2004 til 5. janúar 2006 dvaldi kærandi í einangrun í þremur fangelsum, en frá 5. janúar 2006 hefur hann verið í almennri gæslu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með framlengdri einangrunarvist, frá 15. ágúst 1994 til 17.

3. gr. Bann við pyndingum

október 2002 og aftur frá 18. mars 2004 til 6. janúar 2006, hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Jafnframt taldi hann að yfirvöld hefðu brotið gegn 13. gr. sáttmálans með því að fylgja ekki réttum reglum við ákvörðun um að framlengja einangrunarvistina.

Niðurstaða deildar

Deildin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr. sáttmálans en hins vegar hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 13. gr. Í kjölfarið fór kærandi fram á að málinu væri vísað til yfirdeildar samkvæmt 43. gr. sáttmálans.

Niðurstaða yfirdeildar

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi rétt að takmarka umfjöllun sína við þær aðstæður sem kærandi hefði búið við á árunum 1994–2002, enda lægju ekki fyrir nein gögn um aðstæður kæranda í einangrunarvistinni frá 2004–2006. Dómstóllinn tók fram að jafnvel við erfiðar aðstæður, þegar baráttan gegn hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi stæði sem hæst, væri sáttmálinn skýr hvað varðaði bann gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Þá sýndi dómstóllinn skilning á erfiðri aðstöðu franska yfirvalda sem hefðu metið það svo að sérstakra öryggisráðstafana væri þörf vegna fanga sem hefði verið talinn hættulegasti hryðjuverkamaður heims á áttunda áratugnum, og hefði aldrei sýnt neina iðrun. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar aðbúnað kæranda meðan á einangrunarvist stóð. Kærandi hefði verið hafður í nægjanlega stórum klefa, þar sem var rúm, borð, hreinlætisaðstaða og gluggi. Hann hefði haft aðgang að bókum, dagblöðum og sjónvarpi. Þá hefði hann fengið að fara út í fangelsisgarðinn í tvo tíma á dag og jafnframt að nýta sér æfingasal í eina klukkustund daglega. Þessi aðbúnaður þótti í samræmi við evrópskar reglur um fangelsi og af hálfu Evrópu-nefndar um varnir gegn pyndingum sem kom fangelsið í maí 2000 voru ekki gerðar neinar athugasemdir við hann. Hvað varðaði heimsóknir til kæranda tók dómstóllinn fram að lækni hefði vitjað hans vikulega og prestur mánaðarlega, auk tíðra heimsókna frá lögfræðingum hans. Á fjórum árum og tíu mánuðum hefði einn lögmanns hans og núverandi eiginkona komið 640 sinnum í heimsókn. Aðrir lögfræðingar hans hefðu komið 860 sinnum á innan við átta ára tímabili. Þá væru engin höft sett á heimsóknir frá fjölskyldu kæranda, en hún hefði hins vegar aldrei óskað eftir heimsóknarleyfi. Eina heimsóknarbeiðnin sem hefði verið synjað á þessum tíma hefði verið frá blaðamönnum. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn kæranda ekki hafa sætt algerri einangrun, heldur einungis að hluta.

Dómstóllinn tók fram að aðgreining kæranda frá öðrum föngum og fangavörðum fæli ekki, ein og sér, í sér ómannúðlega meðferð. Algengt væri að öflugri öryggisúræðum væri beitt vegna hættulegra fanga, til að koma í veg fyrir flótta þeirra og óeirðir og uppþot innan veggja fangelsa. Jafnlangri framlengingu á einangrunarvist og beitt hefði verið í tilviki kæranda mætti þó aðeins beita í undantekningartilvikum og að gættum varúðarsjónarmiðum. Jafnframt þyrftu sérstakar ástæður að liggja að baki svo langri

3. gr. Bann við pyndingum

einangrun. Þá tók dómstóllinn fram að farið hefði verið að öllum reglum við ákvarðanatöku um framlengingu einangrunarvistar kæranda. Hann hefði reglulega farið í lækni-skoðun og þó að læknað væru ekki samþykkir einangrunarvist hans frá því í júlí 2000, þá hefðu þeir ekki talið að vistin hefði haft skaðleg áhrif á heilsu kæranda. Kærandi hefði sjálfur staðhæft að hann væri við góða andlega og líkamlega heilsu. Dómstóllinn tók þó skýrt fram, að jafnvel þegar um einangrun að hluta væri að ræða mætti hún ekki vara án tímatakmarkana. Þá væri nauðsynlegt að fangar hefðu aðgang að dómstólum til að fá úrlausn um framlengingu einangrunarvistar. Einnig væri æskilegt að leita annarra lausna fyrir hættulega fanga sem hentaði ekki að vera í hefðbundinni fangavist. Dómstóllinn fjallaði sérstaklega um það að kærandi hefði verið fluttur aftur í einangrun eftir viðtal, þar sem hann neitaði að sýna iðrun vegna fórnarlamba glæpa sinna. Það hefði því verið markmið yfirvalda að finna lausn sem hentaði kæranda, fremur en að niðurlægja hann með framlengdri einangrunarvist. Þá sýndi dómstóllinn skilning á áhyggjum yfirvalda af því að kærandi gæti reynt að hafa samskipti við hryðjuverkahóp sinn eða undirbúið flóttu úr fangelsinu.

Þótt dómstóllinn teldi að langtímaáhrif einangrunarvistar kæranda gætu verið skaðleg, varð það niðurstaða hans að ekki hefði verið um ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð að ræða í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Árið 1996 skaut kærandi til stjórnsludómstóls ákvörðun fangelsisýfirvalda um einangrunarvist hans. Kærinni var vísað frá með þeim rökum að um ræddi innanhússákvörðun fangelsisýfirvalda og slíkar ákvarðanir yrðu ekki bornar undir dómstóla. Dómstóllinn benti á að þessari skipan hefði verið breytt í júlí 2003 og nú mætti skjóta ákvörðunum af þessu tagi til dómstóla. Það var því niðurstaða dómstólsins að með því að kærandi hafði engin raunhæf úrræði samkvæmt frönskum lögum til að mótmæla ákvörðun fangelsisýfirvalda, hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 13. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 10.000 evrur í málskostnað en ekki var gerð krafa um skaðabætur.

Fimm dómara skiluðu séráliti.

3. gr. Bann við pyndingum

Jalloh gegn Þýskalandi

Dómur frá 11. júlí 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 54810/00

3. gr. Bann við pyndingum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Þvinguð lækni meðferð. Öflun sönnunargagna. Réttur til að fella ekki sök á sjálfan sig.

1. Málsatvik

Kærandi, Abu Bakah Jalloh, er ríkisborgari Sierra Leone, fæddur 1965 og búsettur í Köln. Hinn 29. október 1993 sáu óeinkennisklæddir lögreglumenn kæranda taka tvo litla plastpoka úr munni sínum og afhenda þá manni gegn greiðslu peninga. Vegna grunsemnda um að pokarnir innihéldu fíkniefni handtöku lögreglumennirnir kæranda. Meðan á handtökunni stóð glepti kærandi poka sem var enn í munni hans. Þar sem engin fíkniefni fundust á honum við handtöku skipaði saksóknari svo fyrir að honum skyldi gefið inn uppsölulýf. Kærandi var því næst fluttur á sjúkrahús. Þar sem hann neitaði að taka inn uppsölulýf héldu fjórir lögreglumenn honum með valdi meðan læknir gaf honum saltlausn og rötarsýróp í gegnum slöngu. Jafnframt sprautaði læknirinn kæranda með ákveðinni tegund morfíns til að koma af stað uppköstum. Í kjölfar þessa kastaði kærandi upp poka sem í voru 0,2182 grömm af kókaíni. Skömmu síðar var hann skoðaður af lækni sem taldi hann nægilega vel á sig kominn til að þola gæsluvarðhald. Tveimur tímum eftir að honum voru gefin lyfin sagði kærandi, á lélegri ensku, en hann talaði enga þýsku, að hann væri of þreyttur til að gefa skýrslu um meint afbrot sín. Hinn 30. október 1993 var kærandi ákærður fyrir dreifingu eiturlyfja. Lögmaður hans hélt því fram að sönnunargögn gegn honum hefðu verið fengin á ólöglegan hátt og væru því ótæk fyrir rétti. Jafnframt hefðu lögreglumennirnir og læknirinn valdið kæranda líkamlegum skaða með því að neyða hann til að taka inn uppsölulýf. Þá væri það brot gegn þýskum hegningarlögum að gefa mönnum inn eiturfni, auk þess sem aðgerðin hefði verið óþörf samkvæmt sömu lögum þar sem hægt hefði verið að bíða þess að efnið skilnaði sér úr líkama kæranda með eðlilegum hætti. Hinn 23. mars 1994 var kærandi sakfelldur í héraðsdómi fyrir dreifingu fíkniefna og dæmdur í eins árs skilorðsbundið fangelsi. Áfrýjun hans bar ekki árangur að öðru leyti en því að refsing hans var stytta um sex mánuði. Þýski stjórnlagadómstóllinn taldi sig ekki geta tekið málið fyrir þar sem ekki hefði verið neytt allra úrræða sem þýskir dómstólar byðu upp á. Þá var það niðurstaða dómstólsins að aðgerðir lögreglu gagnvart kæranda vektu ekki álítaefni um brot á þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem vernduðu menn gegn vanvirðandi meðferð eða réttinum til að fella ekki á sig sök.

3. gr. Bann við pyndingum

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að hann hefði verið þvingaður til að taka inn uppsölulyf og gagna gegn honum því aflað á ólöglegan hátt, að hans mati. Þá hélt hann því fram að brotið hefði verið á rétti hans til að fella ekki sök á sjálfan sig. Kærandi byggði á 3., 6. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Deild dómstólsins ákvað þann 1. febrúar 2005 að eftirláta yfirdeild lögsögu í málinu samkvæmt 30. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að í raun væri ekkert í sáttmálanum sem bannaði valdbeitingu með aðstoð læknis í þeim tilgangi að greiða fyrir rannsókn afbrota. Hins vegar væri þörf mikillar aðgæslu ef hrófla ætti við líkamlegri friðhelgi manna í þeim tilgangi að afla sönnunargagna. Dómstóllinn gerði sér grein fyrir þeim vanda sem stöðjaði að aðildarríkjunum í viðleitni þeirra við að draga úr dreifingu eiturlyfja. Hins vegar hefði verið ljóst í þessu máli að kærandi geymdi fíkniefni í munni sínum. Dómstóllinn var ekki sannfærður um að uppsölulyfin hefðu verið nauðsynleg til að afla gagna í málinu. Yfirvöld hefðu allt eins getað beðið eftir því að efnin skiluðu sér á eðlilegan hátt úr líkama kæranda. Þá tók dómstóllinn fram að hvorki málsaðilar né sérfræðingar væru sammála um það hvort inntaka uppsölulyfjanna væri hættuleg. Hins vegar hefði þessi aðferð áður leitt til dauða tveggja manna í Þýskalandi, og því var dómstóllinn ekki sannfærður um að hætta á heilsutjóni væri hverfandi. Tekið var fram að flest þýsku sambandsríkjanna, auk mikils meirihluta aðildarríkja að sáttmálanum, hefðu horfið frá því að neyða menn til inntöku uppsölulyfja, og benti það til þess að sú aðferð þætti skaðleg heilsu manna. Hvað varðaði aðferðina sem notuð var til að neyða kæranda til inntöku lyfjanna tók dómstóllinn fram að beitt hefði verið valdi sem jaðraði við ofbeldi, sett hefði verið slanga í nef kæranda til að sigrast á líkamlegri og andlegri mótspyrnu hans. Þá hefði hann einnig verið nauðugur sprautaður með uppsölulyfi. Þá yrði að taka tillit til andlegra þjáninga kæranda meðan beðið var eftir því að lyfin færu að verka. Þetta hefði valdið honum niðurlægingu og þjáningu langt umfram það sem verið hefði ef hann hefði fengið að skila eiturlyfjunum úr líkama sínum með eðlilegum hætti. Þá fjallaði dómstóllinn um að hin umdeilda aðgerð hefði farið fram á sjúkrahúsi og verið framkvæmd af lækni. Hins vegar hefði kærandi barist gegn því að taka uppsölulyfin og ekki getað tjáð sig nema á lélegri ensku. Hefði því verið ljóst að kærandi gat ekki eða vildi ekki svara spurningum læknisins, þá var ekki heldur hægt að framkvæma á honum læknisskoðun fyrir aðgerðina. Hvað varðaði langtímaáhrif þessa þá komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki væri á óyggjandi hátt hægt að rekja síðari heilsuvandamál kæranda til þess að hann var neyddur til að taka inn uppsölulyfin. Það var niðurstaða dómstólsins að þýsk stjórnvöld hefðu ráðist að líkamlegri friðhelgi kæranda gegn vilja hans. Hann hefði verið neyddur til að kasta upp, ekki í læknisfræðilegum tilgangi, heldur til að ná í gögn sem hefðu skilað sér jafnvel þó að ekki hefði verið gripið til svo íþyngjandi aðgerða. Meðferðin sem kærandi sætti hefði verið til þess fallin að valda

3. gr. Bann við pyndingum

honum ótta og örvæntingu, auk þess að vera niðurlægjandi fyrir hann. Þá hefði inntaka lyfjanna falið í sér hættu fyrir heilsu kæranda, sér í lagi þar sem sjúkrasaga hans var óþekkt. Hann hefði orðið fyrir líkamlegum og andlegum kvölum vegna þessa og meðferðin sem hann sætti var bæði ómannúðleg og vanvirðandi. Það varð því niðurstaðan að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. gr.

Um 8. gr.: Það var niðurstaða dómstólsins að í ljósi niðurstöðu hans um 3. gr. væri ekki tilefni til að taka 8. gr. sérstaklega til skoðunar.

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók til skoðunar hvort mikilvægra sönnunargagna í málinu gegn kæranda hefði verið aflað á þann hátt að bryti gegn rétti hans samkvæmt sáttmálanum. Almannahagsmunir af sakfellingu væru ekki slíkir að réttlætt gæti notkun slíkra gagna. Því hefði kærandi ekki hlotið réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Dómstóllinn taldi líka ástæðu til að taka til skoðunar þá athugasemd kæranda að með því að neyða hann til inntöku uppsölulyfja hefði verið brotið gegn þeim rétti hans að fella ekki sök á sjálfan sig. Tekið var fram að meðferðin á kæranda hefði verið ómannúðleg og vanvirðandi. Hagsmunir almennings af sakfellingu hans gætu ekki réttlætt svo íþyngjandi aðgerðir. Þá hefði kærandi við handtökuna nýtt sér þann rétt sinn að tjá sig ekki og það hefði valdið því að ekki var hægt að láta hann gangast undir læknisskoðun fyrir inntöku lyfjanna. Hefði því verið óvissa um hvort og hvernig kærandi þyldi lyfin. Einnig var litið til þess að sönnunargögnin, sem kærandi var þannig neyddur til að kasta upp, voru nauðsynleg til að ná fram sakfellingu hans. Það var álit dómstólsins að með því að leyfa framlagningu sönnunargagna sem fengin voru á þennan hátt hefði verið brotið gegn rétti kæranda til að fella ekki sök á sjálfan sig, og því hefði hann ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 6. gr.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 5.868,88 evrur í málskostnað og 10.000 evrur í miskabætur.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

Wainwright gegn Bretlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 12350/04

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Líkamsleit. Fangelsisreglur. Bótaskylda stjórnvalda.

3. gr. Bann við pyndingum

Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu

Dómur frá 12. október 2006

Mál nr. 13178/03

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hælisleitendur. Varðhald. Brottvísun. Börn. Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna.

1. Málsatvik

Kærendur, Pulchérie Mubilanzila Mayeka (f. 1970), og dóttir hennar, Tabitha Kaniki Mitunga (f. 1997), eru ríkisborgarar Kongó og búsettar í Montreal í Kanada. Mayeka kom til Kanada í september árið 2000, þar sem henni var veitt hæli sem flóttamanni og í kjölfarið ótímabundið dvalarleyfi. Eftir að henni var veitt hæli bað Mayeka bróður sinn, sem býr í Hollandi, að sækja Tabithu, sem þá var fimm ára gömul, til Kongó og annast hana uns hún gæti einnig komið til Kanada. Við komuna til Brussel, hinn 18. ágúst 2002, var Tabithu haldið eftir á flugvöllinum, þar sem hún hefði ekki meðferðis nauðsynlega pappíra til að heimila henni komu til Belgíu. Frændinn hélt hins vegar aftur til Hollands. Samdægurs skipuðu belgísk yfirvöld lögmann til aðstoðar Tabithu. Beiðni hennar um hæli í Belgíu var vísað frá og lögmaður hennar fékk engin svör við beiðni sinni um að Tabithu yrði komið fyrir hjá fósturforeldrum. Hinn 16. október komst undirréttur í Brussel að þeirri niðurstöðu að meðferðin á Tabithu samrýmdist ekki samningi SP um réttindi barnsins og fyrirskipaði að hún yrði látin laus. Sama dag var óskað eftir því við útlendingaeftirlitið að Tabitha fengi að dvelja í Belgíu meðan skorið væri úr um það hvort hún fengi landvistarleyfi í Kanada. Daginn eftir, hinn 17. október 2002, var Tabitha flutt aftur til Kongó. Hún kom í fylgd félagsráðgjafa á flugvöllinn, en þar tók lögregla við henni. Í flugvélinni voru, ásamt Tabithu, þrír fullorðnir einstaklingar frá Kongó, sem einnig hafði verið vísað úr landi. Að beiðni yfirmanns flugfélagsins sá flugfreyja um að gæta Tabithu meðan á fluginu stóð, en við komuna til Kongó voru engir úr fjölskyldu hennar til að taka á móti henni. Sama dag hringdi Mayeka til Belgíu í þeim tilgangi að tala við dóttur sína en var þá tilkynnt að henni hefði verið vísað úr landi. Í lok október 2002, eftir að forsætisráðherrar Belgíu og Kanada höfðu látið málið til sín taka, komst Tabitha svo til móður sinnar í Kanada.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið á rétti þeirra samkvæmt 3., 8. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að Tabitha, sem var aðeins fimm ára gömul, hefði verið í varðhaldi við sömu skilyrði og fullorðnir einstaklingar. Hún var vistuð í tvo

3. gr. Bann við pyndingum

mánuði í athvarfi sem var sniðið að þörfum fullorðinna. Hún var ekki með foreldrum sínum og enginn hafði verið skipaður til þess að hugsa um hana. Engar ráðstafanir voru gerðar til að tryggja henni fullnægjandi gæslu og menntun meðan á dvöl hennar stóð. Einnig tók dómstóllinn fram að Tabitha hefði verið einstaklega varnarlaus við þessar aðstæður, þar sem hún var ólöglega í ókunnu landi, viðskila við foreldra sína og fjölskyldu og þurfti að sjá um sig sjálf. Ráðstafanir belgískra yfirvalda í máli Tabithu hefðu verið langt frá því að vera fullnægjandi eða í samræmi við skyldur þeirra til að annast um barnið. Þá væri útilokað að yfirvöld gerðu sér ekki grein fyrir því hvíllíkar sálrænar afleiðingar það gæti haft í för með sér fyrir barn að vera haft í haldi á þennan hátt.

Þótti meðferð þessi jafngilda ómannúðlegri meðferð og varð því niðurstaða dómstólsins sú að brotið hefði verið á rétti Tabithu samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði rétt Mayeku við þessar kringumstæður var litið til þess að hið eina sem belgísk yfirvöld gerðu var að tilkynna henni að dóttir hennar hefði verið kyrrsett í Belgíu og jafnframt var henni látið í té símanúmer svo að hún gæti haft samband við Tabithu. Dómstólnum þótti sýnt að þessar aðgerðir belgískra yfirvalda hefðu valdið henni miklum kvíða og áhyggjum. Því var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti Mayeku samkvæmt 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að brottvísun Tabithu til Kongó væri til þess fallin að valda henni áhyggjum og streitu og bæri vott um skort á mannúð af hálfu belgískra yfirvalda gagnvart svo ungu barni. Hefði því verið brotið gegn rétti hennar samkvæmt 3. gr. með því að senda hana burt með þessum hætti.

Jafnframt komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að eins og staðið var að brottflutningi Tabithu hefði einnig verið brotið gegn réttindum móður hennar samkvæmt 3. gr. sáttmálans. Henni var ekki tilkynnt um það fyrr en eftir á að dóttir hennar væri farin frá Belgíu, og bæri það með sér að tilfinningum hennar hefði verið sýnd vanvirðing af hálfu belgískra yfirvalda.

Um 8. gr.: Ein afleiðing þess að Tabithu var haldið í Belgíu var sú að hún varð viðskila við frænda sinn. Dómstóllinn tók fram að í stað þess að stuðla að því að Tabitha gæti verið samvistum við móður sína, svo sem borið hefði að gera við þessar kringumstæður, hefðu belgísk yfirvöld beinlínis hindrað þær mæðgur í að ná saman á ný. Belgískum yfirvöldum hefði frá upphafi verið ljóst að móðir Tabithu var búsett í Kanada og hefði því átt að gera ráðstafanir í samstarfi við kanadísk stjórnvöld til að stuðla að því að Tabitha kæmist þangað sem fyrst. Þá hefði engin hætta verið á því að Tabitha reyndi að sleppa undan yfirráðum belgískra stjórnvalda og því var enginn tilgangur með því að vista hana í lokuðu athvarfi fyrir fullorðna. Jafnframt hefði slík vistun verið andstæð hagsmunum barnsins samkvæmt 3. gr. samnings SP um réttindi barnsins.

Hvað varðaði flutning Tabithu til Kongó þá var hann ekki einungis til þess fallinn að hindra hana í að vera samvistum við móður sína, heldur hefðu belgísk yfirvöld jafnframt vanrækt að tryggja það að annast yrði um hana við komuna þangað.

Því væri um að ræða brot gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Um 5. gr.: Tabithu var haldið innilokaðri í athvarfi sem ætlað var fyrir fullorðna, ólöglega innflytjendur. Þessar aðstæður hæfðu engan veginn ungum aldri hennar og því var það álit dómstólsins að réttarkerfi Belgíu hefði brugðist í þessu máli og vanrækt að vernda persónufrelsi Tabithu. Því hefði verið brotið gegn rétti hennar samkvæmt 5. gr. sáttmálans.

Þá tók dómstóllinn fram að með því að ákveða hvenær Tabitha skyldi fara til Kongó áður en niðurstaða undirréttar í máli hennar lá fyrir, hefði verið brotið gegn rétti hennar samkvæmt 4. mgr. 5. gr., enda hefðu áhrif málssóknar hennar með þessu verið höfð að engu.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 3. og 8. gr. sáttmálans. Jafnframt hefði verið brotið gegn rétti Tabithu samkvæmt 5. gr. Með vísan til 41. gr. voru kærendum dæmdar 35.000 evrur í miskabætur og 14.036 evrur í málskostnað.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Saadi gegn Bretlandi

Dómur frá 11. júlí 2006

Mál nr. 13229/03

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Hælisleitendur. Varðhald. Upplýsingar um ástæður handtöku.

1. Málsatvik

Kærandi, Shayan Baram Saadi, er íraskur ríkisborgari, fæddur 1976 og búsettur í London. Hann flúði frá Írak og lenti á Heathrow-flugvelli í London 30. desember 2000. Þar óskaði hann samstundis eftir hæli og var veitt tímabundið landvistarleyfi. Þegar hann tilkynnti sig til útlendingaeftirlits 2. janúar 2001, eins og honum hafði verið fyrirskipað að gera, var hann handsamaður og færður til móttökustöðvar fyrir útlendinga í Oakington. Hinn 5. janúar hringdi talsmaður kæranda í yfirmann innflytjendamála og var þá tjáð að réttmætt væri að halda kæranda í Oakington þar sem hann væri Íraki og skilyrði til varðhalds yfir honum væru uppfyllt. Í Oakington eru vistaðir útlendingar sem geta fengið flýtimeðferð mála sinna og eru ekki líklegir til að flýja. Beiðni kæranda um hæli var hafnað 8. janúar 2001 og var hann látinn laus daginn eftir. Hann kærði ákvörðunina og var í kjölfarið veitt hæli sem flóttamanni. Kærandi, og þrír aðrir íraskir Kúrdar sem höfðu verið haldið í Oakington, kröfðust viðurkenningar dómstóla á því að frelsissviptingin sem þeir sættu bryti gegn landslögum og 5. gr. sáttmálans. Bæði undirréttur og áfrýjunardómstóll komust að þeirri niðurstöðu að farið hefði verið að landslögum. Hvað varðaði 5. gr. sáttmálans var talið að varðhald þeirra hefði átt sér stöð í f-lið 1. mgr. 5. gr. og ekki hefði verið gengið lengra en efni stóðu til.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að hann hefði verið settur í varðhald án þess að gefnar væru ástæður fyrir frelsissviptingu hans. Hann byggði á því að brotið hefði verið gegn 1. og 2. mgr. 5. gr. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um (f-lið) 1. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að frelsissvipting kæranda frá 2. janúar hefði verið gerð í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að hann kæmist ólöglega inn í landið. Þrátt fyrir að hann hefði sótt um hæli þann 30. desember og hefði þá verið veitt tímabundin landgangslaup til eins dags í senn kom hann ekki til landsins á löglegan hátt. Þá tók dómstóllinn fram að eina skilyrðið fyrir handtöku sem byggð væri á f-lið 1. mgr. 5. gr. væri að slík handtaka væri liður í töku ákvörðunar um það hvort manni skyldi veitt dvalarleyfi eða hæli. Dómstóllinn leit svo á að frelsissvipting kæranda hefði verið framkvæmd í góðri trú sem liður í því að mál hans var tekið til flýtimeðferðar. Þá hefði honum verið sleppt um leið og beiðni hans um hæli var

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

hafnað. Dómstóllinn taldi frelsissviptinguna, sem stóð í sjö daga, ekki hafa gengið lengra en efni stóðu til og því í samræmi við f-lið 1. mgr. 5. gr.

Um 2. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að talsmaður kæranda hefði fyrst fengið upplýsingar um ástæður handtökunnar hinn 5. janúar 2001. Þá voru liðnar um 76 stundir frá því varðhald kæranda hófst. Þetta taldi dómstóllinn of miklar tafir og ekki standast áskilnað 2. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Það var niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 5. gr. sáttmálans. Hins vegar hefði verið brotið gegn 2. mgr. 5. gr. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.500 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur. Þar sem dómstóllinn leysti úr máli kæranda á grundvelli 5. gr. taldi hann ekki ástæðu til að taka 14. gr. sérstaklega til skoðunar.

Þrjár dómarar skiluðu séráliti.

Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu

Dómur frá 12. október 2006

Mál nr. 13178/03

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Hælisleitendur. Varðhald. Brottvísun. Börn. Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Jalloh gegn Þýskalandi

Dómur frá 11. júlí 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 54810/00

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Þvinguð læknismeðferð. Öflun sönnunargagna. Réttur til að fella ekki sök á sjálfan sig.

Stefanec gegn Tékklandi

Dómur frá 18. júlí 2006

Mál nr. 75615/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Sjórnavaldssektir. Aðgangur að dómstólum. Mótmæli. Skýrleiki lagaheimildar.

Vilho Eskelinen o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 8. ágúst 2006

Mál nr. 63235/00

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sérfræðialit. Vitni.

1. Málsatvik

Kærendur eru fjórir finnskir ríkisborgarar, Teuvo Eskelinen (f. 1943), Juha Ruhanen (f. 1956), Timo Kiljunen (f. 1958) og Jorma Vesterinen (f. 1944), og búa í Lappeenranta í Finnlandi.

Kærendur voru sakborningar í refsímáli þar sem þeir voru m.a. ákærðir fyrir að ljóstra upp um viðskiptaleyndarmál. Við rannsókn málsins óskaði ríkissaksóknari, sem fór með ákærvald í málinu, eftir lögfræðilegri álitagerð frá M.C., prófessor í lögum, varðandi brot sakborninganna og fékk M.C. í því skyni til skoðunar gögn málsins, þar á meðal skýrslur sakborninganna. Við meðferð málsins í undirrætti gáfu nokkur vitni skýrslu en ekki var óskað eftir því að M.C. prófessor kæmi fyrir dóm. Kærendur voru sakfelldir í undirrætti í nóvember árið 1995 og dæmdir til greiðslu sektar. Í niðurstöðu undirréttar í Lappeenranta var nokkrum sinnum vísað til fyrrnefndrar álitagerðar M.C. Kærendur áfrýjuðu niðurstöðu undirréttar í málinu. Í áfrýjunarbeiðni Juha Ruhanen, eins kæranda, var sérstaklega óskað eftir því að M.C. prófessor, auk annarra, yrði kallaður til sem vitni, þar sem kærendur hefðu ekki fengið tækifæri til þess að spyrja hann spurninga fyrir dómi. Kærendur kvörtuðu einnig yfir því að undirrætturinn hefði ekki tekið tillit til neinna yfirlýsinga þeirra vitna sem verjendur þeirra kölluðu til vegna málsins. Áfrýjunardómstóll féllst ekki á að hlýða á vitni í málinu, með vísan til þess að sönn-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

unargögn hefðu ekki verið vefngd auk þess sem fyrirkall vitna myndi ekki veita neinar nýjar upplýsingar. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu undirréttar að mestu leyti og þyngdi refsingu kæranda. Kærandur óskuðu eftir að áfrýja málinu til Hæstaréttar Finnlands á grundvelli þess að jafnræðisregla réttarfars hefði ekki verið virt þar sem dómstólar hefðu synjað beiðni um að M.C. gæfi vitnaskýrslu fyrir dómi en byggðu niðurstöðu sína engu að síður á álitserð hans. Hæstiréttur veitti ekki áfrýjunarleyfi í málinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandur kvörtuðu yfir því að meðferð málsins hefði verið óréttlát þar sem dómstólar hefðu ekki hlýtt á vitnisburð M.C. prófessors þrátt fyrir að héraðsdómur hefði byggt niðurstöðu sína á sérfræðiáliti hans. Þeir vísuðu til 1. mgr. og d-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kæran var byggð á því að álitserð M.C. hefði verið sönnunargagn í málinu. Álitserð hefði verið aflað meðan á rannsókn málsins stóð og það lagt fram meðal gagna málsins að ósk ríkissaksóknara. Aðkoma prófessorsins skýrðist af lögfræðilegri sérþekkingu hans en ekki hefði staðið til að hann bæri vitni um atvik málsins. Í samræmi við finnsk lög tekur vitnaskýrsla ekki til sérfræðinga sem vinna álit vegna mála. Einnig var ljóst að finnskir dómstólar eru ekki bundnir af sérfræðiálitum, auk þess sem dómstóllinn byggði niðurstöðu sína ekki eingöngu á álit M.C.

Í niðurstöðu sinni vísaði Mannréttindadómstóllinn til þess að einn af þáttum réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 6. gr. sáttmálans sé jafn réttur aðila máls til þess að koma að gögnum og fá að kynna sér og tjá sig um gögn sem lögð eru fram í því skyni að hafa áhrif á dómsniðurstöðu í málum þeirra. Slíkur réttur aðila hefði verið tryggður í málinu. Þá væri það ekki hlutverk Mannréttindadómstólsins að endurskoða mat innanlandsdómstóla á sönnunargögnum heldur bæri honum að kanna hvort meðferð máls væri réttlát þegar hún væri skoðuð í heild sinni, þar með talda aðferðir við sönnunarfærslu, þannig að skilyrði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans væru uppfyllt.

Dómstóllinn taldi að kærandur hefðu ekki hlotið óréttláta málsmeðferð fyrir finnskum dómstólum vegna neitunar um að kalla M.C. fyrir dóm og hefði því ekki verið brotið gegn réttindum þeirra samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Sigurður Guðmundsson gegn Íslandi.

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 31. ágúst 2006

mál nr. 31549/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Heimild til að leiða fram vitni. Sönnunargögn. Hæfi læknaáðs.

1. Málsatvik.

Kærandi, Sigurður Guðmundsson, er íslenskur ríkisborgari fæddur á árinu 1964, og

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

afplánaði fangelsisdóm á Íslandi þegar kærán var lögð fram. Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður í Reykjavík, fer með mál hans fyrir dómstólnum. Í fyrirsvari fyrir íslenska ríkið („ríkið“) er umboðsmaður þess, Þorsteinn Geirsson.

A. Aðdragandi

Samkvæmt málatilbúnaði aðila má draga atvik málsins saman á eftirfarandi hátt.

Kærandi og K, eiginkona hans, ráku á eigin vegum daggæslu fyrir börn á heimili sínu í nágrannasveitarfélagi Reykjavíkur. Miðvikudag 2. maí 2001 kl. 9 um morguninn kom móðir 9 mánaða drengs, S, með hann til kæranda og konu hans til gæslu. Nóttina áður hafði drengurinn verið óvæ, vakandi og grátgjarn. Venjulega fékk hann sér tvisvar blund að degi til, en þennan dag vildi hann ekki sofna fyrir hádegi og hafði enga matarlyst. Milli kl. 10.30 og hádegis fór kærandi á brott til að sækja fund. Kona hans var með barni þeirra og var langt komin meðgöngu, og fór hún í lækni skoðun kl. 13. Kom hún aftur heim um kl. 14 og fékk sér sæti í leikherbergi, en kærandi tók S til að láta hann fara að sofa í barnavagni, sem hafður var í bílskúrnum. Kveikt var á hljóðnema-viðvör-unartæki í bílskúrnum. Fáeinum mínútum síðar kom kærandi til baka inn í íbúðina.

Að sögn kæranda gerðist ekkert óvenjulegt þegar hann lét barnið fara að sofa. Hann lét drenginn einfaldlega í barnavagninn, og þar sofnaði hann strax. Kærandi var síðan hjá honum í nokkrar mínútur. Kona hans kvaðst ekki hafa séð eða heyrt neitt óvenjulegt meðan hún sinnti þeim börnum sem vakandi voru. Tveimur klukkustundum síðar reyndi kærandi að vekja barnið, en það var þá meðvitundarlaust. Kona hans tók það og setti það á bleyjuskjortingartoppi. Hún tók af drengnum bleyjuna, þar sem hún hafði óhreinkast. Kærandi hringdi í neyðarþjónustu og kom starfsfólk hennar á vettvang nokkrum mínútum síðar. S var færður á spítala með hraði. Hann lést að morgni föstudags 4. maí 2001.

Er formlegri krufningu var lokið 6. september 2001 voru hjónin handtekin. Í krufningarskýrslu Þ.S. réttarmeinafræðings kom fram sú niðurstaða að svonefnt heilkenni af völdum hristings („Shaken Baby Syndrome“, eða „SBS“) hefði orðið S að bana. Talið var, í fyrsta lagi, að meiðslum þeim sem virtust hafa valdið dauða barnsins hefði með vissu verið valdið innan við 48 stundum fyrir lát þess. Í öðru lagi hefði barnið misst meðvitund strax í kjölfar hinna banvænu meiðsla. Þar sem barnið hafði verið að leik í leikherbergi þegar eiginkona kæranda kom heim hlyti meiðslunum að hafa verið valdið þegar kærandi lét barnið fara að sofa.

Kærandi var síðan ákærður fyrir brot á 215. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa hrist barnið með svo ofsafengnum eða öðrum hætti að það olli því bana. Honum og K voru einnig gefin að sök brot í rekstri daggæslu sinnar með því að hafa tekið að sér gæslu fleiri barna (21) en þau höfðu leyfi til (12). Þeim þætti málsins verða ekki gerð nánari skil hér á eftir.

Áður en málið var flutt í Héraðsdómi Reykjaness aflaði ríkissaksóknari álitis lækna-ráðs um skýrslu réttarmeinafræðingsins og staðfesti ráðið niðurstöður skýrslunnar.

Mikið magn skjala var lagt fyrir héraðsdóm, svo sem umfangsmikil rannsóknar-gögn lögreglu, lögregluskýrslur, skjöl réttarmeinafræðilegs efnis, og ljósrit úr lækna-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

tímaritum samkvæmt skrá er fylgdi krufningarskýrslu í viðhengi. Kærandi og K gáfu skýrslur, svo og tólf vitni, þar á meðal öll þau vitni sem vörnin kallaði eftir. Sérfræðingarnir K.K., Þ.S. og Ó.T., sem allir voru kvaddir til að ósk ákærvaldsins, veittu einnig munnlegar skýrslur og svöruðu spurningum.

Að því er kærandi segir minnst hvorki réttarmeinafræðingurinn, læknar þeir sem stunduðu drenginn eða lækna ráð í fyrsta álitinu á þann ágreining sem ríkir um „Shaken Baby Syndrome“ í heimi læknavísindanna.

Í dómi sínum hinn 1. mars 2002 sakfelldi héraðsdómur kæranda á grundvelli þess sem sérfróð vitni ákærvaldsins höfðu fært fram og álits lækna ráðs, og dæmdi hann til 3 ára fangelsisvistar fyrir að hafa hrist S til bana. Hann var einnig dæmdur til að greiða kr. 1.000.000 í sektir og til að greiða foreldrum S bætur.

Kærandi, sem nú hafði fengið annan lögmann til fyrirsvars, þann sama og fer með kærómál hans fyrir Mannréttindadómstólnum, áfrýjaði síðan sakfellingar- og refsisdómi sínum til Hæstaréttar. Í tengslum við það sendi verjandi hans skýrslu Þ.S. meinafræðings allmörgum erlendum læknum og réttarmeinafræðingum til athugunar, og komu átta þeirra fram með athugasemdir sem að sögn kæranda bentu til sakleysis hans. Væri dánarorsök S háð miklum vafa, þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að hún tengdist „Shaken Baby Syndrome“ frekar en einhverju öðru.

Í bréfi til Hæstaréttar dagsettu 7. október 2002 kvaðst ríkissaksóknari telja nauðsynlegt að leitað yrði til lækna ráðs að nýju áður en lokadómur yrði kveðinn upp um efni málsins, til að leita svars við því hvort áður nefnd læknafræðileg álit fjögurra hinna erlendu sérfræðinga, er lögmaður kæranda hafði lagt fram, breyttu, að því leyti sem þau vörðuðu meinta dánarorsök barnsins, í einhverju fyrri niðurstöðum ráðsins sem lagðar höfðu verið fyrir héraðsdóm. Ríkissaksóknari taldi upp 7 spurningar sem hann áleit að leggja bæri fyrir lækna ráð, og sagði enn fremur:

„Jafnframt leyfir ríkissaksóknari sér að bera fram þá ósk við Hæstarétt Íslands að rétturinn beini erindi til [Þ.S.] réttarmeinafræðings, með spurningu um hvort skrif hinna fjögurra manna, sem nafngreindir eru hér að framan, ábendingar þeirra og athugasemdir sem lúta að ætlaðri dánarorsök barnsins [S], breyti í einhverjum atriðum ályktun hennar í krufningarskýrslu um dánarorsök barnsins, sbr. bls. 427-444 í ágrípi, allt að teknu tilliti til atriða sem tilgreind eru undir liðum 1-7 hér að framan.

Þyki ekki unnt að verða við þessari beiðni er þess óskað að ákærvaldinu verði gefið tækifæri til að leiða [Þ.S.] til vitnisburðar fyrir Hæstarétti um krufningu á barninu [S] og ætlaða dánarorsök barnsins.“

Hinn 10. október 2002 framsendi Hæstiréttur lögmanni kæranda bréf ríkissaksóknara frá 7. október, og veitti honum tækifæri til að gera við það athugasemdir innan tveggja vikna.

Hinn 10. október 2002 svaraði lögmaður kæranda og óskaði þess að lagðar yrðu fyrir lækna ráð 16 spurningar er settar voru fram í bréfinu hans. Í bréfinu sagði enn fremur:

„Vegna þess erindis ríkissaksóknara til Hæstaréttar, um að beina fyrirspurnum til lækna ráðs, þá vill undirritaður minna á að samkvæmt 5. gr. laga um lækna ráð getur enginn lækna ráðsmanna átt atkvæðisrétt um mál sem hann hefur áður tekið afstöðu til, persónulega eða í

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

embættisnafni. Niðurstöður þeirra álitsgerða sem ríkissaksóknari vísar til í bréfi sínu hnekkja umsögn réttarmáladeildar læknaáðs frá 16. nóvember 2001 að miklu leyti. Með því að óska eftir umsögn um álitsgerðir hinna erlendu sérfræðinga, er í raun verið að fara fram á að ráðið veiti umsögn um sína eigin niðurstöðu. Sett er spurningarmerki við hversu eðlilegt slíkt er. Verjandi telur það alltént ljóst að allir þeir læknaáðsmenn sem þátt tóku í afgreiðslu ráðsins þann 14. desember 2001 á fundargerð réttarmálanefndar frá 16. nóvember séu vanhæfir til að taka þátt í atkvæðagreiðslu um umsögn við spurningum ríkissaksóknara, verjanda og e.a. virðulegs réttarins.

Í niðurlagi bréfs ríkissaksóknara er borin fram sú ósk að [P.S.] verði látin svara því hvort ástæða sé til að breyta niðurstöðu krufningskýrslunnar vegna umsagna hinna erlendu sérfræðinga. Er því beint til réttarins, sé ekki unnt að verða við þeirri beiðni að hún svari skriflega, að hún gefi skýrslu fyrir réttinum. Taki Hæstiréttur þá ákvörðun að kalla [P.S.] til að gefa skýrslu fyrir réttinum, þá krefst verjandi þess að gætt verði jafnræðis að þessu leyti og að verjandi fái að kalla til einhvern hinna erlendu sérfræðinga sem hafa látið í ljós álit á krufningskýrslu ákærvaldsins.“

Hinn 22. október 2002 ákvað Hæstiréttur, í ljósi þess að álit og niðurstöður P.S. meinafræðings voru ráðandi þáttur í mati héraðsdóms, og þess að fyrrnefnd læknisfræðileg skrif hefðu einkum verið lögð fram til að vefengja þær niðurstöður, að leggja fyrir læknaáð að veita rökstudd svör við 10 tilgreindum spurningum.

Hinn 23. október 2003 beindi ríkissaksóknari, án þess að biða ákvörðunar Hæstaréttar, sjö spurningum til P.S. réttarmeinafræðings, sem að efni til voru þær sömu og fyrstu sjö spurningar Hæstaréttar til læknaáðs. Hún svaraði þeim 11. desember 2002, og var niðurstaða hennar að álit hinna erlendu sérfræðinga breyttu ekki ályktun hennar í þeirri krufningarskýrslu sem þegar lá fyrir.

Hinn 16. janúar 2003 svaraði læknaáð öllum spurningunum og staðfesti fyrri niðurstöður sínar, en ráðsmenn voru þá þeir sömu og í fyrra sinn. Svári ráðsins fylgdu umsagnir tveggja augnlækna, E.S og E.G., frá 6. desember 2002.

Hinn 11. mars 2003 lagði verjandi fram viðbótarathugasemdir um „Shaken Baby Syndrome“, og vefengdi röksemdir ríkissaksóknara.

Fyrir Hæstarétti var því haldið fram af hálfu ákærða að ekki væri unnt að ákvarða dánarorsök S með neinni vissu, þar sem hún væri miklum vafa undirorpin og ekki hefði fengist nein læknisfræðileg sönnun fyrir því að „Shaken Baby Syndrome“ hefði valdið dauða hans fremur en eitthvað annað. Í því sambandi vísaði kærandi einkum til umsagna hinna erlendu sérfræðinga. Þær samanstóðu í fyrsta lagi af álitsgerðum fjögurra erlendra sérfræðinga sem verjandi ákærða hafði sent skjöl varðandi krufningu S og heilsufar hans, og viðbótarálitum þriggja þeirra eftir að frekari svör höfðu borist frá P.S. réttarmeinafræðingi við spurningum ríkissaksóknara. Í öðru lagi voru lögð fram álit annarra fjögurra sérfræðinga, sem fengið höfðu sömu gögn til athugunar.

Að afloknum munnlegum málflutningi, þar sem ríkissaksóknari og lögmaður ákærða tóku tvisvar til máls, staðfesti Hæstiréttur sakfellingu héraðsdóms, en mildaði refsingu ákærða í 18 mánaða fangelsi.

Í dómi sínum byggði rétturinn á álitum læknaáðs og hafnaði hinum skriflegu álitum hinna erlendu sérfræðinga sem ágiskunum og vangaveltum. Í dómi sínum tók Hæsti-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

réttur fram að ákærði hefði ekki neytt þeirra réttarfarsúræða, sem gert er ráð fyrir í 63. gr. laga um meðferð opinberra mála, að fá dómkvadda kunnáttumenn til að framkvæma matsgerð í því skyni að hnekkja þeim læknisfræðilegu ályktunum, sem fyrir lágu í málinu af hálfu innlendra lækna og sérfræðinga. Gagnaöflun ákærða hefði leitt til þess, að Hæstiréttur taldi rétt að leita frekara álits læknaáðs en þegar lá fyrir í málinu að fyrirlagi ríkissaksóknara, en þann úrkost hefðu dómstólar samkvæmt 2. gr. laga nr. 14/1942 um læknaáð („læknaáðslaga“). Læknaáð hefði með rökstuddri umsögn hafnað því, að skýringa á dauða S væri að leita í ungbarnaskyrbjúg eða „Barlow’s disease“, ofnæmisheilabólgu, augnsjúkdómi, blæðingasjúkdómi eða krónískri heila-blæðingu, afleiðingum bólusetninga, flogaveiki móður og notkun hennar á lyfinu Tegretol eða meltingarfærasýkingu, sem hefði haft í för með sér blóðeitrun, sem leitt hafi til bráðs skyrbjúgs og blæðingar. Jafnframt staðhæfði læknaáð sérstaklega aðspurt, að allar tiltækar rannsóknir hefðu verið gerðar til að útiloka aðrar dánarorsakir en þá, sem fram kom í krufningarskýrslunni. Ríkissaksóknari hefði beint efnislega samhljóða spurningum til Þ.S. réttarmeinafræðings í tilefni af skrifum hinna erlendu sérfræðinga, og fullt samræmi væri milli svara hennar og læknaáðs.

B. Landslög og réttarframkvæmd

Í þeim ákvæðum laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, sem hér er um að ræða, segir:

63. gr.

„1. Dómari getur eftir ósk aðila eða af sjálfsdáðum dómkvatt kunnáttumenn, einn eða fleiri, til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir í opinberu máli.

2. Ef maður hefur opinbera skipun eða löggildingu til að framkvæma mats- eða skoðunargerðir getur dómari eða aðili snúið sér beint til hans, ef honum er skylt að framkvæma gerðina eða er fús til þess.“

157. gr.

„1. Mál skal að jafnaði flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Hæstiréttur getur þó ákveðið að mál verði skriflega flutt ef sérstakar ástæður mæla með því. Hæstiréttur getur einnig ákveðið að mál verði dómtekið án sérstaks málflutnings ef samhljóða óskir koma fram um það frá aðilum eða dómi er aðeins áfrýjað um ákvörðun viðurlaga.

...

3. Hæstiréttur getur ákveðið að munnleg sönnunarfærsla fari þar fram í þeim mæli sem hann telur þörf, enda þyki honum í ljósi atvika ástæða til að ætla að sú sönnunarfærsla geti haft áhrif á úrslit máls.“

159. gr.

.....

4. Hæstiréttur getur ekki endurmetið niðurstöðu héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar nema hlutaðeigandi vitni eða ákærði hafi gefið skýrslu þar fyrir dómi.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

5. Nú telur Hæstiréttur líkur fyrir að niðurstaða héraðsdómara um sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir dómi kunni að vera röng svo að einhverju skipti um úrslit máls og vitni eða ákærði sem eiga í hlut hafa ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti og getur þá Hæstiréttur fellt úr gildi héraðsdóm og meðferð málsins í héraði í þeim mæli að munnleg sönnunarfærsla geti farið þar fram eftir þörfum og leyst verði úr máli á ný.“

Í tengslum við ofanrituð lagaákvæði vakti ríkið athygli dómstólsins á tveimur dómum Hæstaréttar, öðrum frá 3. september 2002 og hinum frá 12. september 2005, sem báðir voru kveðnir upp í einkamálum.

Í síðari dóminum gerði Hæstiréttur eftirfarandi athugasemdir í forsendum sínum:

„Í greinargerð varnaðila fyrir Hæstarétti kemur meðal annars fram að hann telji umbeðna matsgerð hafa þýðingu fyrir málsvörn sína. Í ljósi þeirra afdrifaríku afleiðinga, sem niðurstaða krufningarskýrslu kann að geta haft við úrlausn málsins, verður varnaðila ekki meinað að leita álits fleiri kunnáttumanna, en fyrir slíkri meðferð máls er viðhlítandi heimild í 1. mgr. 63. gr. laga nr. 19/1991 og 3. mgr. 65. gr. sömu laga, sbr. IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber því að verða við kröfu varnaðila um að frekari matsgerðar verði aflað. Verður lagt fyrir héraðsdómara að dómkveðja samkvæmt fyrrgreindri beiðni varnaðila tvo hæfa kunnáttumenn til að svara þeim spurningum, sem þar greinir.“

Í fyrri dóminum sagði Hæstiréttur:

“Samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 um læknaáð lætur það meðal annars dómstólum í té umsögn um læknisfræðileg efni ef leitað er eftir því með úrskurði dómara. Í þessu tilliti verður hlutverki læknaáðs jafnað til þess, sem matsmaður hefði annars með höndum eftir almennum reglum IX. kafla laga nr. 91/1991, sbr. að nokkru 3. mgr. 60. gr. þeirra laga. Að því leyti, sem lög mæla ekki á annan veg, eru ekki efni til annars en að beita þeim almennu reglum um þá menn, sem standa að umsögn læknaáðs. Matsmanni ber samkvæmt 65. gr. laga nr. 91/1991 að koma fyrir dóm samkvæmt kröfu málsaðila til að gefa skýrslu til skýringar á matsgerð og um atriði, sem tengjast henni, en um þá skýrslugjöf gilda reglur um vitni í VIII. kafla sömu laga eftir því, sem þær geta átt við. Í lögum nr. 14/1942 eru engin fyrirsmæli um að menn, sem sæti eiga í læknaáði, séu lausir undan slíkri skyldu til að koma fyrir dóm.“

Í lögum um læknaáð, nr. 14/1942, eru m.a. svofelld ákvæði:

2. gr.

„Það er hlutverk læknaáðs að láta dómstólum, ákærvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

Læknaáð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

Læknaáð lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða annarra þvífkra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

Læknaáð lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnarráðstafanir.“

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

3. gr.

„Læknaráðið lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

Læknaráð lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggi fyrir álitserð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

Læknaráð lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggi fyrir álitserð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrslu lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannlát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.“

4. gr.

„Rétt er, að læknaráð leiti jafnan álitserfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

Mál, er varða sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. mgr. 2. gr.), skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir aðila, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.“

5. gr.

„Enginn læknaráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.“

2. Kæran

Kærandi taldi að synjun Hæstaréttar á beiðni hans um að rétturinn kveddi tiltekna erlenda sérfræðinga til að veita þar munnlega skýrslu hefði verið andstæð 6. gr. sátmálans. Lagði hann áherslu á að málið væri fyrsta „Shaken Baby Syndrome“ málið á Íslandi, og hefði komið upp þegar hvorki læknar né lögfræðingar bjuggu yfir nokkurri reynslu til að fást við slíkt. Hann kvartaði einnig undan því að þar sem hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur kvaddi neina læknaráðsmenn til skýrslugjafar hefði hann ekki fengið tækifæri, annaðhvort sjálfur eða gegnum lögmann sinn, til að spyrja þau „lykilvitni“. Sá möguleiki að leggja til við Hæstarétt að skriflegar spurningar yrðu lagðar fyrir ráðið veitti ekki fullnægjandi tryggingu fyrir réttlátri málsmeðferð. Ráðið hefði aðeins verið spurt fárra þeirra spurninga sem kærandi hefði lagt til. Það hefði ekki rökstutt svör sín við nokkrum grundvallarspurningum; til dæmis hefði þeirri spurningu hvort hristingur einn sér gæti valdið banvænum heilaskaða verið svarað játandi, án þess að nein rök væru fyrir því færð. Enn fremur hlytu svör ráðsins að mótast af því, að ráðið var skipað sömu mönnum og áður létu í ljós álit, sem héraðsdómur lagði til grundvallar sakfellingu kæranda.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

3. Lagaatriði

Kærandi kvartaði undan því að málarekstur sá sem leiddi til sakfellingar hans í Hæstarétti Íslands hefði brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, sem að því leyti sem hér skiptir máli er svohljóðandi:

„Þegar kveða skal á um ... sök, sem [maður] er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar ... málsmeðferðar ... fyrir ... dómstóli.“

Ríkið vefngdi þetta og fór þess á leit að kærunni yrði vísað frá þar sem leiðréttingar hefði ekki verið leitað til hlítar í heimalandinu eða þar sem kærán væri augljóslega illa grunduð.

A. Sjónarmið aðila

1. Kærandi

Kærandi vísaði til ofangreinds ákvæðis og kærði að Hæstiréttur hefði synjað beiðni hans um að kveðja nokkra hinna erlendu sérfræðinga til munnlegrar skýrslugjafar í réttinum. Hefði hann lýst því yfir að ef munnleg skýrslutaka færi fram teldi hann nauðsynlegt að kveðja hina erlendu sérfræðinga vitnisburðar. Ef skrifleg gögn frá hinum erlendu sérfræðingum vektu upp spurningar eða krefðust munnlegra útskýringa hefði verið eðlilegt að ríkissaksóknari eða Hæstiréttur kveddu þá til skýrslugjafar sem vitni. Kærandi lagði áherslu á að málið væri fyrsta „Shaken Baby Syndrome“ mál á Íslandi, og kæmi upp þegar hvorki lækna né lögfræðingar hefðu neina reynslu af að fást við slíkt.

Kærandi kvartaði enn fremur undan því að þar sem hvorki héraðsdómur né Hæstiréttur hefðu kvatt læknaáðsmenn til skýrslutöku hefði hvorki hann sjálfur né lögmaður hans fengið tækifæri til að leggja spurningar fyrir þessi „lykilvitni“. Sá möguleiki að leggja til við Hæstarétt að skriflegar spurningar yrðu lagðar fyrir ráðið veitti ekki fullnægjandi tryggingu fyrir réttlátri málsmeðferð. Ráðið hefði aðeins verið spurt fárra þeirra spurninga sem kærandi hefði lagt til. Það hefði ekki rökstutt svör sín við nokkrum grundvallarspurningum; til dæmis hefði þeirri spurningu hvort hristingur ein sér gæti valdið banvænum heilaskaða verið svarað játandi, án þess að nein rök væru fyrir því færð.

Hvað sem öðru leið hlaut Hæstiréttur að hafna beiðni kæranda um skýrslutöku af vitnum, þar sem rétturinn hefði aldrei ákveðið slíkt í 85 ára sögu sinni. Einnig hefði verið tilgangslaust að biðja Hæstarétt um dómkvaðningu matsmanns.

Þar að auki hlutu svör ráðsins að mótast af því, að ráðið var skipað sömu mönnum og áður létu í ljós það álit, sem héraðsdómur lagði til grundvallar sakfellingu kæranda. Sú staða væri ekki samrýmanleg 5. gr. læknaáðslaga, sem mælti fyrir um að ráðsmaður væri vanhæfur til að fjalla um mál sem hann hefði áður tekið afstöðu til.

2. Ríkið

Ríkið gerði þá kröfu að dómstóllinn lýsti kærana ótæka til meðferðar þar sem ekki hefði verið leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu. Það vefngdi ekki að kærandi átti þess ekki kost að leggja sjálfur spurningar fyrir læknaáð. Það lagði hins vegar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

áherslu á að héraðsdómur hafði tekið við munnlegri skýrslu ÓT, sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum barna, og hefði héraðsdómur byggt á sérfræðipækkingu hans. Ekkert benti hins vegar til þess að verjandi ákærða hefði nokkurn tíma óskað þess við Hæstarétt að hann tæki við munnlegum skýrslum einhverra læknaáðsmanna eða fengi annað álit ráðsins, eða að hann hefði gagnrýnt þær spurningar sem Hæstiréttur beindi til ráðsins. Ekki hefði hann heldur farið þess ákveðið á leit við Hæstarétt að leiða fram til skýrslutöku einhvern hinna erlendu sérfræðinga. Kærandi nýtti sér aldrei það úrræði sem beinast lá við í málum er snerust um atvik á sérfræðilegum sviðum, nefnilega skipun kunnáttumanns samkvæmt 63. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Ríkið hélt fram í þessu sambandi að eins og dómur Hæstaréttar frá 12. september 2005 sýndi hefði verið gagnlegt að dómkveðja kunnáttumann samkvæmt 63. gr. í sakamáli þar sem niðurstaða krufningarskýrslu var umdeild. Ennfremur sýndi dómur Hæstaréttar frá 3. september 2002 að læknaáðsmönnum væri skylt að koma fyrir dóm ef aðili krefðist þess, og að um þá giltu sömu reglur og um kunnáttumenn samkvæmt 63. gr.

Ríkið hélt því fram að hvað sem öðru leið bæri að lýsa kærana ótæka til meðferðar sem augljóslega illa grundaða. Sú röksemd kæranda að læknaáðsmenn væru vanhæfir samkvæmt 5. gr. læknaáðslaga fengi ekki staðist, þar sem ráðinu væri samkvæmt almennt viðurkenndum reglum stjórnisýsluréttar frjálst að taka mál til meðferðar að nýju í ljósi nýrra upplýsinga og gagna. Að áliti ríkisins naut kærandi réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 6. gr. sáttmálans á öllum stigum sakamálsins. Hann naut fulls jafnréttis við ákærvaldið hvað snerti framlagningu skriflegra gagna, og engin takmörk voru sett rétti hans til að kveðja vitni til vitnisburðar á báðum dómstigum. Hann hafði fullt tækifæri til að bregðast á viðeigandi hátt við allri sönnunarfærslu ákærvaldsins. Jafnt í einstökum atriðum sem í heild sinni hefðu réttindi kæranda samkvæmt bæði 1. og 3. mgr. 6. gr. verið virt að fullu.

B. Álit dómstólsins

1. Hvort kærandi hafi leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu

Dómstóllinn tekur fram að aðilana greindi á um hvort kæranda hefði láðst að nýta sér þá möguleika, sem hann átti kost á samkvæmt íslenskum lögum, til að fara þess á leit við Hæstarétt að hann tæki munnlegar skýrslur af hinum erlendu sérfræðingum ef hann vildi byggja á framburði þeirra, og heimila honum að leggja spurningar fyrir sérfræðinga læknaáðs við munnlega meðferð málsins. Þótt Hæstarétti væri greinilega heimilt samkvæmt 3. mgr. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála að kalla vitni til skýrslugjafar þegar rétturinn telur þess þörf, hefur hann varla nokkru sinni nýtt þá heimild í refsímáli, og aðeins í fá skipti nýtt samsvarandi heimild í einkamáli. Varðandi hið síðarnefnda hefur ríkið aðeins nefnt eitt dæmi frá því áður en dómur Hæstaréttar féll (frá 3. september 2002), og eitt síðara dæmi (frá 12. september 2005). Dómstóllinn er í nokkrum vafa um það, að hve miklu leyti kærandi átti í raun kost á að fá teknar munnlegar skýrslur af umræddum sérfræðingum fyrir Hæstarétti. Af þeim ástæðum sem tilgreindar eru hér að neðan telur dómstóllinn hins vegar óþarft að kveða upp úr um hvort kærandi hafi hvað þessi kæruefni snertir leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

2. Hvort kærán hafi augljóslega verið illa grunduð

Dómstóllinn telur rétt að athuga kærana í ljósi hinnar almennu reglu í 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, um leið og réttindi þau er 3. mgr. tryggir eru höfð í huga (sjá m.a. dóminn í máli *Bönisch gegn Austurríki* frá 6. maí 1985, Series A nr. 92, bls. 14-15, lið 29, og *Brandstetter gegn Austurríki*, dómur 28. ágúst 1991, Series A nr. 211, bls. 20, lið 42). Taka ber fram að samkvæmt orðanna hljóðan lýtur d-liður 3. mgr. að vitnum en ekki að kunnáttumönnum. En aftur á móti eru réttindi sem 3. mgr. tryggir, ásamt öðrum réttindum, óaðskiljanlegur þáttur í hugtakinu réttlát málsmeðferð, sem kveðið er á um í 1. mgr. (sömu tilvitnanir).

Í þessu samhengi er rétt að minnst þess, að almennt séð er það hlutverk dómstóla í heimalandinu að meta sönnunargögn sem fyrir þá eru lögð, og einnig að hvaða marki sönnunargögn, sem ákærðir menn vilja færa fram, eiga við í málum þeirra. Nánar til tekið, þá leggur d-liður 3. mgr. 6. gr. á vald þeirra að meta hvort ástæða sé til að kveðja til vitni, í hinni „sjálfstæðu“ merkingu þess orðs sem notuð er í sáttmálanum; hann „krefst þess ekki fyrir hönd hins ákærða að hvert einasta vitni sé boðað og yfirheyrt – markmið hans, eins og orðin „á sama hátt“ benda til, er að tryggja jafna möguleika til varnar og sóknar“. Inntak d-liðar 3. mgr. 6. gr., eða 1. mgr. hennar, er þó víðfeðmara en „jafnir möguleikar til varnar og sóknar“, og í beitingu þeirra ákvæða tákna það orðasamband aðeins einn þátt af mörgum. Verkefni Mannréttindadómstólsins er að ganga úr skugga um hvort sú málsmeðferð sem til athugunar er var réttlát, eins og 1. mgr. krefst, þegar hún er skoðuð í heild sinni (sjá *Vidal gegn Belgíu*, dómur 22. apríl 1992, Series A nr. 235-B, bls. 32-33, 33. lið).

Dómstóllinn ítrekar einnig að einn þáttur réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 6. gr. er réttur til málaferla með gagnkvæmum rétti málsaðila til andmæla; meginreglan er sú að hvor aðili hafi tækifæri bæði til að leggja fram öll gögn sem hann telur styðja að kröfur hans verði teknar til greina, og líka til að kynna sér og gera athugasemdir við öll gögn sem lögð eru fram og athugasemdir sem gerðar eru í því skyni að hafa áhrif á niðurstöðu dóms (sjá *Mantovanelli gegn Frakklandi*, dómur 18. mars 1997, *Reports of Judgments and Decisions* 1997-II, bls. 436, 33. liður).

Í því máli sem nú er til athugunar hélt héraðsdómur dómþing þar sem fram fór sókn og vörn án takmarkana og hlýtt á öll vitni sem vörnin kvaddi til. Það virðist ekki umdeilt eða vefengjanlegt að málsmeðferð í héraði hafi verið réttlát. Þetta verður að hafa í huga við mat dómstólsins á því hvort málsmeðferðin hafi verið réttlát í heild sinni.

Umkvartanir kæranda með vísun til sáttmálans varða í aðalatriðum meðferð áfrýjunarmálsins í Hæstarétti. Eins og héraðsdómur hafði Hæstiréttur fullt vald til að dæma um lagaatriði, og einnig um málsatvik, bæði varðandi sekt og sýknu og um refsíákvörðun. Sú málsmeðferð, sem til umfjöllunar er, einkenndist af því að Hæstiréttur, sem er annað og lokadómstig, hafði þá reglu að taka mál ekki fyrir að nýju í heild sinni, heldur byggði á mati héraðsdóms á sönnunargildi vitnisburðar á fyrra dómstigi, án þess að taka munnlega skýrslu af viðkomandi vitni. Færi svo að Hæstiréttur teldi mat héraðsdóms að þessu leyti gallað gat hann annaðhvort sjálfur tekið skýrslu af vitninu, eða, sem algengara var, ógilt héraðsdóminn og sent málið heim til nýrrar meðferðar (5.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mgr. 159. gr. laga um meðferð opinberra mála). Þannig hlýtur það að hafa verið ljóst verjanda hins ákærða að umfang munnlegrar málsmeðferðar í Hæstarétti var að meginstefnu til takmarkaðra en fyrir héraðsdómi. Í sjálfu sér vekur þetta atriði ekki upp neitt álitafni samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Taka verður fram að fyrir Hæstarétti reyndi kærandi, þá með annan verjanda en í héraði, að koma að nýjum, þýðingarmiklum gögnum. Þar á meðal voru nokkur erlend sérfræðiálit, sem vefengdu álit og niðurstöður Þ.S. réttarmeinafræðings, sem lækna ráð hafði tekið undir og héraðsdómur hafði í mati sínu talið hafa afgerandi þýðingu. Skiljanlegt er að ríkissaksóknari vildi fá umsögn lækna ráðs og sérfræðingsins Þ.S. um hin nýju gögn.

Varðanir kvartanir kæranda um meðferð skriflegra sönnunargagna, þá telur dómstóllinn ekki að aðferðin sem Hæstiréttur notaði við að leggja skriflegar spurningar fyrir lækna ráð sé gagnrýnisverð. Áður en rétturinn féllst á beiðni ríkissaksóknara um það leitaði hann umsagnar lögmanns kæranda. Dómstóllinn getur ekki fallist á þá röksemd hans að aðkoma lækna ráðs að hæstaréttarmálinu hafi, jafnvel þó að það hafi verið skipað sömu mönnum og í héraði, verið til þess fallin að vekja upp álitafni um hlutdrægni sem ekki samrýmist rétti til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Tilgangurinn var að fá umsögn lækna ráðs um það, hvort hin nýju gögn sem kærandi hafði lagt fyrir Hæstarétt myndu leiða til breytinga á þeim niðurstöðum sem ráðið hafði áður lagt fyrir héraðsdóm. Dómstóllinn sér heldur ekki ástæðu til að draga í efa lögmæti þess hvernig ráðið er skipað samkvæmt landslögum.

Enn fremur var sú aðferð Hæstaréttar, að semja spurningar sjálfur og beina þeim sjálfur, í stað þess að sækjandi og verjandi gerðu það, til lækna ráðs, ekki í sjálfu sér í ósamræmi við réttlætiskröfu 6. gr. sáttmálans. Sókn og vörn nutu sama tækifæris til að gera tillögur til Hæstaréttar um þær spurningar sem spyrja skyldi, og nýttu sér það líka. Að vísu reyndust þær spurningar sem Hæstiréttur samdi að endingu frekar bera merki tillagna sækjanda en verjanda, þrátt fyrir nokkra efnislega skörun. Engu að síður er ekki að sjá að verjandi hafi í neinu mótmælt mati Hæstaréttar að þessu leyti, eða komið fram með tillögur um viðbótarspurningar eftir á.

Dómstóllinn er heldur ekki sannfærður um réttmæti þeirrar fullyrðingar kæranda að það hefði verið gersamlega tilgangslaust fyrir hann að fara þess á leit við Hæstarétt að hann skipaði matsmann samkvæmt 63. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem samkvæmt upplýsingum ríkisins átti sér fordæmi að því er varðar hliðstæðar reglur í einkamálaréttarfari.

Að því leyti sem kærandi kvartaði undan hinni munnlegu málsmeðferð tekur dómstóllinn fram að verjandi og ríkissaksóknari tóku báðir tvisvar til máls við hinn munnlega málflutning. Þegar á undirbúningsstigi hafði verið tekið til athugunar sérstaklega og allítarlega hvort kveðja ætti sérfræðinga til skýrslutöku við hinn munnlega flutning. Hinn 7. október 2002 fór ríkissaksóknari þess á leit við sérfræðinginn Þ.S. að hún gerði skriflegar athugasemdir, eða mætti til munnlegrar skýrslutöku að öðrum kosti. Við því brást lögmaður kæranda hinn 10. október með skilyrtri kröfu, þess efnis að ákvæði Hæstiréttar að taka munnlega skýrslu af sérfræðingnum Þ.S., krefðist jafnræði þess að

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

vörninni væri heimiluð munnleg skýrslutaka af nokkrum hinna erlendu sérfræðinga. En þar sem ekki varð úr að Hæstiréttur ákvæði að taka munnlega skýrslu af Þ.S. varð skilyrðið um skýrslutöku af hinum erlendu sérfræðingum ekki virkt.

Eins og þegar hefur verið tekið fram er það rétt, að óvíst var að hvaða marki unnt var að fá teknar munnlegar skýrslur af umræddum sérfræðingum fyrir Hæstarétti. Dómstóllinn mun ekki hafa uppi getgátur um hvernig Hæstiréttur hefði leyst úr málinu hefði kærandi gert skilyrðislausu kröfu um að sérfræðingarnir yrðu kvaddir til skýrslutöku. Nóg er að taka fram að 3. mgr. 157. gr. laga um meðferð opinberra mála heimilaði Hæstarétti að gera það, og slíka heimild hafði hann notað samkvæmt hliðstæðu ákvæði í 65. gr. laga um meðferð einkamála þegar hann kvaddi læknaáðsmanntil skýrslutöku í einkamáli í september 2002. Ekki er unnt að útiloka að rétturinn hefði fallist á að gera það einnig í sakamáli.

Að þessu gefnu þarf dómstóllinn ekki að ákvarða hvort Hæstarétti hefði verið skylt samkvæmt 6. gr. sáttmálans að fara að eins og kærandi kvartaði undan í kæru sinni til Evrópuþingdómstólsins.

Með hliðsjón af ofangreindu og að virtri málsmeðferðinni í heild sinni er ekki unnt að halda því fram að Hæstiréttur hafi farið út fyrir það svigrúm til mats sem hann almennt nýtur samkvæmt landslögum við að ákveða hvort sönnunargögn komist að og hvaða þýðingu þau hafa. Dómstóllinn telur ekki að mál kæranda gefi tilefni til gruns um að brotið hafi verið gegn 6. gr. sáttmálans. Þar af leiðir að vísa verður kærinni frá samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans sem augljóslega illa grundaðri.

Af ofangreindum ástæðum lýsir dómstóllinn því yfir samhljóða að kæran er ótæk til meðferðar.

Matijasevic gegn Serbíu

Dómur frá 19. september 2006

Mál nr. 23037/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Yfirlýsing dómstóls um sekt. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð að lögum.

1. Málsatvik

Kærandi, Milija Matijasevic, er serbneskur ríkisborgari, fæddur 1976 og afplánar nú fangelsisdóm í Serbíu. Hinn 7. maí 2003 var kærandi handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa framið fjársvik og hvatt til manndráps. Ákæra á hendur honum var gefin út 4. nóvember 2003. Hinn 2. apríl 2004 framlengdi dómstóllinn í Novi Sad gæsluvarðhald yfir kæranda um tvo mánuði, m.a. með þeim rökum að hann hefði áður verið sakfelldur fyrir afbrot. Í úrskurðinum var því jafnframt lýst að kærandi hefði framið þau afbrot sem hann væri ákærður fyrir og væri líklegur til að halda áfram á þeirri braut. Kærandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar á þeim forsendum að með þessari yfirlýsingu dómstólsins hefði verið brotið gegn rétti hans til að teljast saklaus

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

uns sekt væri sönnuð, en sá réttur væri verndaður í lögum um meðferð sakamála, serbnesku stjórnarskránni og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Hæstiréttur féllst ekki á röksemdir kæranda og staðfesti gæsluvarðhaldið með vísan til fyrri brotaferils kæranda. Hins vegar fjallaði Hæstiréttur ekkert um þá yfirlýsingu undirréttar að kærandi væri sekur um þau brot sem hann var ákærður fyrir. Hinn 27. maí 2004 var kærandi dæmdur í átta ára fangelsi og var sá dómur síðar staðfestur í Hæstarétti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að dómstóll hefði lýst yfir sekt hans í gæsluvarðhaldsúrskurði áður en hún var sönnuð að lögum, og með því hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Þá hefði Hæstiréttur brugðist skyldum sínum að bæta úr brotinu er gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kærður þangað.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að það fæli í sér brot gegn 2. mgr. 6. gr. ef dómstóll lýsti yfir því að einhver væri sekur, áður en sekt viðkomandi væri sönnuð að lögum. Þá féllst dómstóllinn á það með kæranda að það væri grundvallarmunur á því að vísa til þess að maður væri grunaður um að hafa framið afbrot eða að staðhæfa um sekt hans, án þess að dómur í málinu lægi fyrir. Dómstóll í Novi Sad hefði byggt á því að kærandi væri sekur og Hæstiréttur ekkert gert til að leiðrétta það. Með þessu hefði verið gengið gegn ákvæði sáttmálans um að hver maður skyldi teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð að lögum.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 662 evrur í málskostnað. Hins vegar taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægjanlegar miskabætur.

Moser gegn Austurríki

Dómur frá 21. september 2006

Mál nr. 12643/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Börn. Forsjársvipting. Aðgangur að gögnum í dómsmáli. Opinber málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærendur, Zlatica Moser (f. 1973) og sonur hennar, Luca Moser (f. 2000), eru serbneskir ríkisborgarar og búsett í Austurríki. Árið 1999 giftist Zlatica Moser austurrískum ríkisborgara og í júní 2000 fæddi hún soninn Luca. Eiginmaður hennar neitaði að gang-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

ast við barninu. Daginn eftir fæðinguna ákvað barnaverndarnefnd í Vín að þar sem fjárhagsstaða og heimilisaðstæður móðurinnar væru bágbornar, auk þess sem óljóst væri með búsetuleyfi hennar í Austurríki, fengi hún ekki að halda barninu. Viku síðar var Luca komið fyrir hjá fósturforeldrum. Hinn 3. desember 2000 veitti dómstóll barnaverndaryfirvöldum forsjá Luca. Zlatica Moser áfrýjaði á þeirri forsendu að hvorki dómstóllinn né önnur yfirvöld hefðu aðstoðað hana við að leysa úr búsetuvandræðum sínum né við að viðhalda sambandi við barnið. Áfrýjunarbeiðni hennar var hafnað. Hún áfrýjaði að nýju, m.a. á þeim grundvelli að enginn munnlegur málflutningur hefði farið fram hjá dómstólnum og að þinghald þar og dómsuppkvaðning hefðu ekki farið fram í heyranda hljóði. Þá hefði hún ekki fengið nægjanlega aðild að málinu og engan aðgang að málskjöllum. Þá kvartaði hún líka yfir því að ekki hefði verið leitað neinna annarra leiða, eins og t.a.m. að koma henni og barninu fyrir í athvarfi. Þessari áfrýjunarbeiðni var einnig hafnað. Zlatica Moser er nú með tímabundið búsetuleyfi í Austurríki og hefur leyfi til að hitta Luca í tvær klukkustundir á mánuði, á afmælum þeirra og um jól.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með því að veita barnaverndaryfirvöldum forsjá Luca hefði verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Með vísan til 14. gr. töldu þau að þeim hefði verið mismunað á grundvelli þjóðernis. Jafnframt taldi Zlatica Moser að brotið hefði verið gegn rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram austurrískir dómstólar hefðu vanrækt að leita leiða til þess að kærendur gætu verið saman eða í nánum tengslum meðan málsmeðferð stóð yfir. Þá taldi dómstóllinn það mjög alvarlegt að móðirin hefði einungis fengið að sjá son sinn tvívegis frá fæðingu og fram að mánaða aldri, og því hefðu engin tengsl náð að myndast milli þeirra.

Það var álit dómstólsins að Zlatica Moser hefði ekki fengið að taka nægjanlegan þátt í ákvarðanatöku yfirvalda og dómstóla, en hún kom aðeins einu sinni fyrir dómstóllinn sem fjallaði um forsjá barnsins og niðurstaða hans byggðist að miklu leyti á gögnum sem hún fékk ekki færi á að tjá sig um. Þá hefði áfrýjunum hennar verið hafnað. Niðurstaða dómstólsins var því sú að málavextir hefðu ekki réttlætt svo þýngjandi afskipti af fjölskyldu kærenda og að brotið hefði verið á rétti þeirra samkvæmt 8. gr.

Dómstóllinn féllst hins vegar ekki á að um mismunun samkvæmt 14. gr. hefði verið að ræða enda gerðu barnaverndarlög engan greinarmun á fólki eftir þjóðerni. Þá var ekki að sjá að annmarkar á málsmeðferðinni væru til komnir vegna þjóðernis kærenda.

Að áliti dómstólsins hafði verið um þrenns konar brot á 1. mgr. 6. gr. að ræða. Í fyrsta lagi hefði Zlatica Moser ekki fengið tækifæri til að tjá sig um skýrslur barnaverndaryfirvalda. Í öðru lagi hefði málsmeðferð fyrir dómstólum ekki verið opinber og í þriðja lagi hefði dómsorðið ekki verið kveðið upp í heyranda hljóði.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans. Zlaticu Moser voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 6.694,74 evrur í málskostnað og 8.000 evrur í miskabætur. Talið var að niðurstaðan í sjálfri sér fæli í sér nægar bætur vegna þess miska er Luca kynni að hafa orðið fyrir.

Elo gegn Finnlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 30742/02

6 gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til munnlegrar málsmeðferðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Jani Matti Kalevi Elo, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1974 og búsettur í Rauma í Finnlandi. Hann starfaði sem plötusmiður en varð fyrir vinnuslysi í október 1996, og meiddist á hælum og fótleggjum. Í júní 2000 flokkaði tryggingafélagið, sem hafði greitt kæranda bætur vegna slyssins, örorku hans sem 3. stigs örorku. Kærandi kvartaði til örorkunefndar og hélt því fram að bæturnar ættu að miðast við 7. stigs örorku. Þessu til stuðnings framvísaði hann læknisvottorðum. Þá fór kærandi fram á að málið væri rekið munnlega fyrir nefndinni en þeirri beiðni var hafnað, með þeim rökum að málsmeðferð fyrir nefndinni væri að jafnaði skrifleg. Kærandi kærði ákvörðun nefndarinnar um að meta skyldi örorku hans sem 3. stigs örorku til dómstóls í tryggingamálum. Þar óskaði hann enn eftir því að málsmeðferð færi munnlega fram, enda taldi hann slíkt nauðsynlegt þar sem meiðsli hans væru sérstaks eðlis og féllu utan hefðbundins örorkustigamats. Því var hafnað á grundvelli þeirrar meginreglu að mál fyrir dómnum væru flutt skriflega, auk þess sem ekki þótti þörf á munnlegum málflutningi eða vitnisburði vegna þessa tiltekna máls. Mat á örorku væri tæknilegs eðlis og byggt á læknisfræðilegum upplýsingum en ekki persónulegri reynslu kæranda. Því væri engin þörf á að hann kæmi fyrir dóminn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi hefði verið brotinn með því að honum var neitað um að flytja mál sitt munnlega fyrir dómi og leiða fram vitni. Studdist kærandi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að reglan um opinbera málsmeðferð fæli almennt í sér að málsmeðferð skyldi fara fram munnlega, en sú regla væri þó ekki fortakslaus. Það var álit dómstólsins að við sérstakar aðstæður væri heimilt að hafna beiðni aðila um munnlega málsmeðferð. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort réttlæt看legt hefði verið að málsmeðferð væri eingöngu skrifleg í þessu tilviki. Það færi mjög eftir eðli þess

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

máls sem væri lagt fyrir dómstóla hvort munnleg málsmeðferð væri nauðsynleg. Litið var til þess að ágreiningur vegna örorkubóta væri fremur tæknilegur og niðurstaðan iðulega byggð á skriflegu álitum lækna. Því gæti skilað betri árangri að slík mál væru eingöngu rekin skriflega, auk þess sem slíkt stuðlaði að aukinni hagkvæmni og skilvirkni. Álitamálið var því hvort munnlegur framburður kæranda og lækna hans hefði leitt eitthvað í ljós, sem ekki kom fram í skriflegum gögnum. Þar sem ekki væri ætlast til að persónulegir hagir öryrkja breyttu nokkru um örorkumat þeirra, væri eingöngu byggt á læknisfræðilegum gögnum og vottorðum. Mat úrskurðarnefndarinnar og dómstólsins byggðist því á fyrirliggjandi skriflegum gögnum og ekki varð séð að munnlegur vitnisburður hefði breytt nokkru um niðurstöðu málsins. Það var álit dómstólsins að örorkunefndin og tryggingadómstóllinn hefðu getað leyst úr málinu á fullnægjandi hátt á grundvelli þeirra gagna sem kærandi og læknar hans höfðu lagt fram. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn kringumstæður með þeim hætti að réttlæt看legt hefði verið að málsmeðferð væri eingöngu skrifleg.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Marcello Viola gegn Ítalíu

Dómur frá 5. október 2006

Mál nr. 45106/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Réttur til að vera viðstaddur réttarhöld.

1. Málsatvik

Kærandi, Marcello Viola, er ítalskur ríkisborgari, fæddur 1959 og afplánar lífstíðardóm í L'Aquila- fangelsinu á Ítalíu. Kærandi var ákærður fyrir aðild að skipulagðri glæpastarfsemi, manndráp og ólöglega vopnaeign og árið 1999 var dómur um tólf ára fangelsi staðfestur af áfrýjunardómstól. Á svipuðum tíma var hann einnig ákærður fyrir aðild að manndrápum, tilraunum til manndrápa og ólöglega vopnaeign. Undirréttur dæmdi hann í fimmfalt lífstíðarfangelsi ásamt því sem hann skyldi vera í einangrunarvist í þrjú ár. Kærandi áfrýjaði þessum dómi. Áfrýjunardómstóll sýknaði kæranda af einum ákærulið og breytti dóminum í ævilangt fangelsi auk þess sem einangrunarvistin skyldi aðeins vera tvö ár. Kærandi, sem afplánaði fangelsisdóm þegar málsmeðferð fór fram fyrir áfrýjunardómstólnum, fékk ekki að vera viðstaddur þinghöld í málinu, en fylgdist með þeim í gegnum fjarfundabúnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að heimila honum einungis þátttöku í eigin réttarhaldi með aðstoð fjarskiptabúnaðar hefði verið brotið á rétti hans til réttlátrar

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Jafnframt byggði hann á 4. gr. 7. samningsviðauka og taldi að hann hefði verið saksóttur tvívegis fyrir sama brot.

Niðurstaða

Að áliti dómstólsins var ljóst að flutningur fanga eins og kæranda, krefðist mikilla öryggisráðstafana, vegna hættu á flóttu og ofbeldisverkum. Slíkur flutningur gæti jafnframt gefið kæranda tækifæri til að komast í samband við þau glæpasamtök er hann var talinn tilheyra.

Kærandi hefði verið sakaður um alvarlega glæpi í tengslum við aðild sína að mafíunni. Baráttan gegn starfsemi mafíunnar fæli í sér að grípa yrði til aðgerða til verndar almenningi og til að koma í veg fyrir frekari glæpi. Ef hafðar væru í huga strangar starfsreglur hennar og skýr valdauppbygging væri ljóst að félögum í mafíunni væri kleift að hafa mikil áhrif á almenning. Þá væri ekki óraunhæft að ætla að viðvera mafíufélaga í réttarsal gæti, ein og sér, haft áhrif á brotaþola og vitni við réttarhöld.

Því var það niðurstaða dómstólsins að þetta fyrirkomulag hefði þjónað lögmætum markmiðum, þ.e. að vernda líf, frelsi og öryggi vitna og brotaþola, til verndar allsherjarreglu og til að koma í veg fyrir glæpi. Jafnframt hefði það ekki dregið úr möguleikum kæranda að koma að vörnum að réttarhöldin fóru fram með þessum hætti.

Enn fremur taldi dómstóllinn að þótt kærandi hefði tvívegis verið ákærður vegna svipaðra brota hefði ekki verið um sömu brot að ræða eða að þessi brot mætti rekja til sama atburðar.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að hvorki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 6. gr. né rétti hans samkvæmt 4. gr. 7. samningsviðauka.

Hermi gegn Ítalíu

Dómur frá 18. október 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 18114/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Meðferð máls fyrir áfrýjunardómstól. Réttur til að vera viðstaddur réttarhöld.

1. Málsatvik

Kærandi, Fausi Hermi, er ríkisborgari í Túnis, fæddur 1969 og afplánar fangelsisdóm á Ítalíu. Kærandi var handtekinn með 485 grömm af heróíni árið 1999 og var ákærður fyrir dreifingu fíkniefna. Hinn 24. mars 2000 var hann dæmdur í sex ára fangelsi og til greiðslu sektar. Hann áfrýjaði dómnum. Hinn 1. september fengu kærandi og einn lögmanna hans tilkynningu um að málið yrði tekið fyrir hjá áfrýjunardómstólnum. Kærandi hafði þó engin samskipti við lögmenn sína fram að meðferð málsins fyrir áfrýjunardómstólnum, en hann sat í fangelsi á þeim tíma. Við meðferð málsins fór lögmáður hans fram á að kæranda yrði heimilað að vera viðstaddur þinghöldin. Þeirri beiðni var hafnað með vísan til þess að kærandi hefði þurft að tilkynna fyrirhugaða þátttöku sína í réttarhöldunum með fimm daga fyrirvara. Það hefði hann ekki gert og því væri í ósamræmi við fordæmi Hæstaréttar að heimila honum að vera viðstaddur

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

þinghöld. Áfrýjunardómstóllinn staðfesti svo dóm undirréttar yfir kæranda. Kærandi áfrýjaði til Hæstaréttar á grundvelli lagalegra atriða, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þar sem hann átti ekki kost á því að vera viðstaddur réttarhöld í máli sínu fyrir áfrýjunardómstólnum hefði verið brotið á rétti hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Niðurstaðan í dómi deildar frá 28. júní 2005 var að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 6. gr. Þrjú dómáram af sjö skiluðu séráliti. Að beiðni ítölsku ríkisstjórnarinnar, og samkvæmt heimild í 2. mgr. 43. gr. sáttmálans, var málinu vísað til yfirdeildar.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn tók fram að áfrýjunardómstólnum í Róm hefði eingöngu verið heimilt að byggja dóm sinn á þeim málsástæðum sem lagðar voru fyrir hann í áfrýjun kæranda. Kærandi áfrýjaði á grundvelli lagalegra atriða, en hélt því aldrei fram að hann væri saklaus af brotinu, enda fundust efnin í fórum hans. Þá fannst dómstólnum hæpið að viðvera kæranda í réttarsal við meðferð málsins hefði breytt einhverju um niðurstöðuna. Jafnframt tók dómstóllinn fram að áfrýjunardómstóllinn hefði ekki heimild til að þvingja refsingu, heldur gæti hann eingöngu sýknað, dæmt til vægari refsingar, eða staðfest fyrri dóm.

Þá hefði verið ljóst fyrir meðferð málsins að við áfrýjun yrðu ekki kölluð til nein vitni eða lögð fram ný gögn.

Sérstaklega var tekið fram að réttlát málsmeðferð, í skilningi sáttmálans og eins og hann hefði verið túlkaður, fæli ekki endilega í sér að sakborningur þyrfti að vera viðstaddur málflytning í áfrýjunarmáli. Það væri í sjálfu sér nægilegt til að komast að þeirri niðurstöðu að ekki var brotið gegn 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók þó til skoðunar, að því gefnu að kærandi hefði átt rétt á að vera viðstaddur réttarhöldin, hvort í raun var brotið gegn þeim rétti. Tekið var fram að kærandi hefði verið búsettur lengi á Ítalíu, og ekkert benti til þess að hann skildi ekki ítölsku. Hann hafði raunar staðhæft áður að hann talaði málið og hefði skilið ákærana og þau gögn sem lögð voru fram í máli hans. Þá væri ekkert sem benti til þess að hann hefði átt í vandkvæðum með að skilja tilkynninguna um fyrirhuguð þinghöld í málinu. Dómstóllinn taldi miður að í tilkynningu yfirvalda til kæranda kom ekki fram að kærandi yrði að tilkynna um ósk sína um að vera viðstaddur með fimm daga fyrirvara. Hins vegar væri það fremur í verkahring lögmanna kæranda að kynna fyrir honum reglur sem þessa og ekki mætti leggja óhóflega byrði á yfirvöld í slíkum efnum.

Þá var litið til þess að þrátt fyrir 6. gr. sáttmálans gæti ríki ekki borið ábyrgð á öllum mistökum eða yfirsjónum verjenda, hvort þeir væru ráðnir af sakborningum eða

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

skipaðir af ríkinu. Dómstóllinn taldi raunar að annmarkar á vörn kæranda hefðu verið óverulegir og hann hefði aldrei kvartað yfir vörn sinni, eða haldið því fram við yfirvöld að hún væri ófullnægjandi.

Þar sem engin ósk kom frá kæranda um að vera viðstaddur réttarhöldin hefði áfrýjunardómstóllinn litið svo á að hann hefði afsalað sér þeim rétti sínum. Talið var að eins og atvikum var háttað, hefði það verið eðlileg niðurstaða.

Enn fremur taldi dómstóllinn að þetta fyrirkomulag hefði ekki lagt neinar óhóflegar byrðar á kæranda, þar sem ekki var gerð krafa um að ósk hans kæmi fram í neinu sérstöku formi. Jafnframt var litið til þess að flutningur fanga krefðist skipulags og öryggisráðstafana og því væri ekki óeðlilegt að ákveða þyrfti slíkan flutning með nokkrum fyrirvara.

Tekið var fram að kærandi hefði ekki haft uppi nein mótmæli við fangelsisýfirvöld þegar hann komst að því að hann yrði ekki viðstaddur réttarhöldin. Þá hefðu mótmæli lögmanna hans verið of seint fram komin og ekkert í gögnum sem réttinum bárust frá þeim fyrir þinghaldið benti til þess að kærandi æskti þess að vera viðstaddur.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið á rétti kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Fimm dómarmar skiluðu séráliti.

Mamére gegn Frakklandi

Dómur frá 7. nóvember 2006

Mál nr. 12697/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Opinberir starfsmenn. Ærumeiðingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Noël Mamère (f. 1948), er franskur ríkisborgari og búsettur í París. Hann er í forystu stjórnmalaflokks umhverfissinna og þingmaður og bæjarstjóri í Bégles, í suðvesturluta landsins. Áður en hann hóf þátttöku í stjórnmálum, árið 1992, hafði hann starfað í fjölmiðlum, sem blaðamaður og fréttapulur.

Í október 1999 tók kærandi þátt í umræðuþætti í sjónvarpi þar sem m.a. var rætt um kjarnorkuslysið í kjarnorkuverinu í Tsjernobyl. Kærandi gagnrýndi þá forstjóra geislavarnastofnunar franska ríkisins fyrir að viðurkenna ekki hættuna á að mengun vegna slyssins gæti borist til Frakklands.

Forstjórinn höfðaði mál gegn kæranda, sjónvarpsstöðinni og einum stjórnanda hennar.

Í október 2000 voru aðilar sakfelldir fyrir ærumeiðingar í garð opinbers starfsmanns. Voru þeir dæmdir til að greiða 1.524,49 evrur í sekt.

Niðurstaðan varðandi kæranda var staðfest af áfrýjunardómstól og talið að ummæli hans hefðu verið ærumeiðandi og skaðað orðspor og heiður forstjórans þar sem hann, sem sérfræðingur á sviði geislavarna, væri sakaður um ósannindi í tengslum við umrætt kjarnorkuslys. Þar sem kærandi hefði verið harkalegur í ásökunum sínum, bæði í háttalagi og orðavali, var talið að hann væri ekki í góðri trú um sannleiksgildi þeirra. Þegar litið væri til orðavals kæranda var talið að hann hefði farið niðrandi orðum um forstjóran.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Í kjölfarið hófst opinber umræða um það hvort almenningur hefði ekki verið upplýstur um skaðsemi mengunar frá Tsjernobýlkjarnorkuverinu í kjölfar slyssins og raunverulega mengun sem borist hefði til Frakklands, auk þess sem stjórnvöld hefðu stórlega vanmetið hættuna. Árið 2006 hófst opinber rannsókn á störfum forstjórans vegna þessara ásakana.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi sakfellingu franskra dómstóla fyrir ærumeiðingar gagnvart opinberum starfsmanni brjóta í bága við tjáningarfrelsi sitt samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að sakfelling kæranda fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi hans sem væri lögum samkvæm og stefndi að lögmætu markmiði, þ.e. vernd mannorðs og réttinda eins og tilgreint væri í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók jafnframt fram að eins og málið væri vaxið nyti tjáningarfrelsi kæranda ríkrar verndar og benti í fyrsta lagi á að um væri að ræða málefni sem varðaði almenning, þ.e. vernd umhverfisins og heilsu almennings. Í öðru lagi væri kærandi kjörinn fulltrúi almennings sem hefði tjáð sig um umhverfismál.

Dómstóllinn ítrekaði að veita hefði átt kæranda tækifæri til að sýna fram á að hann hefði tjáð sig í góðri trú og að sýna fram á sannleiksgildi þeirra ummæla. Dómstóllinn gat ekki tekið undir með áfrýjunardómstólnum að kærandi hefði ekki verið í góðri trú þegar hann lét ummæli sín falla. Í því sambandi vísaði dómstóllinn til þess að áfrýjunardómstóllinn hefði byggt á því að hann hefði notað harkalegt orðfæri. Dómstóllinn vísaði til fyrri niðurstaðna sinna þess eðlis að þeim sem tækju þátt í almennri umræðu um málefni er vörðuðu almannahagsmuni væri upp að vissu marki heimilt að nota sterkt orðfæri. Ummæli kæranda hefðu vissulega verið kaldhæðin en samt sem áður innan marka þess sem talist gætu ásættanlegar ýkjur eða ögrun. Að mati dómstólsins hefðu þau ekki verið bersýnilega móðgandi.

Við mat sitt tók dómstóllinn tillit til þess að forstjórinn var opinber starfsmaður. Hins vegar bæri að líta til þess að stofnunin sem hann starfaði fyrir hefði verið lögð niður, að hann væri 76 ára og hefði látið af störfum fyrir ríkið. Að auki bæri að líta til þess að persónuleg ábyrgð hans og stofnunarinnar væru óaðskiljanlegur hluti umræðu um málefni sem varðaði almenning m.a. með tilliti til þess að hann sem forstjóri hefði haft forræði á aðgerðum á sviði geislavarna.

Dómstóllinn tók tillit til framangreinds og þess að ummæli kæranda voru látin falla í opinberri umræðu um mikilvægt málefni sem varðaði almenning, og taldi að meðalhófs hefði ekki verið gætt þegar hann var sakfelldur fyrir ærumeiðingar. Af þeim sökum hefði takmörkun á tjáningarfrelsi hans ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Kærandi gerði ekki kröfu um bætur.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Kaste og Mathisen gegn Noregi

Dómur frá 9. nóvember 2006

Mál nr. 18885/04 og 21166/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til að leiða fram vitni.

1. Málsatvik

Kærendur, Bård Kaste (f. 1970) og Per Stian Tveten Mathisen (f. 1973), eru norskir ríkisborgarar og búsettir í Osló. Í mars 2002 voru þeir sakfelldir fyrir vörslur á rúmlega 48 kg af amfetamíni sem þeir reyndu að smygla til Noregs frá Þýskalandi. Kaste var jafnframt sakfelldur fyrir vörslu ólöglegra skotvopna. Í október 2002 var vitorðsmaður þeirra sakfelldur vegna sömu brota.

Kærendur ásamt vitorðsmanninum áfrýjuðu og voru mál þeirra sameinuð fyrir áfrýjunardómstól. Vitorðsmaðurinn áfrýjaði einungis vegna refsingar sinnar en kærendur áfrýjuðu vegna annarra atriða, m.a. vegna málsmeðferðar í heild sinni, sönnunarmats og túlkun refsíákvæða. Kærendur gáfu skýrslu fyrir dómi en vitorðsmaðurinn neitaði að tjá sig um sakargiftir. Vitnisburður sem hann hafði gefið við yfirheyrslu hjá lögreglu var lesinn upp fyrir dómi. Mathisen óskaði eftir að gagnspyrja vitorðsmanninn en því var hafnað með þeim rökum að sá hefði nýtt sér rétt sinn til að tjá sig ekki um sakargiftir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærendur töldu að meðferð málsins á áfrýjunarstigi hefði brotið í bága við rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og rétt þeirra til að afla gagna og spyrja vitni samkvæmt d-lið 3. mgr. sama ákvæðis.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ósannað að réttur kærenda til að gagnspyrja vitorðsmanninn hefði ekki getað samrýmst rétti hans til að neita að tjá sig um sakargiftir þar sem hann hefði getað neitað að svara spurningum fyrir dómi sem bendlað gætu hann við refsiverð brot.

Dómstóllinn benti á að áfrýjunardómstóll hefði tekið fram að sakborningar sem saksóttir væru saman gætu ekki talist vitni í máli hvers annars eins og hugtakið væri skilgreint í mannréttinasáttmálanum. Dómstóllinn tók hins vegar fram að þegar um væri að ræða vitnisburð, hvort sem hann væri tekinn af vitni í þrengri merkingu orðsins eða einum af fleiri sakborningum máls þá flokkaðist slíkt sem sönnunargagn sækjanda og um þau gildi 1. mgr. og d-liður 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Sakfelling kærenda var byggð á vitnisburði vitnis sem kærendum var ekki gefinn fullnægjandi réttur á að gagnspyrja. Með þessu hefði verið brotið í bága við rétt þeirra til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Einróma niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. og d-lið 3. mgr. sama 6. gr.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kærendum alls dæmdar 13.400 evrur vegna málskostnaðar.

Jussila gegn Finnlandi

Dómur frá 23. nóvember 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 73053/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Skattamál. Refsivert brot. Réttur til munnlegrar málsmeðferðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Esa Jussila, er finnskur ríkisborgari, fæddur árið 1949 og búsettur í Tampere í Finnlandi.

Í maí árið 1998 óskuðu skattyfirvöld eftir athugasemdum hans varðandi meintar villur í virðisaukaskattskýrslum hans vegna reikningsáranna 1994 og 1995. Í júlí sama ár var kæranda gert að greiða álag sem samsvaraði 10% af endurmetinni virðisaukaskattsfjárhæð. Nam skattalagið jafnvirði 308,80 evra og byggðist álagning þess á því að virðisaukaskattskýrslum hans vegna árána 1994 og 1995 hefði verið ábótavant.

Kærandi skaut ákvörðun skattyfirvalda til stjórnarsýsludómstóls. Hann krafðist munnlegrar málsmeðferðar og að þar yrðu teknar skýrslur af annars vegar tilteknum skattasérfræðingi og hins vegar skattaeftirlitsaðila. Í febrúar árið 2000 kom eftirlitsaðilinn skriflegri skýrslu sinni á framfæri við stjórnarsýsludómstólinn og var kæranda gefið færi á að gera athugasemdir við hana sem hann gerði í lok apríl sama ár. Yfirlýsing skattasérfræðingsins var einnig afhent dómstólnum. Í júní sama ár komst stjórnarsýsludómstóllinn að því að munnleg málsmeðferð væri óþörf þar sem málsaðilar hefðu komið athugasemdum sínum skriflega á framfæri. Kröfum kæranda var því hafnað. Áfrýjun hans vegna þessa var einnig hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun á munnlegri málsmeðferð hefði brotið í bága við rétt hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Þann 14. febrúar ákvað deild dómstólsins að eftirláta yfirdeild dómstólsins lögsögu í málinu, samkvæmt 30. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að þótt skattálag væri þáttur í skattheimtuckerfinu þá væri með því leitast við því að fæla aðila frá því að gefa rangar upplýsingar sem og refsa þeim sem gæfu rangar upplýsingar. Dómstóllinn taldi þetta því flokkast sem refsivert brot í skilningi 6. gr. sáttmálans og kæmi kæran því til skoðunar undir því ákvæði. 4 dómarar skiluðu séráliti hvað þetta varðaði.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómstóllinn benti á að með kröfum um munnlega málsmeðferð hefði kærandi aðallega ætlað að draga í efa lögmæti mats skattyfirvalda á skattgreiðslum hans í heild sinni. Sem slíkt félli það utan gildissviðs 6. gr. Stjórnsýsludómstóll hefði komist að þeirri niðurstöðu að munnleg málsmeðferð væri óþörf þar sem fyrirbyggjandi gögn nægðu til þess að leysa úr málinu.

Dómstóllinn dró ekki í efa að skriflegur málatilbúnaður á sviði skattamála væri almennt betur til þess fallinn að gefa ítarlegri upplýsingar en munnlegur og kæranda tókst ekki að sýna fram á nauðsyn munnlegs málatilbúnaðar og þess að gagnsþyrja vitni. Dómstóllinn taldi skriflegan málatilbúnað í umræddu máli geta varpað nægjanlegu ljósi á aðstæður.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að kæranda hefði ekki verið synjað um að krefjast munnlegrar málsmeðferðar. Stjórnsýsludómstóll hefði hins vegar hafnað því með rökstuddri niðurstöðu. Dómstóllinn benti jafnframt á að um smávægilega fjárhæð væri að ræða. Þar sem kæranda hefði verið gefinn fullnægjandi kostur á að koma málatilbúnaði sínum skriflega á framfæri taldi dómstóllinn að kröfum um réttlæti væri fullnægt og að munnlegur málatilbúnaður hefði ekki verið nauðsynlegur eins og málið væri vaxið.

Niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

Markovic o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 14. desember 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 1398/03

1. gr. Skylda til að virða mannréttindi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Lögsaga. Alþjóðlegar stofnanir. Utanríkismál. Aðgangur að dómstólum.

1. Málsatvik

Kærendur eru tíu og ríkisborgarar í Serbíu og Svartfjallalandi. Þeir eru allir nánir ættingjar nokkurra þeirra sextán manna sem fórust þegar flugher á vegum Norður-Atlantshafsbandalagsins, NATO, gerði loftárás á höfuðstöðvar serbneska ríkisútvarpsins í Belgrad þann 23. apríl 1999.

Kærendur höfðuðu skaðabótamál fyrir ítölskum dómstólum vegna dauða ættingja sinna í fyrrgreindri loftárás. Málið var höfðað fyrir dómstól í Róm, þar sem kærendur töldu að þátttaka ítalska ríkisins í þessari hernaðaraðgerð hefði verið umfangsmeiri en annarra ríkja NATO, meðal annars vegna mikils pólitísku stuðnings og aðstöðu sem NATO-herinn naut á Ítalíu, svo sem flugvalla fyrir flugvélnar sem gerðu loftárásina í Belgrad. Skrifstofa forsætisráðherra Ítalíu, ítalska varnarmálaráðuneytið og yfirstjórn S-Evrópu deildar NATO-hersins voru varnaraðilar í málinu.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Skrifstofa forsætisráðuneytisins og ítalska varnarmálaráðuneytið vísuðu málinu til forúrskurðar Hæstaréttar Ítalíu með vísan til ákvæða ítölsku einkamálaganna sem heimila að ágreiningi um lögsögu í málum sem ríkið er aðili að skuli vísað til Hæstaréttar áður en málið fær efnislega meðferð hjá dómstóli á lægra stigi. Í dómi frá 8. febrúar 2002 komst Hæstiréttur Ítalíu að þeirri niðurstöðu að ítalskir dómstólar hefðu ekki lögsögu í málinu þar sem ákvörðun ítalska ríkisins að taka þátt í loftárásinni hefði verið af pólitískum toga og gæti því ekki lotið endurskoðun dómstólanna. Máli kær- enda var því vísað frá ítölskum dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að takmörkun á aðgangi þeirra að ítölskum dómstólum væri brot á 6. gr. sáttmálans sem tryggir rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi í tengslum við 1. gr. sáttmálans sem kveður á um skyldu ríkja til þess að virða mannréttindi.

Kæran var lögð fram 6. desember 2002 og var lýst ótæk til efnismeðferðar að hluta til þann 12. júní 2003. Þann 28. apríl 2005 vísaði deild dómstólsins öðrum þáttum málsins til yfirdeildar dómstólsins.

Niðurstaða

Ítalska ríkið taldi að málinu skyldi vísað frá Mannréttindadómstólnum þar sem kærendur hefðu ekki tæmt öll innlend réttarúrræði, enda hefðu þeir ekki haldið málinu áfram gegn NATO fyrir ítölskum dómstólum. Dómstóllinn sagði að engin dæmi væru þess að einkamál sem höfðað hefði verið gegn NATO í aðildarríki bandalagsins hefði borið árangur og ekki sanngjarnt að ætlast til þess að kærendur teldu sig eiga betri möguleika á að ná árangri í málsókn gegn NATO en gegn ítalska ríkinu. Dómstóllinn féllst því ekki á röksemdafærslu ítalska ríkisins að þessu leyti og taldi málið tækt til efnismeðferðar. Dómstóllinn taldi að með því að kærendur hefðu rekið einkamál fyrir ítölskum dómstólum hefði stofnast lögsaga ítalska ríkisins í skilningi 1. gr. sáttmálans og því bæri ítölskum stjórnvöldum að tryggja réttindi þeirra samkvæmt sáttmálanum.

Dómstóllinn vísaði síðan til þess að það væri verkefni innlendra dómstóla að túlka og beita landslögum og að sú regla ætti einnig við þegar landslög vísuðu til alþjóðlegra laga eða samninga. Hlutverk Mannréttindadómstólsins í málinu væri því aðeins að meta hvort afleiðingar slíkrar túlkunar innlendra dómstóla samrýmdust ákvæðum sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að Hæstiréttur Ítalíu hefði komist að þeirri niðurstöðu, með tilliti til þeirra alþjóðlegra samninga sem kærendur vísuðu til, viðauka við Genfarsáttmálana frá 1949 annars vegar og Lundúnasamnings frá 1951 um réttarstöðu herliðs aðildarríkja NATO hins vegar, og túlkunar á landsrétti, að ekki væri hægt að slá föstu að bótaréttur þeirra hefði stofnast á grundvelli skaðabótaábyrgðar aðildarríkja í máli sem þessu. Bent var á að Hæstiréttur Ítalíu hefði ekki talið að reglur um friðhelgi ríkja undan lögsögu ættu við í málinu, heldur að valdsvið dómstóla til þess að endurskoða mál sem vörðuðu utanríkisstefnu ríkisins á borð við þátttöku þess í stríði, væri háð takmörkunum. Mannréttindadómstóllinn taldi mál kær- enda hafa fengið fullnægjandi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

meðferð hjá ítölskum dómstólum, enda hefði Hæstiréttur skoðað mál þeirra með hliðsjón af skaðabótareglum landsréttar. Kærendum hefði því verið veittur aðgangur að dómstólum þótt hann hefði verið takmarkaður að einhverju leyti og ekki til þess fallinn að tryggja þeim efnislega úrlausn málsins. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kærenda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Sjö dómarar skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Jäggi gegn Sviss

Dómur frá 13. júlí 2006

Mál nr. 58757/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ákvörðun um faðerni. DNA-próf.

1. Málsatvik

Kærandi, Andreas Jäggi, er svissneskur ríkisborgari, fæddur 1939 og búsettur í Genf. Móðir hans krafðist viðurkenningar á faðerni frá meintum föður hans, AH, fyrir dómstól í Genf. Þeirri kröfu hafnaði dómstóllinn árið 1948. Eftir fæðingu kæranda lýsti móðir hans AH sem barnsföður sinn. Kæranda var komið í fóstur en fékk vitneskju um það frá móður sinni árið 1958 að AH væri faðir hans. Kærandi hélt því fram að hann hefði haft regluleg samskipti við AH og fengið gjafir frá honum auk mánaðarlegra greiðslna fram að því er kærandi varð lögráða. Fjölskylda AH hafnaði þessum fullyrðingum og AH neitaði alla tíð að gangast undir faðernispróf. Árið 1997 var hafnað kröfu kæranda um að fram færi faðernispróf. Sama ár greiddi hann leigu fyrir grafreit AH fram til ársins 2016. Árið 1999 fór kærandi fram á endurskoðun dómsniðurstöðunnar frá árinu 1948 og krafðist þess að gerð yrði DNA-rannsókn á líkamsleifum AH. Dómstólar höfnuðu beiðninni. Sú niðurstaða var staðfest af áfrýjunardómstól með þeim rökum að kærandi sem þá var sextugur hefði náð að þroskast og mótast eðlilega þrátt fyrir óvissu um faðerni sitt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að meina honum um að DNA-rannsókn færi fram á látnum manni í þeim tilgangi að staðreyna hvort viðkomandi hefði verið faðir hans hefði verið brotið á rétti hans samkvæmt sáttmálanum. Byggði hann á 8. gr. sáttmálans sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og jafnframt á 14. gr. hans um bann við mismunun.

Niðurstaða

Dómstóllinn leit til þess að fólk hefði ríka hagsmuni af því að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áhugi manna á ætterni sínu og uppruna hyrfi ekki með aldrinum, heldur þvert á móti. Þá hefði kærandi alla ævi sýnt áhuga á því að komast að hinu rétta um faðerni sitt. Þó að engar læknisfræðilegar rannsóknir þess efnis lögju fyrir taldi dómstóllinn þessa óvissu hafa valdið kæranda miklu hugarangri. Hins vegar þyrfti að fara fram hagsmunamat í slíkum málum áður en fólk væri þröngvað til að gangast undir DNA-próf. Litið var til þess að við andmæli sín hefði fjölskylda AH hvorki vísað til trúar- né siðferðilegra ástæðna. Þá þótti taka DNA-sýnis úr látnum manni fremur lítið íþyngjandi úrræði. Sérstaklega var litið til þess að líkamsleifar AH hefðu verið grafnar upp árið

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1997 ef kærandi hefði ekki borgað leigu fyrir grafreitinn og þess að réttur AH til að hvíla í friði væri í raun aðeins tímabundinn þar sem leigusamningurinn rynnir út árið 2016. Það var einnig skoðun dómstólsins að einkalíf hins látna biði ekki hnekki vegna töku DNA-sýnis, þar sem slík beiðni var fyrst lögð fram eftir lát hans. Þá taldi dómstóllinn að réttur almennings til þess að búa ekki við réttaróvissu gæti ekki, einn og sér, staðið í vegi fyrir rétti kæranda til þess að komast að hinu sanna um uppruna sinn.

Það var því niðurstaða dómstólsins að með því að gera kæranda ómögulegt að afla DNA-sýnis úr AH hefði svissneska ríkið brotið gegn rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Jafnframt var það álit dómstólsins að 14. gr. sáttmálans kæmi ekki sérstaklega til skoðunar í málinu.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 4.299 evrur í málskostnað en talið var að dómsniðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.

Tveir dómara skiluðu séráliti.

White gegn Svíþjóð

Dómur frá 19. september 2006

Mál nr. 42435/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ærumeiðingar. Skylda til að vernda mannorð og æru. Fjölmíðlar.

1. Málsatvik

Kærandi, Anthony White, er breskur ríkisborgari og búsettur í Mósambík. Hinn 29. og 30. september og 1. október 1996 birtu dagblöðin Expressen og Aftonbladet í Svíþjóð greinar um kæranda, þar sem bornar voru á hann ýmsar sakir, þar á meðal morðið á Olof Palme, forsætisráðherra Svíþjóðar. Í tengslum við þá umfjöllun birtust viðtöl við menn sem töldu kæranda saklausan af þeim glæpum sem hann var sakaður um. Hinn 1. október birti Expressen viðtal við kæranda, þar sem hann neitaði öllum ásökunum. 23. september 1998 höfðaði kærandi meiðyrðamál á hendur ritstjórum blaðanna. Kviðdómur í málinu taldi að í sex tilvikum af 142 sem voru til skoðunar hefði verið um meiðyrði að ræða. Þessi textabrot lýstu kæranda sem manni sem hikaði ekki við að drepa, hann væri í tengslum við mafíuna, stundaði umfangsmikið smygl og veiðipjófnað og loks að hann hefði myrt Palme. Ritstjórnir voru þó sýknaðir, m.a. með hliðsjón af því að þeir hefðu haft ástæðu til að ætla að þessar upplýsingar væru allar réttar. Áfrýjunardómstóll í Svíþjóð staðfesti þessa niðurstöðu, m.a. með þeim rökum að blaðamennirnir hefðu kunnað sannleiksgildi upplýsinganna eftir bestu getu. Hæstiréttur Svíþjóðar synjaði kæranda um áfrýjunarleyfi vegna málsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans þar sem sænskir dómstólar hefðu ekki verndað rétt hans til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um togstreituna milli friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. og tjáningarfrelsisins, sem er verndað í 10. gr. sáttmálans. Tjáningarfrelsið ætti jafnt við þegar um væri að ræða hneykslanlegar eða móðgandi upplýsingar. Þó gæti tjáningarfrelsið samkvæmt 10. gr. sætt takmörkunum en þær yrði að skýra þröngt. Þá fjallaði dómstóllinn um mikilvægi fjálsrar fjölmiðlunar í lýðræðisríkjum. Réttur fjölmiðla til að miðla upplýsingum væri þó háður því að þær væru áreiðanlegar og nákvæmar, og að blaðamenn störfuðu í samræmi við siðareglur. Þegar vegið væri að mannorði einstaklinga væri enn mikilvægara að fréttir væru byggðar á traustum heimildum. Jafnframt yrði að hafa í huga rétt hvers manns til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð, sbr. 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi upplýst í málinu að hlutaðeigandi blaðamenn hefðu verið í góðri trú um að upplýsingar sem þeir birtu um kæranda væru réttar. Þeir hefðu rannsakað málið eftir bestu getu og leitað upplýsinga víða. Jafnframt var litið til þess að samhliða voru birtar yfirlýsingar þeirra sem töldu ásakanir gegn kæranda ekki á rökum reistar. Einnig höfðu bæði blöðin gefið kæranda kost á að tjá sig.

Dómstóllinn tók fram að umfjöllun dagblaðanna hefði varpað rýrð á mannorð kæranda. Hann hefði ekki hlotið dóm fyrir neitt það afbrot sem blöðin gáfu honum að sök og vegið hefði verið að rétti hans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð að lögum.

Því kom til skoðunar hvort sænskir dómstólar hefðu farið rétt að við mat sitt á mikilvægi þessara tveggja réttinda; tjáningarfrelsisins og friðhelgi einkalífsins. Litið var til þess að sænski áfrýjunardómstóllinn hafði komist að þeirri niðurstöðu að ummælin um kæranda væru, sem slík, meiðandi. Hins vegar væru ýmis gögn til stuðnings þessum ummælum og vegna mannorðs og fortíðar kæranda bæri ekki að líta á hann sem venjulegan borgara sem þyrfti sérstaka vernd gegn fjölmiðlum. Þá taldi áfrýjunardómstóllinn að almenningur hefði hagsmuni af því að fá fréttir af morðinu á Palme og rannsókninni á því.

Með hliðsjón af þessum röksemdum áfrýjunardómstólsins taldi dómstóllinn að sænskir dómstólar hefðu kannað málið ítarlega og að þeim hefði verið rétt að meta almannahagsmuni ofar hagsmunum kæranda í þessu máli.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Moser gegn Austurríki

Dómur frá 21. september 2006

Mál nr. 12643/02

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Börn. Forsjársvipting. Aðgangur að gögnum í dómsmáli. Opinber málsmeðferð.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Wainwright gegn Bretlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 12350/04

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13.gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Líkamsleit. Fangelsisreglur. Bótaskylda stjórnvalda.

1. Málsatvik

Kærendur, mæðginin Mary (f. 1953) og Alan Wainwright (f. 1975), eru breskir ríkisborgarar og búsett í Leeds. Sonurinn er hreyfihamlaður og þroskaheftur. Í ágúst 1996 var annar sonur Mary Wainwright, Patrick O'Neill, handtekinn vegna gruns um manndráp og úrskurðaður í gæsluvarðhald. Þar sem hann var grunaður um vörslu og neyslu fíkniefna innan fangelsisins hafði fangelsisstjórinn fyrirskipað að líkamsleit yrði framkvæmd á öllum sem hugðust heimsækja hann. Kærendum var ókunnugt um þessi fyrirmæli þegar þau fóru að heimsækja Patrick í fangelsið 2. janúar 1997. Þar var þeim sagt að til stæði að framkvæma líkamsleit á þeim, þar sem grunur léki á að þau hefðu fíkniefni meðferðis. Jafnframt var þeim sagt að ef þau neituðu fengju þau ekki að hitta fangann.

Tveir kvenkyns fangaverðir fóru því næst með Mary Wainwright í lítið herbergi, þar sem henni var gert að afklæðast. Kynfæri hennar og endaparmsop voru skoðuð, en engin snerting fór fram. Þrátt fyrir það fannst henni sér ógnað af fangavörðunum og þorði ekki annað en að fylgja öllum fyrirmælum þeirra. Þá óttaðist hún, þar sem ekki var dregið fyrir glugga í herberginu, að hver sem ætti leið framhjá og liti á gluggana sæi hana hálfnakta. Meðan á leitinni stóð leið henni mjög illa, hún grét og skalf. Að leitinni aflokinni var hún látin undirrita samþykkisyfirlýsingu vegna líkamsleitarinnar, en meðfylgjandi því plaggi voru lýsingar á því hvernig leit skyldi fara fram.

Tveir karlkyns fangaverðir fóru með Alan Wainwright í annað herbergi. Að beiðni þeirra fór hann úr að ofan, og var þá þuklaður, meðal annars potað í handarkrika hans. Þá var honum sagt að afklæðast að neðan, sem hann gerði, grátandi og skjálfandi. Annar varðanna skoðaði hann svo þar sem hann var að allsnakinn, lyfti upp getnaðarlim hans og dró forhúðina aftur. Að því búnu var hann látinn undirrita samþykkisyfirlýsingu, þrátt fyrir staðhæfingu hans um að hann gæti ekki lesið.

Meðan á heimsókn þeirra í fangelsinu stóð var Alan Wainwright miður sín og taugaspenntur en Mary Wainwright fór oft á salernið til að kasta upp og gráta.

Sálfræðingur sem hún fór síðar til staðhæfði að þessi reynsla hefði aukið á þunglyndi hennar. Sami sálfræðingur rannsakaði Alan Wainwright og komst að þeirri niðurstöðu að hann þjáðist af þunglyndi og áfallaröskun vegna þessa atburðar.

Kærendur höfðuðu skaðabótamál gegn breska ríkinu en niðurstaða breskra dómstóla var sú Alan Wainwright voru greiddar bætur en ekki hefði verið brotið gegn Mary Wainwright og var ríkið sýknað af kröfu hennar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að brotið hefði verið á réttindum þeirra samkvæmt sáttmálanum og var þar vísað til 3. gr. um bann við pyndingum, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð, 8. gr. um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 13. gr. um rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Niðurstaða

Um 3. og 8. gr.: Dómstóllinn féllst á að með hliðsjón af eiturlyfjavanda í fangelsum gæti verið réttlæt看legt að leita á gestum er þangað kæmu. Hins vegar fæli slíkt í sér íþyngjandi aðgerðir gagnvart fólki sem hvorki hefði verið dæmt fyrir afbrot né lægi undir rökstuddum grun um að hafa framið brot. Dómstóllinn leit til þess að breskir dómstólar höfðu komist að þeirri niðurstöðu að fangaverðir hefðu ekki farið að reglum við umræddar aðstæður og sýnt af sér slæleg vinnubrögð. Sérstaklega var tekið til þess að kærendur fengu ekki samþykkisyfirlýsingar til undirritunar fyrir en eftir leit og þeim því gert ókleift að veita upplýst samþykki áður en leit fór fram. Þá var brotin sú regla að þeir sem sættu leit ættu aðeins að vera hálfnaktir. Enn fremur hefði Mary Wainwright sést utan frá í gegnum glugga, en starfsmenn fangelsisins hefðu átt að gæta að því að farið væri að settum reglum, m.a. með því að draga tjöld fyrir glugga við þessar aðstæður. Dómstóllinn leit til þess að ekki kom til sneringar af hálfu fangavarða, nema gagnvart Alan Wainwright, og hefðu breskir dómstólar þegar dæmt honum bætur fyrir það. Þótt leitin hefði mátt fara fram með meiri sæmd og hún vafalaust verið kærendum þungbær var hún ekki svo harkaleg að varðað gæti við 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók því næst 8. gr. til skoðunar. Þó að fallist væri á lögmæti þess að berjast gegn eiturlyfjavanda í fangelsum taldi dómstóllinn að aðferðir sem beitt var við leitina væru ekki í samræmi við markmiðið. Við leit á almennum borgurum yrði að fara að skýrum reglum og vernda virðingu og mannhelgi þeirra sem í hlut ættu. Dómstóllinn taldi að í ljósi þess að ekki hefði borið nauðsyn til þess að framkvæma líkamsleit gagnvart kærendum með þessum hætti hefði verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Kærendur höfðu gert kröfur um bótagreiðslur fyrir breskum dómstólum. Það hafði reynt árangurslaust, nema hvað varðaði bætur til Alan Wainwright. Það var álit æðsta dómstóls Bretlands að vanræksla fangavarða á því að fylgja settum reglum, gæti ekki orðið grundvöllur bótaskyldu, sér í lagi þar sem ekki hefði verið um að ræða árás á einkalíf kærenda. Mannréttindadómstóllinn taldi að í ljósi þessa hefði kærendum ekki staðið til boða raunhæft úrræði til að leita réttar síns samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kærenda samkvæmt 8. og 13. gr. sáttmálans. Kærendum voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 17.500 evrur í málskostnað og 6.000 evrur í miskabætur.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

H.K. gegn Finnlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 36065/97

6 gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjársvipting. Umgengnisréttur.

1. Málsatvik

Kærandi, HK, er finnskur ríkisborgari og fæddur 1968. Hann á tvö börn, K, fæddan 1988 og H, fædda 1990. Frá tíu daga aldri bjó H hjá honum. Árið 1994 hóf kærandi sambúð með konu, en eftir að slitnaði upp úr sambandinu lýsti konan fyrir barnaverndaryfirvöldum grunsemdum sínum um að kærandi misnotaði H kynferðislega. Hinn 27. janúar 1995, þegar kærandi ætlaði að ná í H úr dagvistun, var honum tilkynnt að rannsókn vegna gruns um kynferðislega misnotkun stæði yfir, og að barnið skyldi dvelja hjá móður sinni á meðan. Óumdeilt er að kærandi mótmælti veru H hjá móðurinni frá 3. febrúar 1995 en óljóst er um afstöðu hans fram að þeim tíma. Hinn 8. febrúar var svo úrskurðað um neyðarvistun H hjá móður sinni en fram að því hafði engin formleg ákvörðun um dvalarstað stúlkunnar legið fyrir. Hinn 24. mars 1995 luku sálfræðingar rannsóknnum sínum á H og var niðurstaða þeirra rannsókna sú að mjög líklegt væri að hún hefði verið misnotuð kynferðislega, enda benti hegðun hennar til þess. Var því ákveðið að vista hana áfram fjarri kæranda. Móðir H treysti sér ekki til að annast hana og 11. október 1995 var kæranda tilkynnt að H hefði verið komið fyrir hjá fósturfjölskyldu. Kærandi mótmælti þeirri ráðstöfun en ekki var fallist á boð föðurafa H um að taka við henni. Hinn 6. nóvember 1995 nam kærandi H á brott og hafði hana í felum í ellefu mánuði. Lögregla sótti hana loks á vinnustað kæranda hinn 6. október 1996 og var henni í kjölfarið komið fyrir í fjölskylduathvarfi. Í apríl 1997 var kæranda tilkynnt að búið væri að finna fósturfjölskyldu fyrir H. Kærandi mótmælti þeirri ráðstöfun og bað jafnframt um að H væri komið fyrir hjá konu sem hafði annast hana í dagvistun. Hann fór fram á að H yrði tekin úr umsjá yfirvalda. Kröfum hans var hafnað. Frá árinu 1998 fékk kærandi svo rýmkaðan umgengnisrétt en fram að því hafði hann einungis mátt hitta H undir eftirliti, og stundum alls ekki. H bjó tímabundið hjá kæranda á árunum 2003-2004. Frá 2. febrúar 2004 hætti H að vera í forsjá barnaverndaryfirvalda og hefur búið hjá kæranda frá árinu 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið með margvíslegum hætti á réttindum hans samkvæmt sáttmálanum. Hann byggði á 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. Kærandi hélt því m.a. fram að vistun H frá 27. janúar til 8. febrúar 1995 hefði ekki átt sér lagastoð, enda hefði hann ekki samþykkt að hún færi til móður sinnar. Yfirvöld hefðu litið framhjá því að hann var sýknaður af öllum ásökunum og ætlun þeirra hefði verið að vista H áfram

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hjá fósturfjölskyldu. Yfirvöld hefðu einnig vanrækt að láta rannsaka H á fullnægjandi hátt. Þá hefði rannsókn vegna meintrar misnotkunar hafist í nóvember 1994 en honum ekki verið tilkynnt um hana fyrr en í janúar 1995.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um gagnkvæman rétt barna og foreldra til að vera samvistum. Sá réttur væri verndaður af 8. gr. sáttmálans og stjórnvöld mættu ekki ganga á þann rétt nema í undantekningartilvikum, enda ættu slík afskipti sér stoð í lögum og væru nauðsynleg. Því næst skoðaði dómstóllinn hvort atvik þessa máls uppfylltu skilyrði 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Tekið var fram að fóstur barns utan heimilis ætti almennt að vera bráðabirgðaráráðstöfun sem gengi til baka um leið og aðstæður leyfðu. Lokamarkmiðið ætti því að vera að barn og foreldri væru sameinuð að nýju. Þó yrði alltaf að hafa hagsmuni barnsins ofar öðru, og í vissum undantekningartilvikum þjónaði það ekki hagsmunum barns að dveljast hjá foreldrum sínum. Við aðgerðir sem miðuðu að því að skerða rétt manna samkvæmt 8. gr. yrði að gæta varúðar og sýna virðingu gagnvart þeim hagsmunum sem ákvæðinu væri ætlað að vernda. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að vistun H hjá móður sinni frá 3. til 7. febrúar 1995 hefði brotið í bága við 8. gr., þar sem engin lögformleg ákvörðun lá fyrir og óumdeilt var að kærandi mótmælti þeirri ráðstöfun.

Eftir að lögformleg ákvörðun lá fyrir hinn 8. febrúar 1995 taldi dómstóllinn þó ekkert benda til annars en að farið hefði verið að barnaverndarlögum og miðað hefði verið að því að gæta hagsmuna H. Rökstuddur ótti barnaverndaryfirvalda vegna heilsu og velferðar H hefði réttlætt afskipti af fjölskyldunni samkvæmt 8. gr.

Dómstóllinn taldi eðlilegt að kæranda væri ekki tilkynnt um rannsóknina á frumstigi hennar, enda hefði slík tilkynning stefnt rannsóknarhagsmunum í hættu. Þá var ekki fallist á að kærandi hefði ekki fengið tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku varðandi dvalarstað H, enda var honum fært að kæra ákvarðanir barnaverndaryfirvalda til dómstóla. Hvað varðaði rannsóknir sem H gekkst undir þá taldi dómstóllinn þær fullnægjandi enda hefði hún gengist undir viðamiklar sálfræðirannsóknir. Var því ekki fallist á kvörtun kæranda þar að lútandi.

Þá taldi dómstóllinn að fjórar ákvarðanir um skerðingu umgengnisréttar kæranda við H sem teknar voru á árunum 1995 og 1998 hefðu brotið gegn rétti hans samkvæmt 8. gr. þar sem hann fékk ekki tækifæri til að mótmæla þeim. Að öðru leyti leit dómstóllinn svo á að þær umgengnistálmanir sem settar voru hefðu átt rétt á sér, einkum þegar litið var til þess að kærandi hafði numið H á brott og haldið í felum.

Hvað varðaði kvartanir kæranda vegna brota á 6. gr. sáttmálans var það niðurstaða dómstólsins að þegar hefði verið fjallað um þær í umfjöllun um 8. gr. og því þótti ekki ástæða til að skoða 6. gr. sérstaklega.

Það var einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans, með því að vista H hjá móður sinni 3. - 7. febrúar 1995. Að auki hefði, með ákvörðunum um takmarkanir á umgengnisrétti, verið brotið gegn rétti kæranda. Að öðru leyti taldi dómstóllinn ekki að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 13.000 evrur í málskostnað og 5.000 evrur í miskabætur.

L.L. gegn Frakklandi

Dómur frá 10. október 2006

Mál nr. 7508/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómsmál um skilnað og forsjá. Notkun gagna með persónuupplýsingum.

1. Málsatvik

Kærandi, L.L., er franskur ríkisborgari, fæddur 1957 og búsettur í Frakklandi. Árið 1996 sótti eiginkona hans um skilnað vegna ítrekaðs heimilisofbeldis og ofdrykkju kæranda. Árið 1998 var konunni veittur skilnaður auk þess sem dómstóllinn sem fór með skilnaðarmálið staðfesti að hún skyldi fara með forsjá tveggja barna þeirra. Dómstóllinn leit sérstaklega til þess að konan hafði lagt fram læknisfræðileg gögn, sem studdu ásanir hennar Kærandi áfrýjaði þessari niðurstöðu, og hélt því fram að fyrrverandi eiginkona hans hefði beitt svikum til að komast yfir gögn um lækniáðgerð sem hann fór í. Jafnframt tók hann fram að hann hefði hvorki gefið konunni eintak af sjúkraskrá sinni né aflétt þagnarskyldu af lækni sínum. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu undirrættarins, og tók sérstaklega fram að hin framlögðu læknisfræðilegu gögn staðfestu að kærandi væri alkóhólisti og að áfengisvandamál hans leiddi til ofbeldishneigðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að gögn úr sjúkraskrá hans voru lögð fram fyrir rétti og byggt á þeim við ákvarðanatöku í skilnaðar- og forsjármáli hans. Þetta hefði verið gert án hans samþykkis og taldi hann því að brotið hefði verið gegn rétti sínum samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að með því að byggja niðurstöðu sína á skýrslu um lækniáðgerð kæranda og með því að vitna til skýrslunnar í dómi sínum hefði áfrýjunardómstóllinn opinberað persónulegar upplýsingar um kæranda.

Þá tók dómstóllinn fram að franskir dómstólar hefðu fyrst og fremst byggt á framburði vitna sem báru um ofdrykkju kæranda. Jafnframt hefði verið horft til læknisvottorða sem staðfestu að hann hefði beitt konu sína ofbeldi. Niðurstaða þeirra, um að kærandi hefði ítrekað og á alvarlegan hátt brugðist hjúskaparskyldum sínum, og að hjónabandinu væri ekki viðbjargandi, hefði aðallega byggst á þessum gögnum. Sjúkraskýrslna kæranda hefði einungis verið getið til að styðja niðurstöðuna enn frekari gögnum.

Það var því álit dómstólsins að franskir dómstólar hefðu allt að einu komist að sömu niðurstöðu, án þess að umræddar sjúkraskýrslur hefðu verið lagðar fram. Þá leit

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

dómstóllinn til þess að þessi afskipti af einkalífi kæranda hefðu hvorki verið í samræmi við markmið þeirra né hefði borið nauðsyn til þeirra í lýðræðislegu samfélagi til verndar réttindum annarra. Enn fremur tók dómstóllinn fram að landslög veittu ekki næga vernd gegn notkun gagna af þessu tagi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægar miskabætur.

Üner gegn Hollandi

Dómur frá 10. október 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 46410/99

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Dvalarleyfi. Brottvísun. Endurkomubann.

1. Málsatvik

Kærandi, Ziya Üner, er tyrkneskur ríkisborgari, fæddur 1969 og búsettur í Tyrklandi. Tólf ára að aldri flutti kærandi til Hollands með móður sinni og tveimur bræðrum, og var með langtímadvalarleyfi þar. Í júní 1991 hóf kærandi sambúð með hollenskri konu. Þau eignuðust son í febrúar 1992 en í nóvember sama ár slitu þau samvistum. Kærandi hélt þó nánú sambandi við konuna og son þeirra. Hinn 16. maí 1993 lenti kærandi í illdeilum á veitingastað. Hann hafði meðferðis tvær hlaðnar byssur og lauk deilunum með því að hann skaut einn mann til bana og særði annan. Hann hélt því fram að um sjálfsvörn hefði verið að ræða en hollenskir dómstólar féllust ekki á það. Kærandi var því sakfelldur fyrir manndráp og líkamsárás og dæmdur til sjö ára fangavistar. Fyrir átti kærandi nokkurn sakaferil að baki vegna ofbeldisbrota. Barnmóðir kæranda og synir þeirra, en þau eignuðust annan son í júní 1996, heimsóttu hann í fangelsið minnst vikulega. Báðir synir kæranda eru með hollenskan ríkisborgararétt og hvorki þeir né móðir þeirra tala tyrknesku. Hinn 30. janúar 1997 var dvalarleyfi kæranda afturkallað og honum meinað að koma til Hollands næstu tíu ár. Hann skaut ákvörðun dómsmálaráðuneytisins til dómstóla en án árangurs, og hinn 11. febrúar 1998 var hann fluttur til Tyrklands. Hann sneri þó til Hollands á ný og var aftur vísað úr landi hinn 4. júní 1998.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með þeirri ákvörðun að afturkalla dvalarleyfi hans og endurkomubanni til Hollands næstu tíu ár hefði verið brotið á rétti hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans, þar sem hann hefði verið aðskilinn frá fjölskyldu sinni.

Niðurstaða deildar

Eftir að deild hafði komist að þeirri niðurstöðu í dómi frá 5. júlí 2005 að ekki hefði

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans óskaði kærandi þess að málinu yrði vísað til yfirdeildar samkvæmt 2. mgr. 43. gr. sáttmálans.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn féllst á að hinar umdeildu aðgerðir hefðu skert rétt kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Þessi afskipti af einkalífi kæranda hefðu þó verið í samræmi við lög og tilgangur þeirra að framfylgja lögætum markmiðum, þ.e.a.s. í þágu almannaöryggis og til að firra glundroða og glæpum.

Þar sem kærandi hefði búið lengi í Hollandi og stofnað fjölskyldu þar væri ljóst að tengsl hans við landið væru sterk. Hins vegar mætti ekki líta framhjá því að sambúð kæranda og barnsmóður hans hefði varað stutt, og hann hefði aldrei búið með yngri syni sínum. Þrátt fyrir ungan aldur kæranda er hann flutti til Hollands var ekki fallist á að öll félagsleg og menningarleg tengsl hans við fæðingarlandið, Tyrkland, hefðu rofnað.

Hvað varðaði þau afbrot kæranda sem leiddu til brottvísunar hans þá voru þau mjög alvarleg og ekki mætti líta framhjá því, hvað sem fullyrðingum kæranda um sjálfsvörn liði, að hann hefði haft í fórum sínum tvær hlaðnar byssur. Með hliðsjón af því, svo og fyrri brotaferli kæranda, mætti telja að hann væri hneigður til afbrota.

Þá tók dómstóllinn fram að á þeim tíma sem brottvísunin tók gildi hefðu synir kæranda verið mjög ungir, eða sex ára og eins og hálfis árs, og hefðu því ríka aðlögunarhæfni. Þá væru þeir hollenskir ríkisborgarar svo að ef þeir fylgdu föður sínum til Tyrklands væri þeim frjálst að snúa aftur til Hollands að vild. Ekki yrði þó litið framhjá því að slíkum búferlaflutningum fylgdu ýmis vandkvæði fyrir barnsmóður kæranda. Hins vegar leit dómstóllinn svo á að hagsmunir fjölskyldunnar gætu ekki vegið þyngra en fyrrgreind atriði sem taka þyrfti tillit til við úrlausn málsins.

Dómstóllinn féllst á að það að banna kæranda að koma til Hollands, og útiloka þar með styttri heimsóknir hans þangað, væri í raun meira íþyngjandi heldur en brottvísunin sem slík. Væru hins vegar höfð í huga afbrot þau er kærandi hafði gerst sekur um var ekki talið að hollensk yfirvöld hefðu gengið of langt með þessari ákvörðun. Jafnframt var litið til þess að ef kærandi uppfyllti ákveðin skilyrði, væri honum frjálst að snúa aftur til Hollands að liðnum þessum tíu árum.

Að síðustu tók dómstóllinn til skoðunar kvörtun kæranda er laut að því að þrjú ár hefðu liðið frá sakfellingu hans og þar til dvalarleyfi hans var afturkallað og honum gert að yfirgefa Holland. Dómstóllinn taldi hér skipta talsverðu máli að kærandi sætti enn fangavist í Hollandi þegar hin íþyngjandi ákvörðun var tekin. Enn fremur var litið til þess að yfirvöld hefðu, við ákvarðanatöku sína, litið til allra þeirra þátta er taldir voru skipta máli.

Það var því niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr.

Þrír dómarar skiluðu séráliti.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Wallová og Walla gegn Tékklandi

Dómur frá 26. október 2006.

Mál nr. 23848/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Svipting forsjár.

1. Málsatvik

Kærendur, Emílie Wallová (f. 1963) og eiginmaður hennar, Jaroslav Walla (f. 1949), eru tékkneskir ríkisborgarar og búsett í Vesce í Tékklandi. Þau eiga fimm börn, fædd á árunum 1985-2000. Í september 2000 veitti dómstóll félagsmálayfirvöldum heimild til að hafa eftirlit með börnunum, í þeim tilgangi að tryggja að þau flyttu sem fyrst í húsnæði við hæfi. Í nóvember 2000 fóru félagsmálayfirvöld fram á að fá bráðabirgðaforsjá yfir börnunum þar sem fjölskyldan hefði ekki búið í fullnægjandi húsnæði frá árinu 1997 og kærendur hefðu jafnframt reynt að koma sér undan því að hlíta hinum fyrri dómsúrskurði. Hinn 15. nóvember 2000 fyrirskipaði dómstóll svo bráðabirgðavistun barnanna á barnaheimilum.

Hinn 18. apríl 2002 var barnaheimili svo veitt forsjá allra fimm barna kæranda með dómsúrskurði. Í úrskurðinum var sérstaklega tekið fram að Walla hefði ekki fasta atvinnu og að eiginkona hans hefði vanrækt að sækja um örorkubætur. Var það álit dómstólsins að kærendur hefðu ekki lagt sig nægjanlega fram við að leysa úr örðugleikum sínum og væru því ekki fær til þess að sjá um börnin á sómasamlegan hátt. Þá var tekið fram að kærendur hefðu ekki sýnt neinn áhuga á börnunum eða umgengni við þau, en engin samskipti höfðu átt sér stað frá árinu 2001.

Kærendur áfrýjuðu málinu en án árangurs, þar sem ráðstafanir yfirvalda þóttu hafa verið í samræmi við lög og þjónað hagsmunum barnanna.

Elsta barn kæranda varð lögráða árið 2003 og því frjálst að ráða sjálft dvalarstað sínum. Tvö yngstu börnin búa enn hjá fósturforeldrum sem fengu forsjá þeirra í janúar 2005. Fyrri forsjárakvarðanir varðandi hin börnin voru felldar úr gildi í febrúar 2006 og þeim gert kleift að snúa aftur til foreldra sinna og búa þar undir eftirliti yfirvalda. Við þá ákvörðun tóku dómstólar fram að kærendur væru fluttir í leiguíbúð, Walla væri kominn með fasta atvinnu og kona hans fengi örorkubætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir því að hafa verið aðskilin frá börnum sínum og því að tékknesk yfirvöld hefðu ekki komið þeim til aðstoðar. Byggðu þau kæru sína á 8. gr. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ekki hefði verið fundið að hæfni kæranda sem foreldra né umhyggja þeirra fyrir börnunum dregin í efa. Aðalvandamál fjölskyldunnar hefði verið að finna húsnæði sem hentaði svo stórri fjölskyldu. Jafnframt hefðu innlendir dómstól-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

ar viðurkennt að kærundur hefðu reynt að leysa vandamál fjölskyldunnar.

Að mati dómstólsins voru örðugleikar fjölskyldunnar til komnir vegna fjárhagsvandráða og þau vandræði hefðu yfirvöld getað aðstoðað við að leysa með öðrum hætti en þeim að sundra fjölskyldunni. Slíkt væri neyðarúrræði sem aðeins skyldi beita í alvarlegustu tilvikum. Yfirvöld hefðu því getað nýtt sér úrræði sem væru minna þvingjandi fyrir fjölskylduna. Dómstóllinn benti á að hægt hefði verið að hafa fjölskylduna og aðstæður hennar undir eftirliti og aðstoða við leit að húsnæði við hæfi. Ekkert slíkt hefði verið gert.

Dómstóllinn taldi að aðstæður hefðu ekki réttlætt þau alvarlegu afskipti af fjölskyldu kæranda sem fólust í því að fjarlægja börn þeirra af heimilinu og vista á opinberum stofnunum. Þá væri ekki ljóst af gögnum málsins að félagsmálayfirvöld hefðu aðstoðað kærundur við að sigrast á örðugleikum sínum og sameinast börnum sínum á ný.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kærendum voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 10.000 evrur í miskabætur. Þá taldi dómstóllinn ekki þörf á að taka sérstaklega til skoðunar hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.

Mubilanzila Mayeka og Kaniki Mitunga gegn Belgíu

Dómur frá 12. október 2006

Mál nr. 13178/03

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Hælisleitendur. Varðhald. Brottvísun. Börn. Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna.

Giacomelli gegn Ítalíu

Dómur frá 2. nóvember 2006

Mál nr. 59909/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hættuleg verksmiðjustarfsemi. Friðhelgi heimilis.

1. Málsatvik

Kærandi, Piera Giacomelli (f. 1935), er ítalskur ríkisborgari og hefur frá árinu 1950 átt heimili við borgarmörk Brescia á Ítalíu. Árið 1982 hóf starfsemi verksmiðja samkvæmt starfsleyfi stjórnvalda, í 30 metra fjarlægð frá heimili kæranda. Í verksmiðjunni var unnið með ýmsan úrgang. Starfsleyfið var endurnýjað árin 1994, 1999 og 2004. Árið 1989 var verksmiðjunni heimilað að meðhöndla skaðlegan eiturefnaúrgang og árið 1991 var heimilað að auka umfang úrgangsins verulega. Kærandi leitaði úrlausnar dómstóla til ógildingar á ákvörðunum stjórnvalda. Dómstóll úrskurðaði að starfsemi verksmiðjunnar skyldi stöðvuð tímabundið. Þeirri ákvörðun var þó ekki framfylgt.

Árið 1996 úrskurðaði dómstóll að meta skyldi umhverfisáhrif vegna vinnslu verksmiðjunnar á skaðlegum efnum. Við athugun umhverfisráðuneytisins á starfsemi verk-

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

smiðjunnar kom m.a. fram að leifar eiturefna gætu mengað grunnvatn og þar með neysluvatnsból í nágrenninu. Að auki kom fram að starfsemin samræmdist ekki lögum. Í apríl 2004 kom fram að verksmiðjan ynni 27% alls úrgangs í norðurhluta landsins og 23% á landsvísu. Ráðuneytið mælti með áframhaldandi starfsemi verksmiðjunnar að því tilskildu að kröfur um úrbætur á meðhöndlun úrgangs og eftirliti væru uppfylltar.

Fram komu niðurstöður athugana stofnana á sviði umhverfis- og heilbrigðismála um starfsemi verksmiðjunnar. Í skýrslu frá október 2003 var komist að þeirri niðurstöðu að áframhaldandi starfsemi verksmiðjunnar gæti valdið heilsufarsvandamálum hjá íbúum. Var þessu komið á framfæri við sveitarstjórn. Í annarri skýrslu, frá maí 2002, var gefið til kynna að ágallar væru á meðferð eiturefna í verksmiðjunni og hún tryggði ekki nægilega að uppfylltar væru kröfur þar að lútandi.

Í desember árið 2002 sáu borgaryfirvöld í Brescia kæranda og fjölskyldu hennar tímabundið fyrir húsnaði, á meðan málaferli gegn verksmiðjunni stæðu yfir. Var þessu ætlað að draga úr þeim óþægindum sem kærandi yrði fyrir vegna starfseminnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að stöðugur hávaði og hættulegur úrgangur frá verksmiðjunni hefði í för með sér verulega röskun á umhverfi hennar sem og varanlegan skaða á heilsu hennar og heimili sem fæli í sér brot á réttindum hennar samkvæmt 8. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að hvorki ákvörðun um starfsleyfi verksmiðjunnar né frekari heimild til vinnslu úrgangs hefði verið tekin að undangenginni viðeigandi rannsókn af hálfu stjórnvalda. Í lögum væri hins vegar kveðið á um að mat á umhverfisáhrifum skyldi fara fram vegna starfsemi sem gæti haft slæm umhverfisáhrif, m.a. þegar um úrvinnslu eiturefna og hættulegs úrgangs væri að ræða. Slíkt hefði ekki verið gert fyrr en árið 1996, sjö árum eftir að umrædd verksmiðja hóf slíka úrvinnslu. Dómstóllinn benti jafnframt á að á meðan það mat fór fram hefði umhverfisráðuneytið tvisvar komist að þeirri niðurstöðu að starfsemin samræmdist ekki lögum og reglum á sviði umhverfismála, annars vegar vegna staðsetningar sinnar og hins vegar vegna hættu á slæmum afleiðingum fyrir heilsufar íbúa í nágrenninu.

Dómstóllinn tók fram að stjórnsludómstóll hefði komist að þeirri niðurstöðu að kröfu kæranda að starfsemin væri rekin án tilskilinna heimilda samkvæmt lögum og því skyldi hún stöðvuð þegar í stað. Á grundvelli þágildandi laga hefði slíkt átt að gerast um leið svo unnt væri að gera viðeigandi breytingar og tryggja að starfsemin uppfyllti kröfur laga um umhverfisvernd. Þrátt fyrir þetta hefðu stjórnvöld aldrei stöðvað starfsemina.

Þrátt fyrir að ákvörðun umhverfisráðuneytisins frá 2004 hefði að einhverju leyti tryggt réttindi kæranda, tók dómstóllinn fram að það breytti engu um það að um árabíl hefði réttur hennar til friðhelgi heimilis verið verulega skertur með hættulegri starfsemi í aðeins þrjátíu metra frá fjarlægð heimili hennar. Yfirvöldum hefði því ekki tekist að gæta jafnvægis milli

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

annars vegar hagsmuna almennings með starfsemi á vinnslu úrgangs og hins vegar hagsmuna kæranda og réttar hennar til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis.

Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 12.000 evrur í miskabætur og 8.598 evrur í málskostnað.

Igors Dmitrijevs gegn Lettlandi

Dómur frá 30. nóvember 2006

Mál nr. 61638/00

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

34. gr. Kærur einstaklinga

Lagaheimild fyrir frelsisviptingu. Kærufrestur. Fangar. Bréfaskipti.

Raunhæf beiting kæruréttar.

1. Málsatvik

Kærandi, Igors Dmitrijevs, er með varanlegt dvalarleyfi í Lettlandi. Hann er fæddur árið 1971 og búsettur í Riga. Í júní 1999 var hann handtekinn vegna gruns um alvarlegt kynferðisbrot og settur í fangaklefa í höfuðstöðvum lögreglunnar í Riga. Að hans sögn var reynt að knýja fram játningu hans með barsmíðum og annarri slæmri meðferð. Þá var honum haldið þar í tímabundinni einangrun við aðstæður sem að hans mati jafngiltu ómannúðlegri meðferð. Að hans sögn var honum ekki færður matur fyrstu tvo dagana í gæslu lögreglu. Þremur dögum eftir handtöku var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald og fluttur í aðalfangelsi borgarinnar. Kærandi lagði tvisvar fram formlegar kvartanir vegna aðstæðna í varðhaldinu en kröfum hans var hafnað í bæði skiptin.

Þrisvar sinnum á tímabilinu 10. febrúar til 15. nóvember 2000 óskaði kærandi eftir því fyrir dómi að honum yrðu heimiluð bréfaskipti við móður sína. Þeim beiðnum var öllum hafnað. Í júlí sama ár leitaði hann einnig heimildar til að taka þátt í trúarsamkomum innan veggja fangelsisins. Því var hafnað af héraðsdómi með vísan til þess að fangelsisfyrirvöld töldu sér ófært að tryggja einangrun fanga á meðan slíkar athafnir stæðu yfir.

Á meðan kærandi sat í gæsluvarðhaldi setti hann sig í samband við Mannréttindadómstólinn þar sem hann hugðist leggja fram kæru. Starfsmenn skrifstofu dómstólsins leiðbeindu honum og sendu honum nauðsynleg fylgiskjöl kæru. Kæranda barst erindið en það hafði verið opnað af fangelsisfyrirvöldum. Í kjölfarið fór hann þess á leit við fangelsisfyrirvöld að sér yrðu afhent afrit gagna úr skýrslum um mál hans. Þessu var hafnað.

Í ágúst 2000 fór kærandi þess á leit við fangelsisfyrirvöld að þau sendu Mannréttindadómstólnum beiðni hans um að málið yrði tekið fyrir. Að hans sögn neituðu fangelsisfyrirvöld að áframsenda hana vegna kostnaðar sem hlytist af því. Einn stjórnenda fangelsisins tjáði honum jafnframt að hann þyrfti að óska heimildar þess héraðsdómara sem tæki mál hans fyrir, áður en hann sendi beiðni sína til Mannréttindadómstólsins.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Í lok febrúar 2001 var kærandi dæmdur til þriggja ára og sex mánaða langrar fangelsisvistar fyrir alvarlegt kynferðisbrot. Niðurstaðan var staðfest hjá áfrýjunardómstól. Áfrýjun kæranda til Hæstaréttar var hafnað. Kærandi var látinn laus í desember 2002.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram í fyrsta lagi að aðstæður varðhalds og gæsluvarðhalds hefðu ekki uppfyllt skilyrði sáttmálans og því hefði verið brotið í bága við 3. gr. hans. Í öðru lagi hélt hann því fram að lagastoð hefði skort fyrir gæslu hans í einangrun á lögreglustöð í kjölfar handtöku og hefði með því verið brotið í bága við 1. mgr. 5. gr. Í þriðja lagi hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. vegna lengdar málsmeðferðar auk þess sem hún hefði ekki verið sanngjörn. Í fjórða lagi hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við rétt hans til bréfaskipta samkvæmt 8. gr. Í fimmta lagi hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við 9. gr. þar sem honum var bannað að taka þátt í trúarlegum athöfnum innan veggja fangelsisins. Í sjötta lagi hélt hann því fram að sér hefði verið mismunað og þar með hefði verið brotið í bága við 14. gr. Að lokum hélt hann því fram að brotið hefði verið í bága við 34. gr. um kærur einstaklinga vegna hindrana á rétti hans til að koma kæru til Mannréttindadómstólsins.

Niðurstaða

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að krafa kæranda samkvæmt 3. gr. væri ekki tæk til efnismeðferðar þar sem hún barst ekki innan 6 mánaða tímafrests samkvæmt 35. gr. sáttmálans. Kröfur kæranda samkvæmt 5., 6. og 14. gr. lýsti dómstóllinn einnig ótækar þar sem þær voru illa grundaðar. Kröfur kæranda samkvæmt 8., 9. og 34. gr. voru hins vegar teknar til efnismeðferðar.

Um 8. gr.: Dómstóllinn benti á að bann við bréfaskiptum kæranda við móður sína teldist takmörkun á rétti hans til bréfaskipta sem verndaður væri af 8. gr. sáttmálans. Sem slík byggði hún á reglum stjórnvalda þar sem tilgreint væri að allar bréfaskriftir fanga við fjölskyldur sínar væru háðar heimild fangelsisyfirvalda hverju sinni. Þar sem engin nánari lýsing væri á valdmörkum yfirvalda við veitingu slíkra heimilda var það mat dómstólsins að sem slík veitti heimildin yfirvöldum of mikið svigrúm við slíka ákvarðanatöku. Einróma álit dómstólsins var því að umræddar reglur samræmdust ekki kröfum sáttmálans og því hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Um 9. gr.: Dómstóllinn benti á að bann við þátttöku í trúarlegum athöfnum innan veggja fangelsisins teldist án efa vera takmörkun á rétti kæranda til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi við aðra, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi eins og kveðið væri á um í 9. gr. sáttmálans. Á þeim tíma sem um ræddi hefðu landslög ekki kveðið á um iðkun trúar fanga á meðan þeir biðu þess að mál þeirra yrði tekið fyrir. Að mati dómstólsins hefði umrædd takmörkun því ekki átt sér lagastoð eins og kveðið væri á um í

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

sáttmálanum. Einróma niðurstaða dómstólsins var að með þessu hefði verið brotið í bága við 9. gr. sáttmálans.

Um 8. og 34. gr.: Hvað varðaði opnun og eftirlit með bréfum dómstólsins til kæranda benti dómstóllinn á að ekki væri mælt fyrir um slíkar aðgerðir í lögum eins og áskilið væri 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Einróma niðurstaða dómstólsins var að með þessu hefði því verið brotið í bága við 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Þá taldi dómstóllinn að synjun yfirvalda um að áframsenda beiðni kæranda til dómstólsins hefði falið í sér hindrun á raunhæfri beitingu kæruréttar einstaklinga. Að vísu gerði sáttmálinn ekki þá kröfu til aðildarríkja að greiða kostnað af bréfaskriftum fanga en efasemdir gætu hins vegar vaknað þegar réttur þeirra til bréfaskrifta væri verulega takmarkaður vegna skorts á fjármagni. Slíkt ætti við í máli kæranda þar sem umrædd beiðni hefði verið eitt nauðsynlegra fylgiskjala kæru eins og kveðið væri á um í reglum dómstólsins. Einróma niðurstaða dómstólsins var að með endurteknum neitunum á að áframsenda beiðni kæranda til dómstólsins hefði verið brotið í bága við 34. gr. sáttmálans.

Hvað varðaði fullyrðingar yfirvalda um að kærandi þyrfti að óska heimildar héraðsdómara áður en hann sendi beiðni sína til dómstólsins þá taldi dómstóllinn staðfest að slíku hefði verið haldið fram. Í ljósi þess að kærandi var berskjaldaður gagnvart yfirvöldum og háður þeim á ákveðinn hátt taldi dómstóllinn þessar fullyrðingar jafngilda hindrun á raunhæfri beitingu réttar samkvæmt 34. gr. Einróma niðurstaða dómstólsins var að með þessu hefði því verið brotið í bága við 34. gr. sáttmálans.

Þar sem kærandi krafðist ekki miskabóta samkvæmt 41. gr. sáttmálans taldi dómstóllinn ekki ástæðu til að dæma honum slíkar bætur.

Roda o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 21. nóvember 2006

Mál nr. 10427/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Svipting forsjár. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda.

1. Málsatvik

Kærendur eru Daniela Roda (f. 1962) og Matteo Bonfatti (f. 1979). Þau koma jafnframt fram fyrir hönd SB (f. 1988). Hún er dóttir Roda og systir Bonfatti.

Í október 1998 tilkynnti M, frænka SB, barnaverndaryfirvöldum að hún, SB og fleiri börn hefðu sætt kynferðislegri misnotkun m.a. af hálfu foreldra sinna, foreldra SB og annarra skyldmenna. Í kjölfarið voru Roda og eiginkona hans svipt forsjá SB og barninu komið fyrir í umsjá barnaverndaryfirvalda. Með dómi sérstaks barnaverndardómstóls var talið að fullyrðingar M um misnotkunina væru á rökum reistar og væru staðfestar með yfirlýsingum þeirra barna sem um væri að ræða. Af þeim sökum var talið nauðsynlegt að koma SB í umsjá utan heimilis síns þar sem grunur léki á að faðir hennar tengdist misnotkuninni auk þess sem móðir hennar virtist ófær um að veita barni sínu æskilega vernd gegn slíku. Einnig var vísað til þess að auk föður SB væru

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

aðrir meðlimir fjölskyldunnar taldir tengjast meintri misnotkun. Þann 12. nóvember 1998 var staðfest með dómsúrskurði að SB skyldi vera í umsjá barnaverndaryfirvalda.

Í febrúar 1999 gekkst SB undir líkamsrannsókn sem staðfesti meinta misnotkun. Á sama tíma hóf sálfræðingur meðferð barnsins. Í júlí 2000 trúði barnið honum fyrir því að hafa sætt kynferðislegri misnotkun af hálfu föður síns og að það hræddist það að vera sent heim til móður sinnar á ný. Umræddar yfirlýsingar dró barnið hins vegar síðar til baka.

Með dómsúrskurði í janúar 2001 var staðfest að barnið skyldi áfram vera í umsjá barnaverndaryfirvalda sem skyldi leitast við að koma því fyrir í umsjá fósturfjölskyldu. Einnig var tekið fram að faðirinn yrði að öllu leyti sviptur heimild til að hafa samskipti við barn sitt og að áframhaldandi takmarkanir skyldu vera á samskiptum móður og barns. Kröfum Bonfatti um heimild til samskipta við systur sína var hafnað með þeim rökum að hann deildi því viðhorfi foreldra sinna að barnið hefði ekki þjáðst. Kærendur áfrýjuðu en án árangurs.

Eftir málaleitan Roda var henni heimilað að hitta barn sitt. Hittust þær í fyrsta sinn í lok mars 2002 auk fjögurra annarra skipta það árið og sex árið 2003. Barnið virtist ekki sýna vilja til að hitta móður sína oftár á ári og árið 2004 lýsti barnið því yfir að það óskaði ekki eftir að flytjast aftur til foreldra sinna. Barnið kaus frekar að hitta móður sína á tveggja til þriggja mánaða fresti. Frá desember 2002 var henni komið fyrir hjá fósturfjölskyldu.

Föðurbróðir SB og 17 aðrir einstaklingar, þar á meðal nokkrir fjölskyldumeðlimir, voru sakfelldir vegna kynferðislegrar misnotkunar gagnvart börnum í júní 2000. Á áfrýjunarstigi var faðir SB hins vegar sýknaður. Sakfelling foreldra M, sem tilkynnt hafði um misnotkunina, var hins vegar staðfest. Sú niðurstaða var staðfest í Hæstarétti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Með því að fjarlægja SB af heimili fjölskyldunnar og vegna þeirra takmarkana sem samskiptum þeirra voru sett í liðlega fjögur ár töldu kærendur að brotið hefði verið í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að ákvörðun um að koma barninu í fóstur hefði verið lögmælt takmörkun á rétti kæranda til friðhelgi fjölskyldulífs og hefði stefnt að því að vernda hagsmuni barnsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Varðandi það að barnið var fjarlægt af heimili sínu og komið fyrir í umsjá annarra taldi dómstóllinn að meðalhófs hefði verið gætt og teldist nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi til verndar heilsu og hagsmunum barnsins. Í ljósi þess hversu flókið málið var og að nánir fjölskyldumeðlimir voru bornir alvarlegum ásökunum taldi dómstóllinn enga ástæðu til að vefengja mat yfirvalda á því að áframhaldandi dvöl á heimili móður væri líklega skaðleg fyrir barnið. Varð það niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans með því að koma barninu fyrir í umsjá barnaverndaryfirvalda.

Varðandi takmarkanir á samskiptum milli barns og kæranda og fyrirkomulag samvasta þeirra benti dómstóllinn á að umsjá barna á vegum barnaverndaryfirvalda yrði að teljast tímabundið úrræði. Því skyldi ávallt haft að leiðarljósi að sameina foreldri og barn sem fyrst.

Dómstóllinn benti á að allar ákvarðanir hefðu verið teknir að vel ígrunduðu máli og að rannsóknarskyldu stjórnvalda hefði verið fullnægt af hálfu sérfræðinga og félagsmálayfirvalda. Hins vegar væri ekki unnt að líta fram hjá því að sá tími sem leið frá því að móðir og barn hófu að hittast á ný hefði leitt til þess að kærendum var ekki kleift að endurvekja náíð samband sitt við barnið. Þrátt fyrir að trega hefði gætt af hálfu barnsins vegna aukinna samskipta við móður var samt sem áður ekki hægt að líta svo á að úrræðin sem gripið var til tækju jafnmikið tillit til hagsmuna barns og hagsmuna kæranda. Einróma niðurstaða dómstólsins var því, að brotið hefði verið í bága við 8. gr. sáttmálans með því að gera kærendum ekki kleift að hitta barnið um langt skeið auk þess sem fyrirkomulag þeirra samskipta sem komið var á hefði verið óásætlanlegt.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kærendum dæmdar 3.000 evrur í miskabætur, hvorum um sig, og alls 6.000 evrur vegna málskostnaðar.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Moskvudeild Hjalpræðishersins gegn Rússlandi

Dómur frá 5. október 2006

Mál nr. 72881/01

Sjá reifun dómsins undir 11. gr.

Trúfélög. Skráning trúfélaga. Félagafrelsi.

Igors Dmitrijevs gegn Lettlandi

Dómur frá 30. nóvember 2006

Mál nr. 61638/00

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Kærufrestur. Fangar. Bréfaskipti. Raunhæf beiting kæruréttar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stefanec gegn Tékklandi

Dómur frá 18. júlí 2006

Mál nr. 75615/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Stjórnvaldssektir. Aðgangur að dómstólum. Mótmæli. Skýrleiki lagaheimildar.

1. Málsatvik

Kærandi, Milan Stefanec, er tékkneskur ríkisborgari, fæddur 1973 og búsettur í Brno. Hinn 22. maí 2000 tilkynnti ónafngreindur maður borgarráði Brno að hann hygðist skipuleggja friðsamlega mótmælagöngu hinn 27. maí til að leggja áherslu á skaðvænleg áhrif umferðar á umhverfið og heilsu borgarbúa. Borgarráð bannaði gönguna á þeim forsendum að hún gæti verið hættuleg fyrir þátttakendur, auk þess sem það væri andstætt almannahagsmunum að loka akstursleiðum vegna göngunnar. Ákvörðun borgarráðs var skotið til héraðsdóms. Gangan fór fram 27. maí en héraðsdómur staðfesti bann borgarráðs daginn eftir, 28. maí. Við mótmælin notaði kærandi gjallarhorn í þeim tilgangi að eiga samskipti við lögreglu, koma áleiðis skilaboðum frá stjórnvöldum og upplýsa mótmælendur um að gangan hefði verið bönnuð en niðurstöðu dómstóla væri að vænta. Hinn 7. september 2000 gerði svæðisráð Brno kæranda að greiða sekt að upphæð u.þ.b. 17,50 evrur þar sem hann hefði brotið gegn lögum um rétt manna til að safnast saman enda hefði kærandi skipulagt mótmælagöngu í leyfisleysi. Kærandi skaut málinu til dómstóla sem vísuðu kæru hans frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að hann gæti ekki fengið sektarákvörðun stjórnvalda endurskoðaða af dómstólum. Jafnframt mótmælti hann sektinni sem stjórnvöld ákváðu. Hann byggði á 1. mgr. 6. gr. og 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að það væri ekki í ósamræmi við sáttmálann að stjórnvöld gerðu mönnum sektir vegna smávægilegra afbrota. Hins vegar væri rétturinn til að vísa slíkum sektum til dómstóla verndaður af 6. gr. sáttmálans. Þar sem kærandi gat ekki vísað ágreiningsmálinu til dómstóla var brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 6. gr.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að við málsmeðferð sína hefðu stjórnvöld sérstaklega vísað til þess sem kærandi hefði sagt meðan á göngunni stóð. Því hefði sektin falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort tékknesk lög væru nægjanlega fyrirsjáanleg varðandi það hvenær maður teldist

10. gr. Tjáningarfrelsi

skipuleggjandi samkomu og hvenær sekta hann fyrir brot á lögum. Dómstóllinn taldi kæranda ekki skipuleggjanda göngunnar í skilningi laganna, heldur hefði hann verið milligöngumaður og nýtt sér tæknibúnað sinn til að koma tilkynningum og skilaboðum áleiðis. Kærandi bað þátttakendur í göngunni ekki um að dreifa sér heldur sagði hann þeim að stjórnvöld hefðu með valdriðslu bannað gönguna. Dómstóllinn taldi tékknesk stjórnvöld því ekki hafa sektað hann vegna þess að hann væri skipuleggjandi göngunnar, heldur vegna þess sem hann sagði við þátttakendur í göngunni. Það var álit dómstólsins að með túlkun sinni á lögum hefðu stjórnvöld rýmkað gildissvið þeirra svo að ómögulegt hefði verið að sjá slíkt fyrir. Þá ættu refsíákvæði að vera skýr varðandi það hvenær refsingar mætti vænta. Dómstóllinn taldi því skilyrði ekki fullnægt, sér í lagi þegar tekið væri tillit til þess að tveimur öðrum mönnum sem sakaðir voru um sams konar brot og kærandi, var ekki gert að greiða sekt. Var það því niðurstaða dómstólsins að 14. gr. laganna um rétt manna til að safnast saman væri ekki nægjanlega fyrirjáanleg eða skýr til að beita mætti henni með þessum hætti gagnvart kæranda.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. og 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 34 evrur í skaðabætur og 1.012 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér fullnægjandi miskabætur.

Monnat gegn Sviss

Dómur frá 21. september 2006

Mál nr. 73604/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Eftirlit með sjónvarpsrekstri.

1. Málsatvik

Kærandi, Daniel Monnat, er svissneskur ríkisborgari, fæddur 1951 og búsettur í Genf. Hann starfar sem fréttamaður hjá svissnesku fjölmiðlafyrirtæki, SSR. Dagana 6. og 11. mars 1997 sýndi SSR heimildarmynd um ástandið í Sviss á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og var kærandi umsjónarmaður þáttarins. Í þættinum var fjallað um söguna eins og hún hefði verið kennd áratugum saman í skólum, þ.e. um hugrekki Svisslendinga, sem þrátt fyrir hlutleysi sitt hefðu verið hliðhollir lýðræðinu, og þar með bandamönnum. Eftir þessa umfjöllun í þættinum var sagan skoðuð frá öðru sjónarhorni. Var því haldið fram að ráðamenn og almenningur í Sviss hefðu aðhyllst öfgasinnaða hægristefnu og viljað nánari tengsl við Þýskaland. Þá var fjallað um fordóma gagnvart gyðingum í Sviss, fjárhagsleg tengsl við Þýskaland og peningaþvætti á fjármunum nasista. Í kjölfar sýningar á sjónvarpsþættinum bárust kærur til kærunefndar sem starfaði á grundvelli svissnesku útvarpslaganna. Hún komst að því að umfjöllunin í þættinum hefði ekki samrýmt hlutleysisreglum fjölmiðlalaga. Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum og krafðist ógildingar á ákvörðun kærunefndarinnar. Þeirri kröfu var vísað frá þar sem niðurstaða nefndarinnar hefði beinst að fjölmiðlafyrirtækinu SSR, en ekki kæranda sem einstaklingi. Síðar hafnaði dómstóllinn kröfu SSR sama efnis, þar

10. gr. Tjáningarfrelsi

sem ekki hefði verið farið að lögum við þáttagerðina. Ekki hefði verið um að ræða umfjöllun um staðreyndir heldur kenningar og ákveðnar hugmyndir. Í myndinni hefði komið fram túlkun á mögulegum tengslum Sviss við Þýskaland, og hefði átt að kynna umfjöllina sem slíka en ekki setja hugrenningar fræðimanna fram eins og staðreyndir.

Í febrúar 2001 tilkynnti SSR kærunefndinni um ráðstafanir sem fyrirtækið hefði gripið til í samræmi til tilmæli nefndarinnar og í kjölfarið lýsti nefndin málinu lokið af sinni hálfu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að svissnesk lög tálmuðu tjáningarfrelsi hans samkvæmt sáttmálanum. Þá hefði niðurstaða nefndarinnar, og síðar dómstóla, falið í sér brot á rétti hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að leitin að sannleikanum í sagnfræði væri þáttur í tjáningarfrelsinu en það væri ekki dómstólsins að skera úr um hver tengsl Sviss við Þýskaland nasismans hefðu verið, heldur heyrði það starf undir sagnfræðinga. Dómstóllinn tók fram að hinn umdeildi sjónvarpsþáttur hefði tekið á mikilvægu málefni, þar sem staða Sviss í seinni heimsstyrjöldinni væri útbreitt umræðuefni en jafnframt mjög umdeilt í Sviss. Þá taldi dómstóllinn ekki að kvartanir nokkurra áhorfenda, sem hefðu undrast eða hneykslast vegna umfjöllunarinnar, réttlættu aðgerðir af þessu tagi. Í þessu tilliti þótti sérstaklega skipta máli að um var að ræða atburði er átt höfðu sér stað fyrir meira en 50 árum.

Dómstóllinn taldi að umfjöllun kærunefndar útvarpslaga og síðar dómstóla fæli í raun sér nokkurs konar ritskoðun af hálfu yfirvalda og væri sem slík líkleg til að letja kæranda, sem og aðra blaðamenn, í því að setja fram þjóðfélagslega gagnrýni. Þá væri ritskoðun af þessu tagi til þess fallin að hamla fjölmiðlum í hlutverki sínu við öflun og miðlun upplýsinga. Gagnvart kæranda birtist ritskoðunin einnig sem lögbann, þar sem honum var meinað að selja myndbönd með hinni umdeildu heimildarmynd.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 3.500 evrur í málskostnað en talið var að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægjanlegar miskabætur.

Klein gegn Slóvakíu

Dómur frá 31. október 2006.

Mál nr. 72208/01

10. gr. Tjáningarfrelsi.

Blaðamenn. Ummæli um trúarleg málefni.

10. gr. Tjáningarfrelsi

1. Málsatvik

Kærandi, Martin Klein, er slóvakískur ríkisborgari, fæddur 1947 og búsettur í Bratislava. Hann starfar sem blaðamaður og kvikmyndagagnrýnandi. Í mars 1997 birti vikuritið Domino Efekt grein eftir kæranda, þar sem hann gagnrýndi erkibiskupinn Ján Sokol en sá síðarnefndi hafði komið fram í sjónvarpi og farið fram á að dreifing kvikmyndarinnar „The People vs. Larry Flint“ yrði stöðvuð. Á þessum tíma var vikuritinu dreift í 8.000 eintökum og var ætlað að höfða til menntafólks. Kærandi lýsti grein sinni sem brandara er fallið gæti í kramið hjá einhverjum úr lesendahópnum. Í greininni birtust lýsingar sem vísuðu til sífjaspells milli háttsetts manns úr röðum kirkjunnar og móður hans. Jafnframt ýjaði höfundur að því að biskup hefði haft tengsl við leynilögreglu kommúnistastjórnarinnar. Að lokum bauð hann kaþólikkum, álitu þeir sig heiðvirða menn, að segja skilið við kirkjuna og lét að því liggja að yfirmaður hennar væri illt forneskjutröll. Í kjölfar birtingarinnar var höfðað refsímál gegn kæranda vegna kæru um að hann hefði vanvirt trúartilfinningar manna. Kærandi var í undirrétti sakfelldur fyrir að hafa með skrifum sínum veist að þjóð, kynþætti og trúarbrögðum og var dæmdur til að greiða sekt. Dómurinn byggði á því að kærandi hefði með móðgunum vegið að æðsta yfirmanni rómversk-kaþólsku kirkjunnar í Slóvakíu og með því misboðið þeim er ástunduðu þá trú. Sér í lagi var litið til áskorana hans til manna um að þeir segðu skilið við kirkjuna. Niðurstaða undirréttar var staðfest af áfrýjunardómstól.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með sakfellingunni hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi sínu og byggði á 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Ólíkt dómstólum í Slóvakíu taldi dómstóllinn ekki sýnt að kærandi hefði með skrifum sínum vanvirt eða gert lítið úr þeim þjóðfélagshópi sem aðhylltist kaþólska trú. Harðorðum skrifum hans hefði einvörðungu verið beint að erkibiskupnum. Þótt sumir úr röðum kaþólskra teldu að sér vegið með skrifunum breytti það ekki þeirri staðreynd að ummælunum var aðeins beint að erkibiskupnum. Þá hefði kærandi hvorki reynt að skerða rétt kaþólikka til að iðka trú sína né veist að trú þeirra sem slíkri. Því taldi dómstóllinn að með tilliti til kringumstæðna í þessu tiltekna máli hefði kærandi ekki átt að sæta refsingu fyrir ummæli sín.

Vegna þessa, og þrátt fyrir ruddalegan og kynferðislegan tón í skrifum kæranda, taldi dómstóllinn ekki sannað að með þeim hefði hann vegið að trúfrelsi annarra með þeim hætti að réttlætti refsiviðurlög. Afskiptin af tjáningarfrelsi kæranda hefðu því ekki verið nauðsynleg í lýðræðislegu samfélagi.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Kæranda voru með vísan til 41. gr. dæmdar 5.210 evrur í málskostnað og 6.000 evrur í miskabætur.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Leempoel o.fl. gegn Belgíu

Dómur frá 9. nóvember 2006

Mál nr. 64772/01

10. gr. Tjáningarfrelsi

Gögn í opinberri rannsókn. Birting persónulegra gagna.

1. Málsatvik

Kærendur eru útgáfufyrirtækið S.A. Editions Ciné Revue með aðsetur í Brussel og ritstjóri tímaritaútgáfu þess, Marcel Leempoel (81 árs), sem er belgískur ríkisborgari og búsettur í Brussel.

Í október 1996 kom belgíska þingið á fót rannsóknarnefnd sem var ætlað að rannsaka framgang sakamálarannsóknar lögreglu og meðferð dómstóla á máli tilgreindra einstaklinga í umtöluðu sakamáli, svokölluðu „Dutroux-máli“. Stjórnandi opinberu rannsóknarinnar, dómarrinn D, gaf nefndinni skýrslu. Að lokinni skýrslutöku óskaði nefndin þess að hann afhenti gögn sem hann hafði meðferðis. Meðal þeirra voru greinilega upplýsingar sem D hafði ekki gert ráð fyrir að láta af hendi, um vörn hans og ráðleggingar lögfræðings um samskipti hans við rannsóknarnefndina. Gögnin voru nefndarmönnum aðgengileg en þeim var hvorki heimilt að afrita þau né hafa þau á brott.

Þann 30. janúar 1997 birti tímaritið Ciné Télé Revue grein með útdráttum úr umræddum gögnum ásamt mynd af D á forsíðu og vakti umfjöllunin mikla athygli. Samdægurs fyrirskipaði héraðsdómur, að kröfu D, að ritstjórinn skyldi, innan þriggja klukkustunda, fjarlægja öll eintök af tímaritinu af sölustöðum að viðlögðum sektum fyrir hvert eintak sem ekki yrði fjarlægt. Einnig var lagt bann við frekari dreifingu viðkomandi tölublaðs tímaritsins. Framangreind niðurstaða var staðfest af dómstól þann 5. febrúar 1997 auk þess sem hún var látin ná til fyrirtækisins í heild sinni, þar sem umrædd gögn hefðu verið trúnaðargögn rannsóknarnefndar þingsins. Birting þeirra hefði brotið í bága við tilhlýðilega málsmeðferð og friðhelgi einkalífs D.

Til tryggingar á greiðslum sekta hafði bankareikningur útgáfufyrirtækisins verið kyrrsettur í janúar 1997. Í september 1997 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að sannanir skorti fyrir því að innköllun blaðsins hefði ekki tekist og voru kyrrsetning og sekt sem lögð hafði verið á það felld úr gildi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Að auki héldu þeir fram að 25. gr. belgísku stjórnarskrárinnar um bann við ritskoðun veitti þeim aukna vernd að þessu leyti. Því kvæði 53. gr. sáttmálans um verndun núverandi mannréttinda á um frekari vernd réttinda þeirra.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að sakfelling kærenda fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra sem kveðið væri á um í lögum og stefndi að einu þeirra markmiða sem kveðið

10. gr. Tjáningarfrelsi

væri á um í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans um vernd mannorðs eða réttinda annarra. Stöðvun á dreifingu ritsins hafði verið byggð á því að það bryti í bága við rétt D til varnar og friðhelgi einkalífs hans. Að auki væru umrædd gögn vernduð sem gögn rannsóknarnefndar þingsins. Dómstóllinn taldi það ekki órökkrétt að telja að réttur viðkomandi til varnar gæti með þessu móti skaðast. Í tengslum við það benti dómstóllinn á að völd rannsóknarnefnda þingsins væru talsverð og að vitnisburður gefinn frammi fyrir slíkri nefnd gæti haft áhrif á stöðu hins yfirheyrða.

Að auki benti dómstóllinn á það að umrædd grein lyti að hagsmunum almennings sem þegar hefðu hlotið mikla umfjöllun. Störf rannsóknarnefndarinnar hefðu hlotið mikla opinbera umfjöllun og stuðlað að frekari umræðu um meðferð lögreglu og dómsvalds á umræddu sakamáli. Hins vegar væri ekki unnt að telja að greinin hefði þjónað almannahagsmunum, þar sem skýrslutökur af D hefðu farið fram í beinni útsendingu og almenningur því verið að fullu upplýstur um það sem þar fór fram.

Að því er varðaði afskipti af einkalífi D taldi dómstóllinn að greinin lyti aðallega að persónu hans og að hún birti meðal annars efni minnispunkta sem væru persónulegir og tengdust ekki almannahagsmunum. Kærendum hefði ekki tekist að réttlæta slíka birtingu. Að auki hefðu umrædd skjöl afhjúpað meginkjarna varnar viðkomandi. Slíkt teldist vera hluti af einkalífi hans og nauðsyn væri á að vernda þær upplýsingar gegn utanaðkomandi afskiptum.

Dómstóllinn taldi að umrædd grein og dreifing ritsins hefði ekki verið þáttur í umræðu er lyti að almannahagsmunum og því hefðu röksemdir belgískra dómstóla að baki ákvörðunum sínum bæði verið viðeigandi og nægjanlegar. Skerðing á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið í samræmi við þau markmið sem leitast væri við að ná og teldist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Einróma niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki nauðsyn á að taka til skoðunar kvörtun kæranda á grundvelli 53. gr. sáttmálans.

Veraart gegn Hollandi

Dómur frá 30. nóvember 2006

Mál nr. 10807/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Lögmenn. Brot á siðareglum. Aganefnd lögmanna.

1. Málsatvik

Kærandi, Christiaan Joseph Willibrord Veraart, er hollenskur ríkisborgari, fæddur árið 1944. Hann er lögmaður.

Í júní árið 2000 var sýnd heimildarmynd í sjónvarpi um konu sem hélt því fram að hún væri fórnarlamb sífjaspells auk þess sem hún bar fjölskyldu sína öðrum alvarlegum ásökunum. Þetta byggði hún á bældum minningum sem henni hefði tekist að rifja upp með aðstoð K sem hún hefði verið til meðferðar hjá í sex ár. Fjölskylda konunnar neitaði ásökunum hennar og leitaði aðstoðar kæranda. Lögðu þau fram kæru á hendur

10. gr. Tjáningarfrelsi

sjónvarpsstöðinni fyrir ærumeiðandi ummæli. Í júní 2002 komust aðilar að samkomulagi um lyktir mála.

Í nóvember 2001 var fjallað um málið í útvarpi og var þar flutt viðtal við kæranda. Lét hann í ljós efasemdir um hæfni K til að starfa með sjúku fólki. Taldi hann K hættulegan og lét í ljós áhyggjur sínar af störfum hans, taldi hann ekki fagmann og á engan hátt geta tengst starfsemi lækna. Einnig velti hann fyrir sér menntun K og hvers eðlis hún væri. Í þættinum var einnig rætt við K sem tilgreindi að hann væri hvorki dávaldur né meðferðaraðili til að lækna sjúkdóma á þann hátt sem kærandi hefði m.a. haldið fram. K taldi hins vegar aðferðir sínar kalla fram raunveruleg atvik úr fortíð fólks og var þess fullviss að sér hefði tekist að aðstoða umrædda konu við að grafa upp sannleikann um fortíð sína.

Í desember 2001 lagði K fram formlega kvörtun við félag lögmannna vegna kæranda og lagði þar m.a. fram gögn um menntun sína. Í október 2003 veitti aganefnd lögmannafélagsins kæranda áminningu þar sem um væri að ræða brot á siðareglum félagsins.

Í mars 2005 tilkynnti K Mannréttindadómstólnum að hann hefði höfðað einkamál vegna málsins en að málsmeðferð væri frestað þar til niðurstaða í máli kæranda lægi fyrir. K neytti ekki réttar síns samkvæmt 2. mgr. 36. gr. sáttmálans til að taka þátt í málsmeðferð sem þriðji aðili. Á grundvelli þess að veikindi konunnar hefðu stigmaglast í kjölfar meðferðar K sem og vegna ummæla hans um sannleiksgildi endurminninga hennar, höfðaði fjölskylda hennar bótamál á hendur K í október 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi bar fyrir sig að niðurstaða aganefndar lögmannafélagsins um áminningu bryti í bága við tjáningarfrelsi sitt samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi engan vafa leika á því að lög mæltu fyrir um takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda og hún stefndi að því að vernda mannorð annarra eins og lýst væri í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Við mat á því hvort takmörkunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi benti dómstóllinn á að lögmennt nytu almennt tjáningarfrelsis. Hins vegar setti eðli starfans þeim einhverjar takmarkanir að þessu leyti og af þeim sökum yrðu þeir ávallt að gæta þagmælsku, heiðarleika sem og virðuleika í framkomu.

Dómstóllinn benti á að í umræddu máli hefði sjúklingur K sakað fjölskyldu sína um alvarleg brot gagnvart sér. Fjölskyldan hefði leitað til kæranda til að leita réttar síns vegna tjóns sem þetta hefði valdið þeim. Kæranda var því heimilt að láta ákveðin ummæli falla opinberlega, jafnvel utan dómsalar, svo lengi sem hann gerði slíkt í góðri trú og í samræmi við það sem siðareglur lögmannna heimiluðu.

Í sambandi við sannleiksgildi ummæla kæranda þá yrði að líta til þess að tengsl voru milli ásakana konunnar og þeirrar meðferðar sem hún hefði notið hjá K og því hefði K aldrei neitað. Einnig væri ótvírætt að K hefði, í sama útvarpsþætti, jafnframt

10. gr. Tjáningarfrelsi

bent á að meðferðin hefði ekki aðeins aðstoðað hana við að kalla fram umræddar minningar heldur einnig við að taka þeim sem raunverulegum og sönnum. Að auki væri dómstólnum ókunnugt um að utanaðkomandi aðili, einhver annar en hún eða K hefði staðfest sannleiksgildi ásakana hennar.

Í ljósi framangreinds og með tilliti til þess hversu alvarlegar ásakanir hennar voru gagnvart fjölskyldunni var það ekki ósanngjarnt að krefjast þess af K að hann sýndi fram á hæfni sína með framvísun prófskírteina. Að öðrum kosti hefði verið ómögulegt að staðreyna sannleiksgildi ummæla kæranda varðandi menntun K og hæfni. Þrátt fyrir þetta var látið hjá líða að gefa K kost á að framvísa umræddum gögnum þar til málið var komið á áfrýjunarstig hjá aganefnd lögmannafélagsins. Þar að auki væri ekki unnt að ráða af úrskurði aganefndarinnar hvort leitast var við að staðreyna hvort K væri í raun veru fær um að staðreyna sannleiksgildi ásakana konunnar með meðferð sinni eða hvort kæranda væri fært að færa sönnur á eða réttlæta ummæli sín. Að mati dómstólsins væri það lágmarkskrafa að framangreint yrði rannsakað ella gæti mat nefndarinnar ekki talist ásættanlegt. Þetta væri eina leiðin til að komast að nægjanlega upplýstri niðurstöðu um það hvort kærandi hefði, með ummælum sínum, brotið í bága við siðareglur félagsins. Að mati dómstólsins byggði aganefnd félagsins ákvörðun sína á ófullnægjandi upplýsingum um staðreyndir. Niðurstaða dómstólsins var að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans. Tveir dómara skilufu séráliti.

Samkvæmt 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.583 evrur í málskostnað.

Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki (nr. 2)

Dómur frá 14. desember 2006

Mál nr. 10520/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Bann við myndbirtingum.

1. Málsatvik

Kærandi er hlutafélagið Verlagsgruppe News GmbH, sem á og gefur út tímaritið News. Félagið er skráð í Austurríki og á lögheimili í Vín.

Þann 2. nóvember árið 2000 birtist grein í tímaritinu News um að G, sem var framkvæmdastjóri þekktis fyrirtækis í vopnaframleiðslu, sætti rannsókn vegna gruns um stórfelld skattsvik. Með greininni birtist mynd af G. Í henni kom fram að húsleit hefði verið gerð hjá honum snemma morguns þann 31. október en grunur léki á að hann hefði ekki greitt skatta af fjárhæð sem samsvaraði nálægt 36 milljónum evra. Einnig kom fram að tímaritið hefði undir höndum bréf frá lögfræðingum G þar sem meðal annars kom fram að reynt hefði verið að myrða hann í Lúxemborg árið 1999. Í greininni voru leiddar að því líkur að tilraunin hefði verið að undirlagi eins viðskiptafélaga G og stæði í tengslum við skattrannsóknir sem félög tengd honum hefðu þurft að sæta. Einnig var því haldið fram að G hefði náin tengsl við í „Frelsisflokk Austurríkis“ (FPÖ).

Í kjölfar birtingarinnar höfðaði G mál gegn kæranda þar sem hann fór fram á lögbannt við myndbirtingum af honum í tengslum við skattrannsóknina sem hann sætti

10. gr. Tjáningarfrelsi

og í tengslum við umfjöllun um fyrrgreinda morðtilraun. Þann 2. desember 2000 staðfesti dómstóll í Vín að kærandi mætti ekki birta myndir af G þar sem fram kæmi að hann hefði framið hin ætluðu skattalagabrot. Þar til endanlegur dómur félli mætti einungis taka fram að hann væri grunaður um slíkan verknað. Hæstiréttur staðfesti lögbannsúrskurð undirréttar, en með þeim formerkjum að bannað væri að minnast á hina umræddu skattrannsókn í tengslum við myndbirtingar af G.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi lögbannið brjóta í bága við tjáningarfrelsi sitt sem verndað væri í 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Í niðurstöðu sinni vísaði dómstóllinn til þess að ákvæði sáttmálans um tjáningarfrelsi tæki ekki aðeins til efnis tjáningarinnar heldur einnig framsetningar hennar og vísaði til dóms í máli Von Hannover gegn Þýskalandi (mál nr. 59320/00) frá 24. júní 2004, þar sem myndbirting féll undir hugtakið tjáning. Þannig ætti ágreiningsefni málsins undir efni 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi að réttur kæranda til tjáningar hefði verið takmarkaður með vísan til lögmætra markmiða, þ.e. verndunar mannorðs annarra. Hins vegar taldi dómstóllinn að austurrískir dómstólar hefðu takmarkað tjáningarfrelsi kæranda með ófullnægjandi rökstuðningi. Þrátt fyrir svigrúm sitt til mats á þessu sviði taldi dómstóllinn að austurrískir dómstólar hefðu farið út fyrir það sem talist gæti „nauðsynlegt“ til þess að vernda hið lögmæta markmið með aðgerðum sínum og ekki gætt meðalhófs við beitingu þeirra. Við mat sitt leit dómstóllinn meðal annars til hlutverks fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi, þess að G væri opinber persóna og að mál hans gæti haft upplýsingagildi fyrir almenning og verið innlegg í þjóðfélagslega umræðu um hlutverk stjórnenda stórfyrirtækja og möguleg spillingarmál sem þeir gætu verið flæktir í.

Enn fremur vísaði dómstóllinn til þess hagsmunamats sem þyrfti að fara fram milli réttar til friðhelgi einkalífs sem tryggður væri í 8. gr. sáttmálans annars vegar og tjáningarfrelsisins sem tryggt væri í 10. gr. hins vegar og vísaði aftur til máls Von Hannover gegn Þýskalandi þar sem fram kom að lítið svigrúm væri til þess að banna algerlega myndbirtingu af opinberum persónum. Dómstóllinn féllst því á að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Á grundvelli 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 1.719 evrur bætur fyrir fjárhagslegt tjón og í 4.363 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Österreichischer Rundfunk gegn Austurríki

Dómur frá 7. desember 2006

Mál nr. 35841/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

34. gr. Kætur einstaklinga

Kæruaðild. Opinber stofnun. Fjölmiðlar. Myndbirtingar.

1. Málsatvik

Kærandi er ríkisrekin austurrísk sjónvarpsstöð í Vín. Þann 13. júlí 1999 sendi kærandi út frétt í kvöldfréttatíma þess efnis að K, leiðtogi tiltekinnar nýnasistahreyfingar (VAPO), hefði fengið reynslulausn úr fangelsi, en þar afplánaði hann dóm vegna brota á lögum um bann við þjóðernissósíalisma. Í fréttinni var einnig getið aðstoðarmanns hans, S, sem hlotið hafði dóm fyrir brot gegn sömu lögum árið 1995 og hafði verið veitt reynslulausn fimm vikum fyrr. Fréttamyndir af S sem teknar höfðu verið í tengslum við réttarhöld vegna brota hans árið 1995 birtust í fréttinni.

S krafðist lögbanns við því að kærandi birti myndir af sér í tengslum við fyrrgreind málaferli, án síns samþykkis, á grundvelli höfundaréttar- og fjölmiðlalaga. Kærandi andmælti þessum kröfum á þeim forsendum að fréttirnar hefðu verið réttar og í samræmi við dómaframkvæmd á þessu sviði sem kvæði á um að slíkt bann væri aðeins heimilt þegar myndbirting af þessu tagi hefði slæmar fjárhagslegar afleiðingar fyrir þá sem myndir birtust af. Þrátt fyrir að slíkar afleiðingar væru hugsanlegar í tilviki S yrði að veita hagsmunum hans sem einstaklings á móti almannahagsmunum. Væru hagsmunir samfélagsins í þessu tilviki ríkari í ljósi þess að stefna VAPO-samtakanna beindist meðal annars að því að umbylta stjórnskipun Austurríkis. Það hefði verið í þágu almannahagsmuna að flytja fréttir af því að tveimur helstu leiðtogum samtakanna hefði verið veitt reynslulausn með stuttu millibili. Dómstóll í Vín féllst ekki á þessi rök kæranda og heimilaði lögbann á myndbirtinguna, meðal annars með vísan til þess að fréttirnar hefðu fyrst og fremst beinst að reynslulausn K en ekki S og að myndbirting yki ekki upplýsingagildi fréttarinnar. Niðurstaða dómstólsins fól í sér að kærandi mátti ekki birta neinar myndir af S samhliða fréttum þess efnis að hann hefði gerst brotlegur við nasistalögin, eftir að honum hafði verið sleppt úr fangelsi á reynslulausn eða afplánað alla refsingu sína. Kærandi vísaði málinu til áfrýjunardómstóls sem staðfesti niðurstöðu undirréttar. Kröfu kæranda um áfrýjun til Hæstaréttar var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að niðurstaða austurrískra dómstóla bryti í bága við tjáningarfrelsið sem honum væri tryggt með 10. gr. sáttmálans. Kærandi taldi jafnframt að lögbann dómstóla við því að aðeins hann birti myndir af S, en ekki aðrir fjölmiðlar, fæli í sér mismunun sem bryti gegn ákvæðum 14. gr. sáttmálans.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meðferðarhæfi kærunnar

Ríkisstjórn Austurríkis mótmælti kærinni með vísan til þess að kærandi gæti ekki sem opinber stofnun talist samtök eða hópur einstaklinga í skilningi 34. gr. sáttmálans og því bæri að vísa kærinni frá. Dómstóllinn tók það ekki til greina og benti á að austurríski löggjafinn hefði tryggt kæranda stjórn í eigin málum og ritstjórnarlegt sjálfstæði. Með vísan til þess uppfyllti kærandi skilyrði 34. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi óumdeilt að ágreiningsefnið félli undir gildissvið 10. gr. sáttmálans. Að sama skapi taldi hann að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið takmarkað í þágu lögmæts markmiðs og í samræmi við lög, enda hefði tilgangurinn verið að vernda réttindi annarra. Dómstóllinn taldi sig hins vegar þurfa skera úr um hvort takmörkunin hefði verið nauðsynleg. Dómstóllinn leit til þess lögbundna hlutverks ríkisútvarpsins að flytja fréttir af pólitískum viðburðum, og vísaði jafnframt til dómafordæma sinna þess efnis að hlutverk fjölmiðla væri að miðla öllum upplýsingum er varði almanna-hagsmuni. Dómstóllinn taldi að sérstakrar varúðar yrði að gæta þegar tjáningarfrelsi um efni af þessum toga væri takmarkað.

Dómstóllinn féllst á að rök hnigju að því að banna myndbirtingar af mönnum sem hafa tekið út sína refsingu fyrir brot sem þeir hafi framið. Við mat dómstóla á þessu efni yrði hins vegar að líta til ýmissa þátta. Að mati dómstólsins lögðu austurrískir dómstólar of mikla áherslu á það hversu langur tími hefði liðið frá því að brotið var framið þar til myndbirtingin átti sér stað, en litu ekki nægilega til annarra þátta eins og hversu alvarlegt brotið hefði verið, gegn hvaða lögum hefði verið brotið og hvert væri pólitískt eðli brotanna. Dómstóllinn taldi einnig skipta máli að öðrum fjölmiðlum en kæranda var frjálst að birta myndir af S í tengslum við umfjöllun um brot hans. Dómstóllinn taldi ljóst að brotið hefði verið gegn ákvæðum 10. gr. sáttmálans þar sem rökstuðningur fyrir niðurstöðu austurrískra dómstóla hefði ekki verið fullnægjandi að þessu leyti.

Í ljósi niðurstöðu sinnar um 10. gr. taldi dómstóllinn óþarft að skoða hvort brotið hefði verið í bága við ákvæði 14. gr. og 10. gr. saman.

Á grundvelli 41. gr. voru kæranda dæmdar 6.711.evrur í bætur fyrir fjárhagslegt tjón auk 17.147 evra í málskostnað.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Moskvudeild Hjalpræðishersins gegn Rússlandi

Dómur frá 5. október 2006

Mál nr. 72881/01

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Trúfélög. Skráning trúfélaga. Félagafrelsi.

1. Málsatvik

Kærandi, Moskvudeild Hjalpræðishersins, starfaði í Rússlandi á árunum 1913 til 1923 og fékk skráningu í Moskvu árið 1992. Árið 1997 tóku ný trúfrelsislög gildi í Rússlandi. Þar var sú skylda lögð á trúfélög, sem starfað höfðu fyrir árið 1997, að sækja um endurskráningu hjá stjórnvöldum. Væri það ekki gert innan þeirra tímamarka sem tilgreind voru í lögnum misstu trúfélög lagalega stöðu sína.

Í ágúst 1999 var kæranda synjað um endurskráningu. Rök dómsmálaráðuneytisins fyrir synjuninni voru þau að stofnfélagar væru ekki nægjanlega margir og að ekki væri sýnt fram á að félagar í deildinni væru löglega búsettir í Rússlandi. Jafnframt var litið til þess að þar sem einungis væri um deild erlends trúfélags að ræða og stofnendur þess trúfélags erlendir þótti kærandi ekki uppfylla skilyrði laganna til endurskráningar.

Kærandi bar þessa ákvörðun undir dómstóla. Við meðferð kærumsálsins komu fram nýjar röksemdir af hálfu dómsmálaráðuneytisins fyrir synjuninni, og ekki mætti heimila skráningu þar sem um hernaðarleg samtök væri að ræða. Sérstaklega var litið til þess að meðlimir klæddust búningum og stunduðu „herþjónustu“. Þá væri ekki lögmætt að nota orðið „her“ í heiti trúfélaga. Dómstóll í Moskvu féllst á þessi rök og tók einnig fram að ekki væri ljóst hver trú eða markmið trúfélagsins væru. Með þessum rökum, svo og vísan til þess að kærandi stefndi að því takmarka bótaábyrgð sína vegna aðgerða félagsmanna sinna væri verið að sniðganga rússnesk lög, staðfesti dómstóllinn ákvörðun ráðuneytisins. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu. Beiðni kæranda um áfrýjun til Hæstaréttar var hafnað.

Á meðan málið var rekið fyrir dómstólum rann út hinn lögmælti frestur trúfélaga til endurskráningar og í september 2001 var Moskvudeild Hjalpræðishersins tekin út af opinberum skrá yfir trúfélög.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með breytingu á lagalegri stöðu sinni hefði verið skertur réttur hans til að rækja trú sína. Kærandi byggði á 9., 11. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók helstu rök rússneska ríkisins til skoðunar, þ.e. hvort meina ætti kæranda um skráningu þar sem um erlend trúarsamtök væri að ræða og þar sem innra

11. gr. Funda- og félagafrelsi

skipulag og trúariðkun kæranda uppfylltu ekki skilyrði rússneskra laga. Hvað varðaði erlendan uppruna kæranda sá dómstóllinn engin rök standa til þess að gera greinarmun á rússneskum og erlendum trúfélögum. Þvert á móti gerðu trúfrelislögin ráð fyrir því að skráð trúfélög gætu lotið erlendri stjórn. Því var það álit dómstólsins að ekki væri heimilt að hafna skráningu á þessum forsendum.

Þá tók dómstóllinn til skoðunar það álit rússneskra dómstóla að ekki væri nægjanlega skýrt hvaða trú félagsmenn kæranda ræktu eða hver væru trúarleg markmið samtakanna. Dómstóllinn tók fram að þegar svo háttaði til væri það í verkahring dómstóla að útskýra gagnvart kæranda hvernig lagaskilyrði um skráningu yrðu uppfyllt. Slíkt hefði ekki verið gert og því ekki hægt að byggja synjun á þessum rökum.

Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort byggja mætti synjunina á þeim rökum að kærandi væri í raun hernaðarsamtök. Þrátt fyrir að meðlimir klæddust einkennisfatnaði og bæru starfsheiti svipað og í hernum væri ekkert sem benti til þess að samtökin aðhylltust ofbeldi eða ógnuðu öryggi ríkisins. Rússneska ríkið hefði ekki vísað í nein gögn eða staðreyndir er styddu höfnun á þessum grundvelli.

Þá tók dómstóllinn fram að á starfstíma kæranda frá árinu 1992 hefði ekkert komið fram sem benti til þess að samtökin sniðgengju eða brytu gegn landslögum. Þá hefði kærandi ekki orðið uppvís að því að vinna að öðru en yfirlýstum markmiðum sínum, þ.e. útbreiðslu kristinnar trúar og góðgerðastarfi. Því hefði ekki verið hægt að rökstyðja synjun með því að kærandi sniðgengi landslög.

Með því að synja kæranda um endurskráningu hefðu rússnesk stjórnvöld ekki gætt að reglum um trúfrelsi og félagafrelsi. Þá hefði jafnræðis og hlutleysis ekki verið gætt, svo sem þeim bar skylda til að gera. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að takmörkun á réttindum kæranda samkvæmt 11. gr. og 9. gr. sáttmálans hefði ekki verið réttlæt看leg og því hefði verði brotið gegn þessum ákvæðum. Ekki væri þörf á að taka 14. gr. sérstaklega til skoðunar.

Með vísan til 41. gr. voru kæranda dæmdar 10.000 evrur í miskabætur.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Ramirez Sanchez gegn Frakklandi

Dómur frá 4. júlí 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 59450/00

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Aðbúnaður fanga. Einangrun. Endurskoðun stjórnvaldsákvörðunar.

Wainwright gegn Bretlandi

Dómur frá 26. september 2006

Mál nr. 12350/04

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Líkamsleit. Fangelsisreglur. Bótaskylda stjórnvalda.

14. gr. Bann við mismunun

Paulík gegn Slóvakíu

Dómur frá 10. október 2006

Mál nr. 10699/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Faðernismál. Úrræði til að fá niðurstöðu um faðerni endurskoðaða.

1. Málsatvik

Kærandi, Jozef Paulík, er ríkisborgari í Slóvakíu, fæddur 1931 og búsettur í Bratislava. Á árinu 1966 átti hann í kynferðissambandi við konu sem fæddi dótturina I 17. desember 1966. Kærandi var árið 1970, þrátt fyrir mótmæli sín, dæmdur faðir barnsins og úrskurðað um skyldu hans til að greiða meðlag með I. Dómstóllinn byggði niðurstöðu sína á vitnisburði og faðernisprófi. Kærandi tók þaðan í frá þátt í framfærslu barnsins. Hann hafði hins vegar engin samskipti við I meðan hún var á barnsaldri enda var móðir hennar andvíg því. Síðar tóku I og kærandi þó upp samskipti, hann aðstoðaði hana fjárhagslega og tengdist henni og fjölskyldu hennar tilfinningaböndum eftir að hún giftist. Árið 2004 kom til deilna milli I og kæranda og í kjölfarið fór I fram á að faðerni hennar yrði rannsakað á ný. DNA-rannsókn leiddi í ljós að kærandi var ekki faðir I. Í kjölfarið hættu I og fjölskylda hennar öllum samskiptum við kæranda. Kærandi vildi fá faðernismálið endurupptekið þar sem hann hefði nú ný gögn undir höndum. Saksóknari Bratislava og ríkissaksóknari tilkynntu honum að það væri ómögulegt þar sem endanleg dómsniðurstaða lægi fyrir í málinu, og því væru engar heimildir til endurupptöku. Kærandi reyndi að höfða mál fyrir stjórnlagadómstól Slóvakíu og byggði á að ekki væru nein lagaleg úrræði til að leiðrétta misræmi á milli lagalegrar

14. gr. Bann við mismunun

stöðu hans gagnvart I og raunverulegrar stöðu hans með tilliti til niðurstöðu DNA-rannsóknarinnar. Þá taldi kærandi að yfirvöld hefðu brugðist skyldum sínum gagnvart honum. Þar sem I væri lagalega séð dóttir hans gæti hann t.a.m. ekki ráðstafað fjármunum sínum að vild með erfðaskrá. Stjórnlagadómstóllinn taldi mál kæranda ekki tækt til meðferðar, sakir þess að yfirvöld hefðu farið að gildandi lögum og einnig vegna þess að ekki hefðu öll úrræði innan almenna dómsskerfisins verið tæmd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir því að hann hefði engin lagaleg úrræði til að hnekkja niðurstöðu faðernismálsins frá árinu 1970. Þar með hefði slóvakíska ríkið brugðist þeirri skyldu sinni að tryggja honum rétt til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu. Máli sínu til stuðnings vísaði hann til 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 13. gr. og 14. gr. sáttmálans. Jafnframt vísaði hann til 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að innlend lagaákvæði veittu kæranda enga möguleika á að vefengja niðurstöðu dóms í faðernismálinu frá árinu 1970. Dómstóllinn féllst á að lög skyldu tryggja lagalega stöðu og öryggi innan fjölskyldna, auk þess að vernda hagsmuni barna. Þó var bent á að dóttir kæranda var tæplega fertug og því ekki háð honum. Enn fremur var litið til þess að I átti sjálf frumkvæðið að DNA-rannsókninni og var ekki mótfallin tilraunum kæranda til að fá faðerninu hnekk. Sú aðstaða að ekki væri mögulegt að samræma lagalegt faðerni og líffræðilegt faðerni virtist því ekki þjóna hagsmunum neins er málið varðaði. Því var það einróma niðurstaða dómstólsins að réttarkerfi Slóvakíu hefði brugðist því hlutverki sínu að tryggja friðhelgi einkalífs kæranda.

Dómstóllinn leit til þess að þegar gert væri ráð fyrir ákveðnu faðerni, en það ekki rannsakað með vísindalegum aðferðum, ættu foreldrar kost á lagalegum úrræðum til að vefengja faðernið. Hins vegar veittu löginn ekkert svigrúm til vefengingar í tilfelli kæranda. Því var það einróma niðurstaða að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 14. gr. sáttmálans þegar hún væri skoðuð með hliðsjón af 8. gr.

Þá var það álit dómstólsins að ekki væri tilefni til að taka til skoðunar aðra þætti kærunnar sem lutu að 6., 8., og 13. gr. og var þeim þáttum hennar vísað frá.

Þar sem brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. og 14. gr. voru honum, með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 1.800 evrur í málskostnað.

14. gr. Bann við mismunun

Burden og Burden gegn Bretlandi

Dómur frá 12. desember 2006

Mál nr. 13378/05

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttarins

Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms.

1. Málsatvik

Kærendur, J.M. (f. 1918) og S.D. Burden (f. 1925), eru breskar systur. Þær eru ógiftar og búa í Marlborough á Englandi.

Kærendur hafa búið saman alla ævi og síðustu 30 árin í húsi byggðu á landi sem þær erfðu eftir foreldra sína. Þær hafa gert gagnkvæma erfðaskrá þar sem þær ánafna hvor annarri öllum eignum sínum.

Gildandi erfðalöggjöf í Bretlandi leiðir til þess að þegar önnur systranna fellur frá mun hin fyrirsjáanlega þurfa að selja húsið til þess að greiða erfðafjárskatt. Samkvæmt breskum lögum um erfðafjárskatt frá 1984 er erfðafjárskattur 40% af eignum arfláta. Það hlutfall er bundið við eignir umfram ákveðið hámark sem er 285.000 pund fyrir skattárið 2006-2007 og 300.000 pund fyrir árið 2007-2008. Í Bretlandi eru eignir sem erfast milli maka í hjónabandi eða staðfestri samvist hins vegar undanskildar þessari skattheimtu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir því að þegar önnur þeirra félli frá þyrfti hin að bera þunga erfðaskattsbyrði, ólíkt eftirlifandi maka í hjónabandi eða staðfestri samvist. Þær töldu að með þessu væri brotið gegn eignarrétti þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann og 14. gr. sáttmálans þar sem þeim væri mismunað að þessu leyti í samanburði við hjón og einstaklinga í staðfestri samvist.

Niðurstaða

Kærendur töldu sig vera í sambærilegri stöðu og hjón og einstaklingar í staðfestri samvist þegar kæmi að greiðslu erfðafjárskatts. Breska ríkið taldi hins vegar að aðstaður þeirra væru ekki sambærilegar þar sem þær væru tengdar fjölskylduböndum á grundvelli ætternis, en ekki vegna ákvörðunar þeirra um að búa saman í löglega formlegu sambandi.

Systurnar töldu hins vegar að konur og karlar gætu almennt valið hvort þau vildu ganga í hjónaband með þeim réttindum og skyldum sem því fylgdi, en það væri val sem þær hefðu ekki vegna skyldleika síns. Þetta varðaði kjarna kæru þeirra, því þrátt fyrir að þær hefðu valið að eyða lífi sínu saman í mörg ár væri ekki svigrúm í breskri löggjöf til þess að viðurkenna samband þeirra á sambærilegum grundvelli og samband fólks í hjúskap eða staðfestri samvist.

14. gr. Bann við mismunun

Dómstóllinn féllst á röksemdir ríkisins í málinu um að undantekning í erfðafjárskattslögum fyrir fólk í hjónabandi eða staðfestri samvist væri í samræmi við það lög-mæta markmið að styðja við sam- eða gagnkynhneigð sambönd með aðgerðum til þess að tryggja fjárhagslegt öryggi eftir lát maka. Sáttmálinn verndar réttinn til hjónabands í 12. gr. auk þess sem dómstóllinn hefur oft komist að þeirri niðurstöðu að kynhneigð falli innan gildissviðs 14. gr. og þannig verði að liggja þungvæg rök til grundvallar mismunun vegna kynhneigðar. Dómstóllinn taldi að ekki væri hægt að áfella ríkið fyrir að vinna að því markmiði að styrkja hjúskaparstofnun í gegnum skattkerfið eða að láta fjárhagslegar úrbætur ná jafnt til einstaklinga í hjónabandi og staðfestri samvist.

Við mat á því hvort meðalhófs hefði verið gætt við að ná hinu lög-mæta markmiði, og þá sérstaklega hvort það hefði verið réttlæt看legt að láta undantekningu erfðafjárskattslaganna ekki ná til systkina sem búa saman leit dómstóllinn bæði til lög-mætis hinna félagslegu markmiða sem lægju að baki og til þess hversu vítt svigrúm til mats ríki hafa á þessu sviði. Dómstóllinn taldi að með vísan til hagkvæmnissjónarmiða þyrftu öll skattkerfi að nota víðtækar flokkanir til þess að greina á milli skattgreiðendahópa. Útfærsla slíks kerfis leiddi óhjákvæmilega til jaðartilvika. Það væri fyrst og fremst verk-efni ríkisins að ákveða hvernig jafnvægi yrði best náð milli þess að ná félagslegum markmiðum og afla ríkistekna. Lög-gjafinn hefði getað undanskilið erfðafjárskatt-skyldu á öðrum grundvelli en gert hefði verið. Til dæmis hefði mátt undanþiggja aðra en eftirlifandi maka, svo sem systkin eða aðra fjölskyldumeðlimi sem byggju saman, með vísan til sjónarmiða um lengd sambúðartíma, hversu náskyldir ættingjarnir væru eða til aldurs annarra fjölskyldumeðlima. Hins vegar var álitafnið í tengslum við sátt-málann ekki um það hvort velja hefði mátt annan mælikvarða í þessum efnun. Álita-efnið var hvort kerfið, sem lög-gjafinn valdi til þess að framfylgja markmiðum sínum með því að greina á milli eftirlifandi maka úr hjónabandi eða staðfestri samvist annars vegar og annarra einstaklinga hins vegar, færi fram úr svigrúmi ríkisins til mats.

Með vísan til málsatvika taldi dómstóllinn að breska ríkið hefði ekki farið út fyrir hið víða svigrúm sitt til mats með því að takmarka undanþágu frá greiðslu erfðafjár-skatts við eftirlifandi maka í hjúskap eða staðfestri samvist, enda væri mismununin réttlæt看leg á hlutlægum grundvelli. Var því ekki brotið gegn 1. gr. 1. viðauka og 14. gr. í máli kæranda.

Þrír dómarrar skiluðu séráliti.

34. gr. Kærur einstaklinga

Igors Dmitrijevs gegn Lettlandi

Dómur frá 30. nóvember 2006

Mál nr. 61638/00

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Lagaheimild fyrir frelsissviptingu. Kærufrestur. Fangar. Bréfaskipti.

Raunhæf beiting kæruréttar.

Österreichischer Rundfunk gegn Austurríki

Dómur frá 7. desember 2006

Mál nr. 35841/02

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Kæruaðild. Opinber stofnun. Fjölmiðlar. Myndbirtingar.

35. gr. Skilyrði þess að mál sé tækt

Markovic o.fl. gegn Ítalíu

Dómur frá 14. desember 2006 - Yfirdeild

Mál nr. 1398/03

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Lögsaga. Alþjóðlegar stofnanir. Utanríkismál. Aðgangur að dómstólum.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Edwards gegn Möltu

Dómur frá 24. október 2006

Mál nr. 17647/04

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Leigunám. Endurgjald. Ákvörðun bóta frestað.

1. Málsatvik

Kærandi, Joseph John Edwards, er ríkisborgari á Möltu og Bretlandi, fæddur 1919 og búsettur í London. Ríkisstjórn Möltu tók íbúðarhús kæranda á Möltu leigunámi árið 1975 í þeim tilgangi að fá húsaskjól fyrir heimilislauða. Vegna þessa fékk kærandi árlegar bætur, að upphæð u.þ.b. 67 evrur vegna íbúðarinnar en ekkert fyrir afnotamissi lóðar eða engis sem fylgdi eigninni.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum. Niðurstaða dómsmálsins var að leigjendurnir hefðu mun ríkari hagsmuni af því að nýta sér eignina heldur en kærandi. Þá hefðu kæranda verið færar leiðir innan stjórnslunnar vildi hann fá leiguna hækkada. Jafnframt töldu dómstólar kæranda hafa sýnt af sér tómlæti en málið var fyrst höfðað tutugu árum eftir að leigunámið átti sér stað.

Kærandi skaut málinu til stjórnlagadómstóls Möltu. Kvörtun hans laut að því að hann hefði í tæp 30 ár verið sviptur afnotarétti að eign sinni og fengið gjald fyrir sem ekki væri í neinu samræmi við markaðsverð fasteignarinnar. Þó að hann ætlaði sér ekki eignina til búsetu væru aðrir möguleikar á því að nýta eignina, sem hefðu í för með sér fjárhagslegan ávinning umfram leigunámsbæturnar. Hinn 25. febrúar 2005 komst stjórnlagadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að leigunámið og bæturnar væru í samræmi við fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði yfir leigunámi því sem gert var í fasteign hans. Byggði hann á 1. gr. 1. samningsviðauka um friðhelgi eignarréttarins.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að með leigunáminu hefði kæranda verið þröngvað til aðildar að leigusamningi. Hann væri því leigusali án þess að geta ráðið nokkru um það hver hefðist við í eigninni og án þess að njóta nokkurra þeirra réttinda sem almennt fylgdu slíkri samningsaðild. Þá var það álit dómstólsins að bætur sem næmu um 6 evrum á mánuði væru ófullnægjandi og ekki í samræmi við hagsmuni kæranda af því að geta nýtt sér eignina.

Dómstóllinn féllst á að það markmið að útvega heimilislásum húsnæði væri í sjálfu sér lögmætt og í þágu almannahagsmuna. Hins vegar hefði ekki nægt tillit verið tekið til hagsmuna kæranda þar sem kostnaðurinn af því að útvega heimilisláusri fjölskyldu húskjól hefði að mestu lent á honum. Því hefði maltneska ríkið lagt óhóflegar byrðar á kæranda. Þá hefði þess ekki verið gætt að taka jafnt tillit til hagsmuna almennings og hagsmuna kæranda af því að geta nýtt sér eignarrétt sinn.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 1. gr. 1. samningsviðauka. Kærandi gerði enga kröfu um málskostnað og dómstóllinn ákvað að fresta ákvörðun um skyldu til greiðslu skaða eða miskabóta þar til síðar.

Burden og Burden gegn Bretlandi

Dómur frá 12. desember 2006

Mál nr. 13378/05

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Skattlagning. Mismunun á grundvelli sambúðarforms.